Í þessari allstöru rannsókn kemur fram verulega mikill munur á milli afkvæmahópanna. Toppurinn hér er Jór 09-674 og er hann með góða yfirburði á báðum þáttum rannsóknar og afgerandi fyrir ómsjarmælingahlutann enda lömbin bæði með feikilega þykkum bakvöðva og frábær lærahold. Þessi hrútur kemur frá Hesti undan Þætti 08-227, sem er af Kveikslínunni og móðurfaðir Jós er Brimill 04-153. Stjaki 08-230 frá Hesti kemur hér einnig með mikla yfirburði líkt og á Gilsbakka í Borgarfirði þar sem hann átti einnig afkvæmahóp og lesa má um á öðrum stað. Sérstaklega eru yfirburðir sláturlambanna undan Staka í mati fyrir gerð sláturlamba með ólíkindum miklir. Staki er sonur Prjóns 07-812. Þriðji hópurinn sem rétt er að nefna er undan Pésa 09-671 en yfirburðir afkvæma hans í rannsókninni eru samt allir fengnir frá ómmælingaþættinum, en lömbin eru mjög vöðvaþykk með prýðisgóð lærahold. Þessi hrútur er undan Púka 06-807, en móðurfaðir hans Oddur 02-942 og næst á móðurhliðinni birtist Stapi 98-866.

Fáskrúðarbakki

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Mímir	06-035	Mímir	04-951	116,1	82,8	99,5	17,9	10,6	7,7	26,5	2,7	17,5
Jökull	07-040	Kækur	03-961	99,4	107,7	103,6	20,1	10,1	8,1	27,8	3,0	17,4
Baugur	07-114	Blettur	05-967	83,2	89,0	86,1	18,8	9,9	8,5	27,4	2,9	17,1
Bjarmi	08-044	Papi	04-964	108,0	77,9	93,0	16,7	9,5	7,3	26,2	2,3	17,3
Dropi	08-045	Dropi	06-998	69,2	91,6	80,4	17,4	8,9	8,5	27,1	2,8	17,1
Naskur	08-046	Massi	07-037	100,8	129,8	115,3	18,8	10,1	8,0	28,0	2,2	17,7
	09-001	Naskur	08-046	111,0	112,5	111,8	19,0	10,0	7,6	28,0	2,6	17,4

Í þessari rannsókn eru ákaflega þroskamikil og fönguleg lömb eins og meðaltalstölur hópanna lýsa vel. Hér eru það feðgar sem skipa sér á toppinn. Hjá Naski 08-046 eru yfirburðirnir nánast allir fengnir frá mjög góðum ómsjarmælingum lambanna sem eru mjög vel gerð en hefðu mátt vera aðeins fituminni. Faðir hans er Massi 07-037 sem var góður sonur Hvels 05-969 en móðurfaðir aftur á móti Mangó 03-948 og næstur á móðurhlið birtist Gráni 01-026, sem var mjög góður hrútur úr hinni landspekktu ræktun í Mávahlíð sem notaður var hér á búinu í nokkur ár. Sonur Nasks hrúturinn 09-001 á þarna gullfallegan lambahóp sem sækir yfirburði í báða þætti rannsóknarinnar en móðurfaðir þessa hrúts var Sómi 04-028.

Hjarðarfell

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Magni	06-730	Ormur	02-933	93,2	81,1	87,2	18,6	9,9	7,4	27,2	2,7	17,5
Dreki	06-734	Tvistur	04-720	61,6	24,7	43,2	16,2	8,6	7,1	26,0	3,4	17,1
Stormur	06-735	Ylur	05-805	88,0	83,9	86,0	16,7	9,5	7,0	27,4	2,3	17,1
Bolti	07-739	Ylur	05-805	88,8	115,5	102,2	16,9	9,8	7,2	28,8	2,9	17,4
Þráður	07-742	Kveikur	05-965	100,0	169,8	134,9	16,5	9,8	6,8	30,1	2,1	17,5
Bogi	08-744	Örvar	04-983	95,1	51,0	73,1	16,2	8,9	6,3	26,2	2,6	17,1
Örvar	08-745	Örvar	04-983	109,0	82,5	95,8	17,3	9,3	6,3	27,0	2,4	17,3
Kvistur	08-748	Raftur	05-966	95,9	127,2	111,6	17,2	9,9	7,1	28,8	2,5	17,6
Lokkur	09-752	Magni	06-730	132,6	75,0	103,8	17,4	10,3	5,9	26,7	2,6	17,4
Skúmur	09-753	Kjói	04-816	109,2	80,2	94,7	18,0	9,9	6,6	26,8	2,8	17,3
Dalur	09-754	Bogi	04-814	123,1	112,2	117,7	17,9	10,3	6,5	28,4	2,7	17,3
Klettur	09-755	Kveikur	05-965	98,9	113,3	106,1	16,0	10,3	7,1	28,6	2,6	17,5
Kjarni	09-756	Kveikur	05-965	117,7	134,7	126,2	17,7	10,8	6,9	29,3	2,6	17,5
Toppur	09-757	Kvistur	08-748	85,7	117,5	101,6	18,7	9,9	7,7	28,8	2,5	17,2
Bónði	09-758	Klaufi	08-750	106,8	86,9	96,9	17,6	11,0	7,5	27,3	2,3	17,4

Ætíð er hin umfangsmikla rannsókn á þessu búi skoðuð af gaumgefni enda um að ræða eitt af grunnbúum ræktunarstarfsins í landinu á undanförunum áratugum. Nú virðist koma fram nokkur hópur af mjög athyglisverðum ungum hrútum en því miður eru nokkrir þeirra þegar fallnir vegna slysfara. Ein mælistika á framfarir er að Magni 06-730 sem þarna hefur sýnt mikla yfirburði á undangengnum árum heldur ekki lengur í við yngstu hrútana. Þráður 07-742 sýnir eins og áður mjög mikla yfirburði, en þeir eru að þessu sinni allir komnir frá ótrúlegum yfirburðum úr ómsjarmælingunum, en þetta er einn margra snillinga undan Kveiki 05-965 en á móðurhlið er Lóði 00-871 næstur stöðvarhrúta. Kjarni 09-756 sem var samfeðra Þræði á þarna fádæma glæsilegan hóp og kjötmat sláturlambanna stórglæsilegt, en móðurfaðir hans var Þrúður 05-728 sem þarna var topphrútur til fjölda ára og næstur á móðurhliðina birtist síðan Moli 00-882. Því miður er þessi öflugur kynbótahrútur þegar fallinn. Þá koma þarna gríðarlega athyglisverðir kollóttir hrútar. Dalur 09-754 skilar afburðagóðum kjötmatsniðurstöðum og auk þess er þarna kollóttur hrútur sem er að skila ómsjarmælingum sem standa fyllilega á sporði

þeim mælingum hjá hyrndu hrútunum. Þessi hrútur er sonur Boga 04-814, en móðurfaðir Magni 06-730 og móðurmóðurfaðir Bósi 01-701. Að lokum skal bent á Lokk 09-752 sem því miður er fallinn en hann var að skila stórglæsilegum kjötmatsniðurstöðum hjá sláturlömbum og undan honum var mikið af ákaflega álitlegum hrútlömbum í lambahópnum í haust en sjálfur var Lokkur svartfleckóttur að lit og undan Magna 06-730, sem mótar mjög orðið kollótta féð á búinu.

Hofsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	05-222	Hylur	01-883	82,9	97,7	90,3	16,7	9,2	7,9	26,7	2,7	17,4
	05-225	Virki	02-941	118,3	131,0	124,7	15,6	9,3	6,2	28,3	2,5	17,5
	07-236	Fróði	04-963	114,6	82,9	98,8	15,7	9,6	6,7	26,2	2,5	17,2
Tinni	08-241	Raftur	05-966	115,9	114,9	115,4	15,1	8,8	6,0	26,8	1,8	17,4
Kolbeinn	08-242		07-233	64,2	84,7	74,5	15,5	8,5	7,6	26,0	2,3	17,1
Andrés	09-244	Kveikur	05-965	113,2	121,9	117,6	15,9	10,1	6,8	27,4	2,1	17,4
Guffi	09-247	Þróttur	04-991	110,9	79,3	95,1	15,3	8,8	6,2	25,3	2,4	17,4
Bogi	09-248	Púki	06-807	129,3	126,3	127,8	13,9	8,5	5,0	27,7	2,1	17,3
Rap	09-250		07-236	101,3	100,8	101,1	15,5	9,5	7,0	26,5	2,1	17,3
Rup	09-251		05-225	97,1	100,5	98,8	14,4	8,8	6,5	26,8	2,3	17,2

Hér kemur fram mikill og skýr munur á milli afkvæmahópanna í rannsókninni. Bogi 09-248 kemur þarna með hæsta heildareinkunn og koma yfirburðir nokkuð jafnt frá báðum meginþáttum rannsóknarinnar en afkvæmi hans eru mjög vel vöðvuð og mjög fitulítill en samt verður að horfa til þess að þau eru talsvert léttari en undan öðrum hrútum í rannsókninni og þess vegna mögulegt að talsvert miklar leiðréttingar á tölunum geti raskað samanburði eitthvað. Þessi hrútur er sonur Púka 06-807 en móðurfaðir hans Bjarmi 04-219 var undan Abel 00-890. Hrútur 05-225 hefur oft áður sannað sig í rannsóknum á búinu sem afbragðsgóður lambafaðir og gerir það enn einum sinni en hann er sonur Virka 02-941 sem héðan kom á sínum tíma en móðurfaðir hans var Hjarri 00-696. Andrés 09-244 á þarna mjög vel gerðan lambahóp með sérstaklega góða vöðvafyllingu en þetta er sonur Kveiks 05-965 og móðurfaðir hans Bessi 02-222, en Andrés er sjálfur svartur að lit. Að lokum skal nefna lömb undan Tinna 08-241 en hann skilar nú enn meiri yfirburðum hjá afkvæmum sínum en á síðasta ári en þetta er einn toppanna undan Rafti 05-966 en móðurfaðir hans 05-222 var sonur Hyls 01-883.

Kverná

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ottar	06-293	Sprettur	05-389	146,4	106,2	126,3	16,0	10,1	6,0	25,9	2,1	17,4
Fróði	07-262	Partur	05-290	83,4	42,8	63,1	16,4	8,6	6,9	22,9	3,1	16,9
Dropi	08-263	Dropi	06-998	95,6	152,3	124,0	16,2	9,6	7,2	28,1	2,5	17,6
Askur	08-264	Raftur	05-966	113,5	93,6	103,6	15,5	9,6	6,5	25,6	2,6	17,3
Smær	08-266	Ottar	06-293	124,1	92,9	108,5	16,0	9,6	6,3	25,4	2,4	17,1

Visst ósamræmi er á milli niðurstöðu meginþátta rannsóknarinnar hjá sumum hrútanna. Óttar 06-293 er að skila feikilega góðum kjötmatsniðurstöðum hjá afkvæmum sínum en þessi hrútur er fenginn frá Óttari Sveinbjörnssyni á Hellissandi undan Sprett 05-389, sem var feikilega góður sonur Hyls 01-883 en móðurfaðir þessa hrúts er Baugur 02-032 í Mávahlíð. Dropi 08-263 gefur feikilega mikla yfirburði í ómsjarmælingum hjá afkvæmum sínum en hann er sonur Dropa 06-998.

Bjarnarhöfn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Drjólí	06-070	Drellir	04-044	98,1	76,8	87,5	16,2	8,6	6,4	24,3	2,7	17,0
Kóngur	06-074	Dregill	03-947	114,5	101,9	108,2	14,6	8,5	5,6	25,3	2,8	17,4
Kuldi	07-080	Frakksso	03-974	114,9	83,1	99,0	16,4	8,6	5,9	24,6	2,9	16,9
Sambó	08-004	Sómi	05-601	99,0	90,3	94,7	15,4	8,2	6,0	25,0	2,9	17,0
Krummi	08-006	Villingur	06-068	95,5	99,3	97,4	16,1	8,5	6,4	25,0	2,4	16,9
Flottur	08-008	Örvar	04-983	104,4	119,2	111,8	15,3	7,9	5,6	25,6	2,3	17,2
Kölski	08-012	Blakkur	07-350	113,5	104,8	109,2	14,9	8,7	5,8	25,6	2,8	17,1

Í þessari rannsókn er heildareinkunn hæst hjá Flottum 08-008 en mest af yfirburðum afkvæma hans koma frá ómsjarmælingunum en þau eru einnig mjög fitulítill. Hrútur þessi er sonur Örvars 04-983 og meira af Heydalsárblóði vegna þess að Ormur 02-933 er móðurfaðir hans. Kölski 08-012 er að skila mjög góðu kjötmati hjá sláturlömbunum en þessi hrútur er frá Álftavatni undan Blakki 07-350 sem er afbragðsgóður sonur Kveiks 05-965 sem þar hefur verið í notkun síðustu árin.

Dalasysla

Dunkur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Frakkur	07-287	Frakksson	03-974	89,3	69,9	79,6	17,2	8,6	6,5	26,4	2,6	17,4
Akkur	07-289	Frakksson	03-974	119,4	93,2	106,3	16,6	9,0	5,8	26,2	3,2	17,2
Gári	07-290	Erpur	01-919	79,8	89,4	84,6	16,6	8,4	6,6	26,3	3,9	17,2
Öngull	08-297	Raftur	05-966	107,8	122,0	114,9	16,7	9,0	6,2	25,6	3,0	17,2
Bassi	09-301	Spakur	08-289	102,1	93,2	97,7	16,3	8,7	6,1	25,8	3,3	16,8
Engill	09-305	Bogi	04-814	122,6	101,8	112,2	16,0	8,8	5,5	25,1	3,8	17,2

Öngull 08-297 sýnir mikla yfirburði í ómsjarmælingahluta rannsóknarinnar og afkvæmi hans proskamikil og vel gerð. Þetta er blendingshrútar eins og Kjartan hefur oft aðeins verið að nota þar sem hann er sonur Rafts 05-966 en Ægir 01-916 er móðurfaðir hans. Engill 09-305 skilar mjög hagstæðum kjötmatsniðurstöðum hjá sláturlömbunum sem vart kemur að óvart með hliðsjón af ætterni hans en hann er undan Boga 04-814 og móðurfaðir hans Glæsir 98-876 og næstur birtist Dalur 97-938 á móðurhliðinni.

Vífildalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Háll	06-450	Áll	00-868	102,3	103,8	103,1	15,6	8,3	6,1	25,0	2,2	17,0
Gormur	06-451	Ormur	02-933	94,4	88,4	91,4	14,5	7,4	5,6	24,3	2,0	16,5
Greppur	07-455	Erpur	01-919	90,9	95,8	93,4	15,8	8,5	6,6	24,7	2,3	16,9
Kostur	08-461	Spakur	03-976	121,4	86,5	104,0	15,9	8,7	5,9	24,0	1,9	16,7
Jötunn	08-462	Jón Páll	04-990	84,2	118,5	101,4	15,7	8,6	6,8	25,4	1,7	17,0
Lalli	08-463	Lykill	03-977	80,5	74,4	77,5	15,9	9,0	7,2	23,6	2,5	17,1
Tvinni	08-464	Þráður	06-996	100,6	128,5	114,6	15,2	8,3	6,1	26,3	1,7	16,9
Þrífótur	08-467	Örvar	04-983	113,4	112,3	112,9	15,4	8,4	5,8	25,3	2,1	16,8
Máni	08-680	Bifur	06-994	93,4	112,4	102,9	16,3	8,7	6,7	25,5	2,1	16,9
Gullkollur	09-442	Mókollur	03-978	99,6	80,2	89,9	15,2	8,4	6,2	24,0	2,4	16,9
Ís	09-444	Kaldi	03-989	112,0	102,8	107,4	14,8	8,4	5,7	24,8	1,8	17,0
Dillirófa	09-446	Bogi	04-814	102,8	93,1	98,0	15,8	7,6	5,6	24,1	1,7	16,8
Vambi	09-449	Kveikur	05-965	92,5	100,1	96,3	15,8	8,5	6,6	25,1	2,4	16,9

Í allstórri rannsókn hér stendur efstur í heildareinkunn Tvinni 08-464 en yfirburðirnir hjá honum koma allir í ómsjarmælingahluta rannsóknarinnar. Þetta er einn hrútanna sem komu undan Þræði 06-996 árið sem hann var í notkun á stöð en móðurfaðir þessa hrúts Moli 00-454 var undan Mola 93-986. Þrífótur 08-467 kemur með yfirburði sinna lamba bæði úr lífilli fitu og ómsjarmælingunum en hann er sonur Örvars 04-983 og meira ættaður frá Heydalsá þar sem móðurfaðir hans Dallur 02-463 var sonur Bola 99-874.

Bær

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	06-131	Áll	00-868	99,4	114,5	107,0	15,6	9,1	6,8	25,6	1,7	17,0
Toppur	08-122	Kroppur	05-993	99,6	104,8	102,2	16,9	10,0	7,7	25,9	2,3	17,0
Oddur	08-123	Gaddur	04-950	107,2	92,8	100,0	16,1	9,7	7,1	25,2	2,0	16,9

Kraftur	08-124	Raftur	05-966	108,4	109,5	109,0	16,8	9,2	6,9	25,6	1,7	17,1
Hnykill	08-126	Lykill	03-977	110,8	97,6	104,2	15,9	8,7	6,3	25,0	1,9	16,9
Blær	09-128	Toppur	08-122	94,4	94,8	94,6	16,2	9,8	7,6	25,4	2,3	17,3

Í þessari rannsókn er ekki afgerandi munur á hópunum en besta útkomu sýna samt lömbin undan Krafti 08-124 sem sýna yfirburði um flesta þætti í rannsókninni. Þetta er hrútur Hestsættar eins og margir þar sem hann er undan Rafti 05-966 og móðurfaðir hans Búi 98-124 var undan Bjálfa 95-802.

Neðri-Hundadalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Salómon	06-339	Rektor	00-889	53,6	81,3	67,5	15,2	7,6	6,7	23,8	3,2	16,6
Prúður	07-152	Desi	05-157	104,6	58,4	81,5	14,9	8,7	5,8	22,4	3,7	16,8
Pakki	07-155	Kveikur	05-965	101,8	134,6	118,2	15,2	7,9	5,5	25,4	2,7	17,0
Shrekson	09-141	Shrek	05-817	91,5	90,0	90,8	17,0	8,7	6,8	24,0	3,5	16,8
Árbær	09-145	Ási	05-121	86,2	119,8	103,0	15,7	8,2	6,5	25,2	2,9	17,0
Vinur	09-150	Bogi	07-544	124,4	122,0	123,2	14,4	8,1	4,6	25,7	3,1	17,3
Júri	09-151	Bogi	07-544	94,7	106,2	100,5	14,0	7,2	5,0	24,5	3,0	16,9

Vinur 09-150 sem hér skipar toppsætið á lömb sem eru þrýðilega vel vöðvafyllt og með ólíkindum fitulítil en heldur undir meðaltali í þungasamanburði. Þessi hrútur kemur frá Haukatungu undan Boga 07-544 sem var úrvalshrútur þar undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir Vinar var Frosti 00-511 sem var sonur Prúðs 94-834. Pakki 07-155 sækir alla sína yfirburði í ómsjarmælingahluta rannsóknarinnar þar sem hann ber mikið af hinum hrútunum. Þessi hrútur sem er undan Kveiki 05-965 kemur frá Kaðalsstöðum 2.

Skörð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-065	Busi	03-946	100,8	125,5	113,2	15,9	8,9	6,4	28,1	2,6	17,4
	07-069		05-065	110,5	128,4	119,5	16,1	9,6	6,6	28,4	2,8	17,6
	08-052	Spakur	03-976	117,8	47,8	82,8	16,0	8,9	5,9	26,9	3,1	17,5
Dropi	08-052	Papi	04-964	98,7	89,3	94,0	16,0	9,4	6,8	24,8	2,9	17,3
	08-054	Raftur	05-966	125,4	87,9	106,7	16,0	8,8	5,7	26,4	2,1	17,3
	08-060	Glær	04-053	116,8	142,3	129,6	15,3	10,2	6,8	28,8	3,1	17,7
	08-061	Durgur	06-056	95,4	125,7	110,6	15,7	9,9	7,2	27,9	2,6	17,5
Móflekkur	08-065	Blettur	05-967	58,7	72,1	65,4	16,3	8,4	7,3	26,5	3,6	17,3
	09-061	Mókollur	03-978	97,4	51,8	74,6	15,8	9,2	6,7	25,5	3,1	17,0
	09-062	Kaldi	03-989	87,7	81,5	84,6	16,3	9,1	7,0	26,6	2,9	17,3
	09-063	Kveikur	05-965	99,2	86,1	92,7	16,7	9,8	7,1	26,1	2,2	17,3
	09-064	Púki	06-807	74,9	100,1	87,5	17,4	10,2	8,3	27,2	2,7	17,4
	09-065	Dökkvi	07-809	90,1	109,9	100,0	15,8	9,4	7,1	28,0	3,3	17,6
	09-066		08-054	119,0	117,1	118,1	17,9	10,0	6,6	27,6	2,4	17,4
	09-067		08-054	114,6	130,9	122,8	16,7	9,3	6,2	28,2	2,2	17,5

Hér er mikill og skýr munur á hópunum í rannsókninni. Hæsta heildareinkunn fær hrútur 08-060 en lömbin undan honum eru ákaflega vel vöðvafyllt og vel gerð, helst að þungasamanburður sé honum aðeins í óhag. Faðir hans var Glær 04-053 undan Áli 00-868 en móðurfaðir Gælir 04-055 sem var sonur Spaks 00-909 sem vel hefur ræktast út frá hér á búinu. Hrútur 07-069 sem einnig sýndi

prýðisútkomu á síðasta ári á þarna mjög góðan lambahóp, sem sækir kosti til allra eiginleikanna, en þetta er sonarsonur Hyls 01-883 og dóttursonur Lása 02-944. Síðan eru þarna tveir veturgamlir hrútar með úrvalsgóða lambahópa en þeir eru hálfbræður undan Raftssyninum (05-966) 08-054, sem efstur stóð á síðasta ári og mætir einnig nú með góðan lambahóp. Hrúturinn 09-067 sækir heldur meira af sínum yfirburðum í ómsjarmælingarnar en þessi hrútur er af móðurlínu skyldri þeirri sem stendur að baki 08-060. Lömbin undasn hrúti 09-066 eru mjög þroskamikil og yfirburðir þeirra í kjötgæðum koma jafnt frá báðum meginþáttum rannsóknarinnar. Þessi hrútur eins og margir hinna rekur sig fljótt í móðurætt til Spaks 00-909.

Stóra-Vatnshorn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-014	Lómur	02-923	110,2	119,6	114,9	17,1	10,1	6,8	28,1	3,0	17,5
	07-015	Kveikur	05-965	84,4	109,0	96,7	16,5	9,4	7,0	27,7	2,9	17,5
	07-017	Kveikur	05-965	107,9	118,7	113,3	17,6	9,7	6,6	27,8	2,5	17,5
	07-403		05-005	89,5	61,4	75,5	16,6	9,6	7,0	26,2	3,3	17,5
	08-019	Þráður	06-996	86,5	100,0	93,3	17,4	9,5	7,1	27,1	2,6	17,5
	08-021	Bobbi	04-962	79,6	102,1	90,9	16,1	9,7	7,4	27,2	2,6	17,5
	08-022	Raftur	05-966	115,9	145,4	130,7	17,4	10,0	6,6	29,2	3,1	17,7
	09-026	Þróttur	04-991	102,8	98,7	100,8	17,4	10,1	7,0	26,9	2,3	17,3
	09-028	Kveikur	05-965	112,3	101,1	106,7	17,0	9,5	6,3	27,1	2,6	17,6

Hér eru lambahópar með þroskamiklum og föngulegum lömbum eins og oft áður. Kraftur 08-022 er langhæstur hrútanna í heildareinkunn enda lömbin að öllu leyti mjög glæsileg þó að bakvöðvapykktin telji langsamlega mest í niðurstöðunum. Þetta er einn fjölmargra sona Rafts 05-966 en móðurföðurfaðir hans er Ljóri 95-828. Sómi 07-014 færir enn einum sinni sönnur á að hanna er feikilega sterkur lambafaðir með glæsilegum lambahópi, en þessi hrútur er undan Lómi 02-923 og hann á einnig Ljóra 95-828 að móðurföðurföður eins og Kraftur þó að það sé sitt hvor hrúturinn þar að baki. Þá eru lömbin undan hrúti 07-017 mjög kostamikil en þetta er einn ótalmargra toppanna undan Kveiki 05-965.

Vatn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-096	Huli	06-115	111,0	86,1	98,6	17,3	9,7	6,8	26,6	2,8	17,6
Hnallur	08-084	Hnallur	02-138	101,4	105,6	103,5	18,2	10,6	7,7	27,5	2,4	17,7
Fúsi	08-085	Raftur	05-966	125,6	126,6	126,1	18,4	11,6	7,7	28,8	2,8	17,9
Svalur	08-088	Valur	06-151	89,6	149,6	119,6	17,8	10,4	7,9	30,1	3,3	17,7
Prestur	08-089	Hnoðri	06-449	79,3	78,9	79,1	18,0	10,4	8,2	26,8	3,1	17,6
Bárður	08-091	Ylur	06-152	98,8	82,6	90,7	17,3	10,5	7,7	26,7	2,7	17,4
	09-091	Ylur	05-805	94,0	98,5	96,3	17,9	10,4	7,8	27,7	3,2	17,6
	09-092	Garður	05-802	115,8	96,4	106,1	17,7	10,2	7,0	27,2	2,6	17,5

Hér eru í rannsókninni gríðarlega þroskamikil og vel vöðvafyllt lömb en sum aðeins feit eins og eðlilegt er við þennan vænleika. Fúsi 08-085, sem átti glæsihóp haustið 2009, mætir nú til leiks með enn öflugri lambahóp og sýna afkvæmi hans feikilega mikla kosti í öllum eiginleikum. Hrútur þessi er fenginn frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði og er undan Rafti 05-966 en móðir hans er fædd á Hagalandi undan Fróða 04-963 og móðurfaðir hennar Lóði 00-871. Þá á Svalur 08-088 þarna lambahóp sem sýnir ótrúlega mikla yfirburði í bakvöðvapykkt en lömbin aðeins í feitari kantinum. Hinn þykki bakvöðvi

kemur tæpast að óvart út frá ætterni en hrútur þessi kemur frá Hagalandi og er sonur Vals 06-151, sem er sonur Fróða 04-963 og hefur verið einn aðal kynbótahrútur þar á búinu síðustu árin.

Gillastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Montinn	07-185	Spakur	03-976	84,6	61,0	72,8	15,0	8,4	6,6	23,8	3,5	16,6
Kaktus	07-187	Reki	05-339	99,4	113,5	106,5	16,6	9,0	6,8	25,6	2,5	17,1
Mundi	07-188		06-119	87,6	87,6	87,6	15,7	8,5	6,7	24,9	3,4	16,8
Rap	08-181	Massi	05-340	114,0	67,1	90,6	15,5	8,9	6,1	24,0	3,3	16,9
Drífandi	08-182	Toppur	07-009	89,4	87,4	88,4	15,7	8,6	6,7	24,8	3,6	17,1
Humall	08-183	Klútur	04-409	91,0	38,7	64,9	16,3	8,4	6,6	23,3	4,6	16,7
Hálmur	08-184	Neisti	06-822	109,3	103,9	106,6	15,4	8,7	6,1	25,4	3,2	16,8
Blævar	08-186	Vöðvi	06-820	101,0	88,2	94,6	15,4	8,6	6,3	24,7	3,4	16,9
Gestur	08-188	Gutti	04-077	111,9	80,3	96,1	15,7	8,6	6,0	24,0	2,9	17,0
Þristur	08-190		07-601	91,9	98,5	95,2	15,5	8,6	6,6	25,3	3,3	16,8
Fantur	09-180	Freyðir	07-810	103,1	107,5	105,3	15,6	8,8	6,4	26,2	3,8	17,0
Lilli	09-181	Roði	05-507	106,4	130,0	118,2	14,8	8,7	6,1	26,5	2,7	17,2
Ari	09-193	Dökkvi	07-809	93,1	166,3	129,7	14,9	8,5	6,4	28,1	2,7	17,3
Valdasteinn	09-194	Prjónn	07-812	94,3	129,1	111,7	14,3	8,1	6,0	26,5	2,8	17,5
Geir	09-196	Hrói	07-836	115,3	131,5	123,4	15,0	8,8	5,9	27,0	2,7	17,1

Hér er ein af stærri rannsóknunum á þessu svæði og það sem er jákvæðast við niðurstöðurnar er að þarna eru nokkrir hrútar úr hópi þeirra yngstu sem fara með vinninginn. Ari 09-193 er að sýna ótrúlega mikla yfirburði í bakvöðvamælingum lambanna þó að þeir yfirburðir skili sér varla eins vel og æskilegt væri í kjötmatsniðurstöðum. Þessi hrútur er fenginn úr Ytri-Fagradal og er sonur Dökkva 07-809. Geir 09-196 sýnir mjög skýra og afgerandi yfirburði hjá sínum afkvæmum fyrir nánast alla eiginleika, en þessi hrútur kemur frá Geirmundarstöðum undan Hróa 07-836 og móðurfaðir hans Ljúfur 05-968 og Snúður 00-911 er síðan móðurmóðurfaðir. Lilli 09-181 á þarna góðan lambahóp þar sem stærri hluti yfirburðanna kemur frá ómsjárhluta rannsóknarinnar en þessi hrútur kemur frá Skjaldfönn og er undan þeim mikla kynbótahrút Roða 05-507, sem hefur verið notaður á Skjaldfönn síðan búskapur lagðist af í Hafnardal þaðan sem hann kom frá.

Hróðnýjarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Megas	06-525	Massi	05-340	95,6	72,1	83,9	14,6	8,1	6,0	25,5	3,1	16,9
Neró	07-530	Kveikur	05-965	117,8	91,5	104,7	14,6	8,7	5,8	26,0	2,7	17,1
Gosi	07-533	Jónsi	06-523	85,3	98,9	92,1	13,0	7,1	5,6	26,2	2,6	17,1
Péturpan	07-534	Óðinn	06-403	77,4	79,6	78,5	15,1	8,3	6,7	26,1	3,5	16,9
Mimir	07-535	Partur	99-914	94,3	121,0	107,7	15,6	7,9	6,1	27,2	2,6	17,0
Dalur	07-538	Bogi	04-814	93,0	55,7	74,4	16,0	8,1	6,3	25,3	3,2	16,9
Spotti	07-539	Kveikur	05-965	97,8	145,7	121,8	16,0	8,6	6,5	27,4	2,2	17,4
Melur	08-533	Reki	05-339	107,1	98,8	103,0	14,7	8,3	5,8	26,2	2,6	17,0
Geir	08-534	Spotti	07-539	90,6	76,2	83,4	14,4	8,0	6,1	25,5	3,0	16,9
Feldur	08-536	Gráni	03-957	103,4	86,9	95,2	14,7	8,7	6,2	25,7	2,8	17,0
Grani	09-521	Geir	08-534	76,6	121,3	99,0	15,4	7,9	6,7	27,2	2,3	17,2
Práður	09-522	Spotti	07-539	88,0	113,9	101,0	14,1	8,0	6,1	27,4	3,1	17,2
Seðill	09-523	Gróði	07-524	100,4	110,3	105,4	15,4	8,4	6,2	26,7	2,6	17,1
Kópur	09-524	Selur	08-532	107,4	119,7	113,6	15,6	8,2	5,9	27,1	2,7	17,4
Golíat	09-525	Herkules	06-522	97,4	116,4	106,9	14,6	8,0	5,9	26,9	2,4	17,0

Jökull	09-526	Fannar	07-808	108,5	111,3	109,9	14,1	7,8	5,3	27,1	2,6	16,8
Manni	09-532	Kveikur	05-965	115,7	109,3	112,5	15,3	8,9	6,0	26,7	2,6	17,3

Hér er Spotti 07-539 eins og á síðasta ári í toppsætinu með heildareinkunn í stórrí rannsókna. Að þessu sinni koma yfirburðirnir að vísu allir frá feikilega miklum yfirburðum úr ómsjarmælingahlutanum. Yfirburðirnir þurfa ekki að koma að óvart í ljósi upprunans en þessi hrútur er fenginn frá Geirmundarstöðum og er hann undan Kveiki 05-965 og Túli 98-858 er móðurfaðir hans. Annar Kveikssonur Manni 09-532 sýnir þarna ákaflega góðar niðurstöður og er með jafna yfirburði úr báðum þáttum rannsóknarinnar en þessi hrútur kemur frá Klifmýri. Þá er Kópur 09-524 einnig með góða yfirburði frá báðum þáttum rannsóknarinnar en faðir hans Selur 08-532 kom frá Geirmundarstöðum.

Leiðólfstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kári	05-325	Gári	02-904	117,5	83,6	100,6	15,3	8,7	6,2	23,0	1,9	16,8
Sandi	05-328		01-207	97,5	89,2	93,4	15,2	8,6	6,7	23,9	2,6	17,1
Bogi	06-339	Mímir	04-951	92,6	78,7	85,7	15,9	8,9	7,2	23,7	3,3	17,2
Biskup	07-322	Séra	06-208	110,1	106,7	108,4	16,1	9,5	7,1	25,0	3,1	17,4
Tímon	07-324	Frakksso	03-974	99,5	79,6	89,6	15,3	8,5	6,6	23,4	2,5	17,0
Skugga												
Sveinn	07-482	Gráni	03-957	117,1	115,9	116,5	16,1	9,1	6,6	24,9	2,7	17,2
Reykur	08-324	Raftur	05-966	119,9	115,8	117,9	14,3	8,2	5,6	24,5	2,0	17,0
Freyr	08-333	Gráni	03-957	108,7	102,3	105,5	13,9	7,7	5,5	24,2	2,3	17,1
Glói	08-335	Þráður	06-996	87,0	114,7	100,9	14,8	8,5	6,9	25,1	2,7	17,0
Smári	08-336	Þráður	06-996	93,1	110,5	101,8	14,2	8,4	6,5	24,6	2,2	17,0
Logi	09-324	Mókollur	03-978	87,5	86,1	86,8	14,4	7,7	6,3	23,1	2,5	17,1

Í þessari rannsókn kemur Reykur 08-324 með hæsta heildareinkunn og er það fituleysi afkvæmanna sem á mestan þátt í að skapa yfirburðina. Þessi hrútur er sonur Rafts 05-966. Skugga Sveinn 07-482 á þarna hóp af þroskamiklum og vel gerðum lömbum en þessi hrútur er frá Ásgarði og er sonur Grána 03-957.

Svarfhóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kitti	06-509	Máni	03-975	114,6	117,4	116,0	15,3	8,4	5,6	26,3	1,9	17,1
Fengur	07-500	Cat	04-992	87,4	106,9	97,2	16,1	8,4	6,6	25,7	2,1	17,1
	08-500	Raftur	05-966	80,2	108,0	94,1	15,0	8,1	6,4	25,8	2,0	17,1
	08-503	Raftur	05-966	100,3	105,8	103,1	15,9	8,7	6,4	25,6	1,7	17,1
	08-504	Þráður	06-996	96,7	140,0	118,4	15,1	8,5	6,2	27,7	2,5	17,6
	08-505	Gustur	04-293	85,5	70,2	77,9	15,9	8,2	6,5	24,4	2,5	16,9
Blossi	08-506	Logi	07-825	103,5	88,0	95,8	17,0	8,5	6,4	25,2	2,6	17,1
Bruni	08-507	Logi	07-825	106,9	126,0	116,5	16,5	9,1	6,6	26,4	2,2	17,3
	08-509	Fengur	06-407	108,1	94,1	101,1	15,7	8,8	6,2	25,2	2,3	17,1
	08-510	Loki	06-404	113,3	82,6	98,0	15,7	8,7	6,0	24,6	1,8	16,9
	08-511	Gustur	04-293	114,7	109,0	111,9	15,2	8,3	5,6	25,6	1,9	17,1
	09-500	Tenór	08-519	101,1	114,5	107,8	16,2	8,8	6,5	26,1	1,9	16,9
	09-501	Ketill	08-497	99,7	84,5	92,1	16,6	8,9	6,7	25,0	2,3	17,0
	09-503		08-509	114,8	107,8	111,3	15,2	8,8	5,8	25,7	2,2	17,1
	09-504	Blossi	08-506	78,0	111,4	94,7	16,3	8,5	7,1	26,2	2,6	17,3
	09-505	Blossi	08-506	107,0	92,4	99,7	17,1	9,0	6,6	25,2	2,5	17,3

Örvar	09-506	Bogi	04-814	117,6	108,3	113,0	15,6	8,3	5,5	25,5	1,7	17,2
Svalur	09-507	Kaldi	03-989	99,9	104,6	102,3	16,0	8,5	6,3	25,8	2,2	17,1
Sokki	09-508	Kaldi	03-989	98,2	76,6	87,4	15,7	7,9	5,9	24,4	2,2	16,7
	09-509		08-503	92,7	76,8	84,8	16,0	8,3	6,4	24,4	2,1	16,8
	09-510	Kveikur	05-965	106,3	112,2	109,3	15,7	8,9	6,3	26,1	1,9	17,1

Hér er stór rannsókn og það sem vekur mesta athygli hér er mjög góð útkoma fyrir marga hrúta sem fengnir eru eða rekja ættir sínar að Melum í Árneshreppi. Í heildareinkunn stendur að vísu efstur hrútur af öðru sauðahúsi, 08-504, sem sækir alla sína yfirburði í ómsjármælingahluta rannsóknarinnar en hann er að skila þykkum bakvöðva og góðum læraholdum hjá afkvæmum sínum en þetta er einn úrvalshrúta sem komu undan Þræði 06-996 árið sem hann var notaður á sæðingastöð en móðurföðurfaðir þessa hrúts er Mjólnir 94-833. Bruni 08-507 er Melahrútur sem bæði nú og haustið 2009 á mjög þroskamikil og vel gerð lömb en hann er sonur Loga 07-825 sem því miður reyndist ekki sæðisgjafi eftir að hann kom á stöð en hann er dóttursonur Mána 03-975. Kitti 06-509 sýndi mikla yfirburði í rannsókn haustið 2008 og gerir það aftur nú en afkvæmi hans sýna jafna yfirburði fyrri báða meginþætti rannsóknarinnar. Kitti er sonur Mána 03-975 og dóttursonur Hlyns 06-013 sem var sonur Bassa 05-821 sem Kristján notaði lengi og má því segja þennan hrút úr gullræktun Kristjáns. Hrútur 08-511 er með lambahóp með góða yfirburði á báðum þáttum en hann er frá Melum einnig afkomandi Mána þar sem hann er undan Gusti 04-293. Að lokum skal bent á 09-503 sem sýnir mjög jafna yfirburði en þessi hrútur er undan 08-509 sem er þarna um meðaltal í rannsókninni nú en var með mjög góða niðurstöðu haustið 2009 en sá hrútur kemur einnig frá Melum.

Ásgarður

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Óður	06-093	Lóði	00-871	113,3	107,2	110,3	15,2	9,3	5,5	25,4	2,1	17,2
Stormur	06-475	Cat	04-992	110	105,1	107,6	14,7	8,9	5,3	25	2,1	17,2
Þráður	07-467	Kveikur	05-965	103	126,1	114,6	15,6	8,7	5,5	26,1	1,9	17,1
Skugga-Sv	07-482	Gráni	03-957	97,4	115,8	106,6	16,1	9,8	6,5	26,1	2,3	17,2
Kokkur	08-489	Gráni	03-957	92,2	120,4	106,3	15,4	9,2	6,2	25,8	2,1	17,2
Hvellur	08-493	Bifur	06-994	79,4	86,8	83,1	15,4	8,1	5,9	24,9	2,2	16,8
Arfi	08-495	Þráður	06-996	91,3	85	88,2	16,1	8,7	6	24,8	2,4	17,1
Ketill	08-497	Skugga-Sv	07-482	86,4	70,8	78,6	15,1	8,4	5,8	23,9	2	16,8
Jökull	09-401	Kaldi	03-989	79,6	72,7	76,2	14,7	7,5	5,5	23,5	2	16,7
Gyllir	09-402	Bramli	04-952	113,1	140,1	126,6	15,3	9,9	5,9	26,9	2,2	17,2
Bylur	09-403	Ylur	05-805	102,2	69	85,6	15,5	8,7	5,5	23,6	2	16,7
Blær	09-406	Púki	06-807	136	93,6	114,8	15,4	10	5,1	24,9	2,2	17,1

Gimbralömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Óður	06-093	Lóði	00-871	113,3	91,1	102,2	15,2	9,3	5,5	24,9	2,3	17,1
Stormur	06-475	Cat	04-992	110	100,8	105,4	14,7	8,9	5,3	25,2	2,5	17,4
Þráður	07-467	Kveikur	05-965	103	115,9	109,5	15,6	8,7	5,5	25,7	2	17,2
Skugga-Sv	07-482	Gráni	03-957	97,4	107,5	102,5	16,1	9,8	6,5	25,6	2,4	17,3
Kokkur	08-489	Gráni	03-957	92,2	118,7	105,5	15,4	9,2	6,2	26,6	2,3	17,3
Hvellur	08-493	Bifur	06-994	79,4	79,4	79,4	15,4	8,1	5,9	24,3	2,1	16,9
Arfi	08-495	Þráður	06-996	91,3	102,4	96,9	16,1	8,7	6	25,4	2,3	17,1
Ketill	08-497	Skugga-Sv	07-482	86,4	97,8	92,1	15,1	8,4	5,8	25	2,1	17,1
Jökull	09-401	Kaldi	03-989	79,6	61,8	70,7	14,7	7,5	5,5	23,3	2,2	16,7
Gyllir	09-402	Bramli	04-952	113,1	142,4	127,8	15,3	9,9	5,9	26,8	2,1	17,4
Bylur	09-403	Ylur	05-805	102,2	109,1	105,7	15,5	8,7	5,5	25,6	2,2	17,1
Blær	09-406	Púki	06-807	136	93,4	114,7	15,4	10	5,1	24,9	2,3	17,4

Skoðun lamba fór fram skömmu eftir að þau komu af fjalli síðla í september en þessi lömb eru fædd síðar en víðast gerist, þannig að um mjög ung lömb er að ræða og ástæða til að hafa það í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar og metnar.

Þarna voru afkvæmahópar tveggja aðkomuhrúta auk átta heimahrúta. Þráður 07-467 á Valdasteinsstöðum hafði þar heima verið að gefa afburðalömb undangengin tvö ár. Í rannsókninni átti hann talsvert af verulega góðum hrútsefnum, en lömbin voru full breytileg. Óður 06-093 í Skálholtsvík lagði einnig á borð með sér mjög góða fyrri reynslu. Greinilegt er að hann er að gefa mikið fituleysi hjá afkvæmum sínum og góða gerð, en ekki var mikið um verulega góð hrútsefni í lambahópnum. Stormur 06-475 var fenginn í Ásgarð frá Hafrafellstungu og er þrílembingsbróðir Ats 06-806. Hann skilar góðri vöðvafyllingu hjá afkvæmum sínum, en þau stóðu tæplega samanburð í vænleika við lömbin í hinum hópnum, en Stormur hefur á síðustu árum skilað mjög góðum kjötgæðum lamba. Gyllir 09-402 átti um flest lang athyglisverðasta hópinn í rannsókninni. Lömbin undan honum hafa þykka vöðva og góða gerð og meðal hrútlambanna voru nokkur mjög góð hrútsefni. Þá voru niðurstöður fyrir sláturlömbin undan Blæ 09-406 mjög hagfelldar, en í ómsjarmælingum sýndu afkvæmi hans tæplega nógu góðar mælingar.

Niðurstaðan var sú að enginn af hrútunum í rannsókninni var falaður til notkunar á stöð að rannsókn lokinni. Þráður 07-467 verður samt áfram undir smásjanni og veruleg ástæða er til að fylgjast með frekari reynslu af afkvæmum Gyllis 09-402.

Magnússkógar 3

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Ylur	05-151	Hylur	01-883	126,0	144,5	135,3	10,8	6,9	6,9	29,8	3,6	17,9	
	08-185		06-166	75,1	59,3	67,2	9,4	7,3	7,3	24,7	3,5	17,2	
	08-186	Gráni	03-957	105,3	78,3	91,8	9,9	6,9	6,9	25,9	3,6	17,1	
	08-188		Kroppur	05-993	110,0	137,8	123,9	10,2	7,0	7,0	28,8	2,8	17,7
Obama	09-102	Prjónn	07-812	67,6	78,2	72,9	8,6	7,2	7,2	26,1	3,8	17,4	
	09-190		Kveikur	05-965	142,2	133,2	137,7	9,8	5,6	5,6	28,5	2,8	17,7
	09-196			08-188	127,8	93,1	110,5	10,2	6,6	6,6	27,6	4,6	17,6

Hér kemur fram mjög mikill munur á afkvæmahópnum í rannsókninni. Hrútur 09-190 er að gefa feikilega vel vöðvafyllt lömb með ákaflega litla fitu en þungasamanburðurinn er honum mjög óhagstæður en einhver áhrif kann að hafa að lömbin eru öll tvævetlulömb. Þetta leiðir hins vegar til að við einkunnaútreikning verða óvenjulega miklar leiðréttingar gerðar á tölum sem ætíð skapar ákveðna hættu á áhrifum á samanburðinn milli hópanna. Þessi snillingur er undan Kveiki 05-965 eins og fjölmargir aðrir yfirburðahrútar. Þá er Ylur 05-151 enn einum sinni með yfirburðaniðurstöður en þetta er hrútur sem líklega væri löngu fenginn á sæðingastöð ef hann væri ekki áhættuafgerðar. Hann er sonur Hyls 01-883 og dóttursonur Prúðs 94-834. Hrútur 08-188 sem haustið 2009 sýndi yfirburðaniðurstöður gerir það enn þó að meginhluti yfirburðanna komi frá ómmælingahlutanum en þessi kappi er sonur Kropps 05-993 og skal að síðustu bent á son hans 09-196 sem þarna er að gefa afburðagóðar kjötmatsniðurstöður hjá afkvæmum sínum sem um leið eru mjög þroskamikil.

Skerðingsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ylur	05-151	Hylur	01-883	113,5	125,0	119,3	17,0	10,3	6,7	27,0	3,8	17,4
Vivaldi	06-270	Ylur	05-151	92,7	100,0	96,4	14,7	8,7	6,1	25,8	3,6	17,1
	07-275	Partur	99-914	99,9	90,5	95,2	16,2	8,5	5,9	25,2	3,5	17,2
Kvartet	08-184	Tenór	06-172	92,8	97,4	95,1	17,5	8,5	6,4	26,0	3,9	17,1
	08-278	Bifur	06-994	102,4	90,4	96,4	16,3	9,5	6,5	25,8	4,4	17,1
	09-286	Olli	06-985	108,8	77,1	93,0	15,9	8,8	5,8	24,6	3,7	17,1

Hér hefur sá þekkti kynbótahrútur Ylur 05-151 í Magnússkógum 3 verið notaður og safnar til sín öllum yfirburðum í rannsókninni en um hann hefur margoft verið fjallað í sambandi við afkvæmarannsóknir í Magnússkógum 3 og er vísað til þeirra skrifa hér á Netinu.

Hallsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Geir	05-226	Hylur	01-883	90,5	91,1	90,8	18,1	9,3	7,7	26,1	2,4	17,6
Kraftur	08-228	Raftur	05-966	109,3	107,3	108,3	16,3	9,0	6,5	26,7	2,0	17,2
Dagur	09-207	Vorm	03-988	110,0	101,5	105,8	16,9	9,9	7,2	26,6	2,1	17,3
Blossi	09-208	Kveikur	05-965	88,7	97,0	92,9	16,7	8,8	7,1	26,2	1,9	17,1
Neisti	09-209	Kveikur	05-965	98,2	89,6	93,9	15,6	8,9	6,6	26,1	2,1	17,0

Ekki er afgerandi munur milli hópanna í þessari rannsókn. Kraftur 08-228 skipar toppsætið og hjá hans ágæta lambahópi er það samt lítil fita sem vegur þyngst en fituleysi kemur vart að óvart þegar horft er til þess að þetta er sonur Rafts 05-966 og dóttursonur Ljóra 05-828. Kjötmatzniðurstöðurnar fyrir lömbin undan Degi 09-207 eru einnig hagfelldar en þessi hrútur vakti athygli sem einstaklingur á héraðssýningunni í sýslunni haustið 2009 en hann er undan Vorm 03-988 og móðurfaðir hans Vodki 02-205 frá Klífmýri.

Geirmundarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Tenór	08-519	Þráður	06-996	134,6	133,3	134,0	17,0	10,3	6,3	28,2	2,3	17,3
Seiður	09-523	Púki	06-807	100,0	68,8	84,4	17,3	10,5	7,4	26,6	3,5	17,4
Hlutur	09-524	Kveikur	05-965	99,5	66,4	83,0	16,9	10,3	7,2	26,5	3,0	17,0
Loki	09-526	Bassi	08-521	102,1	98,2	100,2	16,1	9,3	6,3	27,3	2,6	17,2
Kastró	09-527	Kveikur	05-965	79,3	131,3	105,3	16,4	9,1	6,9	28,5	2,6	17,4
Hlekkur	09-528	Hrói	07-836	117,2	89,4	103,3	16,6	9,8	6,3	27,1	2,7	17,0
Glámur	09-529	Ylur	05-805	91,0	116,9	104,0	17,1	10,0	7,3	28,4	3,1	17,3

Að þessu sinni eru niðurstöður rannsóknarinnar á þessu sterka ræktunarbúi eins hrúts niðurstöður þar sem Tenór 08-519 sýnir ákaflega afgerandi yfirburði en bæði fituleysi og vöðvafylling eru með sérstökum ágætum og í fullu samræmi við góðar niðurstöður hjá honum í rannsókn haustið 2009. Þetta er sonur Þráðar 06-996 og móðurfaðir hans Glói 04-519 sem var afburða kynbótahrútur á þessu búi um fjölda ára. Flest fer að benda til að Tenór kunni að vera öflugastur af mörgum feikilega álitlegum sonum Þráðar.

Ytri-Fagridalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Frikki	07-643	Höfðingi	03-959	73,6	87,4	80,5	15,4	7,9	6,4	25,6	3,4	16,7
Ari	07-645	Fróði	04-963	99,5	128,2	113,9	16,3	8,5	6,1	27,7	2,7	16,7
Bakkus	07-646	Kveikur	05-965	114,3	142,7	128,5	15,0	7,9	5,2	27,5	2,3	17,0
Ylir	09-665	Ylur	05-805	76,6	75,3	76,0	15,2	7,9	6,5	24,9	3,9	17,1
Demon	09-666	Dökkvi	07-809	104,0	116,6	110,3	15,0	7,8	5,4	27,0	2,9	16,6
Móbruni	09-671	Áni	08-659	97,6	64,3	81,0	14,1	7,3	5,2	24,7	3,3	16,7

Héðan er fátt nýrar tíðinda úr þessum rannsóknum þetta árið. Bakkus 07-646 sem undanfarin ár hefur verið yfirburðakind á þessu búi er það áfram en þessi kappi er einn yfirburðahrútanna undan Kveiki 05-965 og dóttursonur Úða 01-912.

Kjarlákswellir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
H.Fjöldur	04-270	H.Bi.S	02-261	81,1	121,9	101,5	17,8	8,9	7,0	28,1	3,6	17,4
K Fjöldur	05-251	Lári	00-303	86,9	119,7	103,3	17,7	9,0	6,8	28,0	3,6	17,3
K.Bití	06-261	Langidal	01-931	99,5	96,8	98,2	19,0	9,3	6,7	26,7	3,5	17,1
	07-271	H Biti	05-253	88,1	79,0	83,6	18,2	9,8	7,3	26,0	3,6	17,4
Kambur	07-274	Prins	04-287	109,1	106,4	107,8	18,3	9,0	6,1	27,0	3,3	17,3
Asi	07-276	Gaur	06-032	111,3	116,2	113,8	18,3	9,5	6,4	27,4	3,2	17,4
	08-277	Hukki	06-841	82,9	70,2	76,6	18,4	9,8	7,5	25,8	3,8	17,5
Kastró	09-527	Kveikur	05-965	96,1	111,4	103,8	18,2	9,5	6,9	27,8	3,9	17,3

Hér eru ekki að koma fram neinir nýir meistarar. Hukki 06-841 átti þarna eins og áður mjög góðan lambahóp þó að hann sé ekki fremur en aðrir stöðvarhrútar með í rannsókninni sjálfri. Efsta sætið skipar síðan Ási 07-276 sem hefur ásamt Hukka síðustu árin verið toppurinn hér. Þessi kollótti hrútur kemur frá Árbæ og standa að baki honum margir sterkir sæðingahrútar síðari ára.

Spágilsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kiddi	05-080	Hylur	01-883	99,0	91,2	95,1	14,6	8,9	5,9	25,4	2,3	17,2
Kjarkur	06-090	Týr	02-929	109,7	108,7	109,2	14,7	8,6	5,4	26,1	2,2	17,2
Laski	08-094	Raftur	05-966	111,6	115,7	113,7	14,5	8,9	5,5	26,2	1,9	17,4
Bubbi	08-095	Biskup	07-799	91,6	106,7	99,2	14,5	8,4	5,8	26,0	2,1	17,2
Neisti	08-096	Þráður	06-996	94,9	98,0	96,5	14,0	8,4	5,6	25,8	2,5	17,3
Bolli	09-051	Púki	06-807	96,1	112,8	104,5	14,9	9,4	6,4	27,1	3,2	17,4
Bolti	09-054	Kveikur	05-965	105,8	98,2	102,0	14,1	9,2	5,8	25,5	2,1	17,3
Kóngur	09-056	Prjónn	07-812	83,9	75,6	79,8	14,2	7,8	5,6	24,5	2,4	17,1

Hrútarnir sem hér standa efstir sýndu sömuleiðis góð tilprif í rannsókn haustið 2009. Þá voru að vísu yfirburðirnir fyrir Kjark 06-090 miklu meira afgerandi en núna en hann staðfestir aðeins með niðurstöðunum nú að hann er þrælöruggur hrútur með að skila kjötgæðum til afkvæma. Hann er sonur Týs 02-929 en móðurfaðir hans var Þráður 94-834. Laski 08-094 er þarna einnig með lambahóp sem er mjög jafngóður en þetta er sonur Rafts 05-966 og móðurfaðirinn hér er sá sami og hjá Kjarki.

Valpúfa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	06-305	Dregill	03-947	121,5	116,1	118,8	15,7	8,9	6,3	25,3	1,9	17,5
	06-306	Lundi	03-945	92,9	97,4	95,2	15,9	8,8	7,1	25,4	2,4	17,3
	08-321	Jón Páll	04-990	75,8	93,0	84,4	17,9	9,1	8,3	25,8	3,1	17,3
	08-324	Raftur	05-966	99,5	107,6	103,6	16,1	8,7	6,9	25,4	2,4	17,2
	08-327	Þráður	06-996	99,2	105,4	102,3	16,3	9,5	7,5	24,9	2,3	17,2
Ári	09-330	Púki	06-807	104,6	95,1	99,9	16,5	9,2	7,2	25,0	2,6	17,2
Veggur	09-333	Garður	05-802	112,9	106,0	109,5	16,7	9,7	7,2	25,6	3,8	17,3
Kraftur	09-334	Þróttur	04-991	102,4	87,0	94,7	15,7	8,4	6,5	24,7	2,6	17,0

Hrútur 06-305 mætti til leiks í rannsókn haustið 2008 með mjög góðan lambahóp og endurtekur leikinn að nýju enda lömbin undan honum þrýðilega vöðvafyllt og gerð. Þessi hrútur er sonur Dregils 03-947 en móðurfaðir hans var Otur 00-910.

Klifmýri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kópur	06-454	Lundi	03-945	99,8	90,5	95,2	15,3	9,3	6,1	25,6	2,3	16,7
Ófeigur	06-510	Takki	05-446	92,7	68,9	80,8	17,3	10,4	7,2	24,6	2,7	16,9
Gómur	07-456	Lómur	02-923	100,8	99,6	100,2	14,4	8,5	5,5	26,5	2,9	16,7
Kvistur	07-458	Kveikur	05-965	107,3	125,6	116,5	16,0	9,7	6,2	26,7	2,3	17,2
Tommi	07-459	Fróði	04-963	103,2	96,7	100,0	15,1	9,3	6,0	25,4	1,7	16,9
Stöpull	07-460	Stólpi	05-447	100,0	93,5	96,8	15,4	9,6	6,3	25,9	2,6	17,1
Planki	08-462	Raftur	05-966	98,8	97,0	97,9	14,7	8,7	5,7	26,1	2,7	17,1
Fáni	08-465	Gráni	03-957	94,4	110,6	102,5	15,5	9,6	6,5	26,6	2,7	17,3
Áni	08-466	Gráni	03-957	117,7	143,2	130,5	14,2	10,0	5,9	28,5	2,9	17,1
Hnakki	08-468	Raftur	05-966	93,0	97,5	95,3	16,2	9,8	6,7	26,0	2,4	16,8
Stuðull	08-469	Stöpull	07-460	92,4	71,0	81,7	15,4	9,6	6,5	25,1	3,0	17,0
Bjór	09-471	Kaldi	03-989	81,4	38,3	59,9	14,0	7,4	5,3	23,8	2,7	16,3
Logi	09-472	Kveikur	05-965	87,8	89,4	88,6	15,7	9,2	6,4	25,3	2,0	16,8
Bátur	09-474	Hvellur	05-969	93,9	73,7	83,8	15,9	8,8	6,0	25,1	3,0	16,8
Lopi	09-475	Prjónn	07-812	88,2	109,3	98,8	15,8	9,5	6,6	26,5	2,3	17,0
Bassi	09-476	Tenór	08-519	113,0	137,3	125,2	16,1	10,0	6,2	27,9	2,0	17,3
Blossi	09-477	Kveikur	05-965	118,4	151,6	135,0	16,3	9,6	5,8	27,9	2,3	17,4

Hér er með stærri rannsóknum og nokkrir afkvæmahópar hér með ákaflega athyglisverðar niðurstöður. Kvistur 07-458 hefur ætíð verið að sýna toppniðurstöður og staðfestir sig aðeins enn rækilegar sem afburða kjötgæðakind en þetta er sonur Kveiks 05-965 og móðurfaðir hans Hringur 00-403 sem var mjög sterkur sonur Mola 93-986 sem hér var all lengi notaður. Áni 08-466 sækir langmest af sínum yfirburðum í bakvöðvamælingarnar en þungi lambanna er honum örlítið í óhag sem ekki er algengt að sjá hjá sonum Grána 03-957 en Áll 00-868 er móðurfaðir hans og Tröllli 98-481 móðurmóðurfaðir. Síðan eru tveir veturgamlir hrútar með feikilega áhugaverðar niðurstöður en báðir eru þeir fengnir frá Geirmundarstöðum. Blossi 09-477 er að öllu leyti með stórglæsilegan hóp um leið og afkvæmi hans hafa mjög litla fitu en þetta er sonur Kveiks 05-965 og Snúður 00-911 er móðurfaðir hans. Lömbin undan Bassa 09-476 eru mjög glæsielg að gerð með þykkann bakvöðva en hann er sonur Tenórs 08-519 sem hefur sýnt gífurlega mikla yfirburði á Geirmundarstöðum og Bassi er dóttursonur Rafts 05-966 og Sólon 01-572 er síðan móðurmóðurfaðir Bassa.

Stórhóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Illugi	06-017	Lennon	04-017	99,3	107,6	103,5	14,9	7,9	5,5	24,7	3,1	17,0
Ás	07-170	Kveikur	05-965	127,1	133,9	130,5	14,9	8,2	4,9	25,8	2,7	17,3
	07-174	H Biti	05-253	91,4	109,8	100,6	14,8	7,9	5,7	25,2	3,8	17,0
	07-177			107,2	69,6	88,4	15,1	7,6	5,0	23,1	3,2	16,5
Skjálfti	08-180	Raftur	05-966	85,1	116,0	100,6	14,5	7,6	5,6	25,2	3,4	17,2
Svalur	09-185	Bogi	04-814	115,7	67,1	91,4	16,2	8,5	5,7	23,1	3,6	16,7
Grettir	09-191	Hrekkur	07-172	93,3	87,9	90,6	15,2	6,7	5,0	23,6	2,9	16,4

Hér kemur ein af eins hrúts rannsóknunum haustið 2010 og eru það lömbin undan Ás 07-170 sem hér eru í því hlutverki. Þessi hrútur var afgerandi á toppi bæði haustin 2008 og 2009 og staðfestir enn einum sinni hve mikill yfirburðagripur um kjötgæði hann er. Þetta er einn margra snillinganna undan Kveiki 05-965 og talsvert meira Hestsblóð rennur um æðar hans þar sem móðurföðurfaðir var Bjálfi 95-802 og móðurmóðurfaðir Sjóður 97-846.

Vestfirðir

Árbær

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hlekkur	07-039	Emil	05-025	95,8	71,6	83,7	19,6	11,0	7,8	26,5	3,3	17,2
Ljúfur	08-043	Tvistur	01-035	113,8	99,5	106,7	18,2	10,3	6,3	27,1	2,9	17,2
	09-045	Bogi	04-814	115,3	72,0	93,7	17,7	10,4	6,3	26,1	3,2	16,9
	09-046	Bikar	08-041	97,4	97,1	97,3	18,3	10,3	7,0	27,4	3,4	17,2
	09-047	Bikar	08-041	81,5	112,4	97,0	18,4	9,7	7,1	27,8	3,2	17,2
Strengur	09-049	Ljúfur	08-043	93,4	123,4	108,4	18,9	10,8	7,7	27,9	2,9	17,5
	09-050	Dugur	06-602	106,8	100,9	103,9	19,0	11,0	7,3	27,5	3,3	17,3

Eins og undanfarin ár eru frábærir lambahópar að allri gerð sem mæta til leiks í rannsókninni hér. Aftur á móti er frekar lítil og lítt afgerandi munur að koma fram á milli hópanna alveg eins og var á síðasta ári. Ljúfur 08-043 skilar feikilega góðri gerð og með ólíkindum lítil fitu hjá sláturlömbunum þegar tekið er tillit til mikils vænleika þeirra. Faðir Ljúfs er Tvistur 01-035 sem var afburða kynbótakind að öllu leyti sonur Dals 07-838 en móðurfaðir Ljúfs Stubbur 05-029 var undan Frakkssyni 03-974. Sonur Ljúfs Strengur 09-049 á verulega þroskamikil og vel gerð lömb og sækir umtalsverða yfirburði til ómmælinganna en móðurfaðir hans Glámur 06-031 var hrútur frá Gautsdal.

Bakki Geiradal

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-201		04-176	82,9	98,9	90,9	15,3	8,2	6,6	24,2	3,0	17,0
	07-202		04-176	84,8	106,3	95,6	15,5	7,9	6,4	24,7	3,3	17,2
	07-205		04-178	97,8	103,4	100,6	15,2	7,7	5,8	24,5	3,1	16,9
	07-209		04-179	91,5	111,5	101,5	15,1	8,2	6,3	24,8	3,0	17,1
	07-213	Mjaldur	05-160	100,1	108,7	104,4	14,7	8,1	5,9	24,5	2,7	17,0
	08-201		07-213	110,0	83,2	96,6	15,0	7,7	5,4	23,2	2,4	16,8
	08-202		07-203	105,0	81,1	93,1	15,6	8,2	6,0	23,2	2,6	16,8
	08-203		07-209	101,2	102,6	101,9	15,9	9,0	6,7	24,4	2,8	16,7
	08-204		04-176	92,4	110,7	101,6	14,9	7,7	5,9	24,8	3,0	17,0
	08-205		05-187	113,0	86,5	99,8	15,6	8,4	5,9	22,8	2,4	17,1
	08-206		07-205	110,0	114,3	112,2	15,1	8,0	5,6	24,9	2,6	16,8
	08-208		04-176	101,3	86,3	93,8	15,4	8,7	6,4	23,5	2,9	17,2
	08-209		03-172	100,2	95,3	97,8	15,4	7,9	5,9	24,1	3,1	16,9
	08-210		05-184	114,7	98,7	106,7	15,1	8,5	5,8	23,9	2,6	17,0
	09-201			111,0	101,4	106,2	14,9	7,8	5,4	23,8	2,5	17,3

Hér er nokkuð umfangsmikil rannsókn en fremur lítil munur sem kemur fram á milli afkvæmahópanna. Hæst skorar hér hrútur 08-206 og er það lítil fita hjá lömbunum sem þar vegur þyngst.

Fremri-Gufudalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Stútur	05-416	Vambi	04-409	113,2	52,8	83,0	17,1	9,5	6,8	24,0	3,7	16,4
Bergur	06-415	Lundi	03-945	116,4	133,1	124,8	17,0	9,1	6,6	27,3	3,0	16,8
Kyssir	07-422	Marteinn	05-421	93,6	65,8	79,7	17,2	8,4	6,8	24,6	3,9	16,8
Húsi	08-401	Dorri	04-406	99,9	93,4	96,7	17,9	9,5	7,4	26,0	3,9	17,0
Kutti	08-402	Galsi	06-033	104,7	125,7	115,2	20,9	10,9	8,5	26,9	3,2	17,1
Lampi	09-426	Kveikur	05-965	96,0	115,1	105,6	19,5	10,1	8,1	27,4	4,1	16,7

Hér eru það aðallega tveir afkvæmahópar sem athygli beinist að. Bergur 06-415 er hrútur sem sækir mikla yfirburði í báða þætti rannsóknarinnar. Þetta er áreiðanlega einn úr hópi öflugustu sona Lunda 03-945 sem fram komu eftir fyrsta ár hans á stöð. Kutti 08-402 er kollóttur hrútur sem er að skila fádæma vænum lömbum ákaflega vöðvabykkum og vel gerðum en nokkuð feittum við þennan óhemjumikla vænleika. Þessi athyglisverði hrútur kemur frá Árbæ og er undan Galsa 06-033 sem þar var mikill topphrútur í nokkur ár.

Garpsdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Mjaldur	05-160	Snær	04-347	95,6	114,5	105,1	17,1	8,7	7,5	25,9	3,3	17,0
Busi	06-328	Mjaldur	05-160	113,4	119,2	116,3	15,7	8,4	6,4	26,2	3,2	17,0
Kambur	06-411			119,7	94,6	107,2	17,0	8,2	6,4	25,0	3,3	16,9
	06-436	Ormur	02-933	108,5	77,2	92,9	15,8	7,2	5,8	24,4	3,4	16,6
Snúður	08-434		04-430	103,1	97,1	100,1	15,8	8,0	6,5	25,7	3,7	16,9

Hér er það áfram eins og á síðasta ári Busi 06-328 sem skipar toppsætið en þessi ágæti hrútur kemur frá Gautsdal úr þeirri vönduðu ræktun en faðir hans er Mjaldur 05-160 og móðurfaðir Hnokki 01-336 sem báðir eru þekktir kynbótahrútar á því búi.

Gróustaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Jakki	07-401	Frakksso	03-974	120,8	133,8	127,3	17,2	9,3	6,1	26,3	2,0	17,2
Jötunn	07-402		06-401	108,3	98,4	103,4	16,8	8,7	6,0	24,7	2,1	16,6
Dvergur	07-403	Erpur	01-919	81,8	102,0	91,9	17,0	8,6	6,8	24,9	2,2	16,9
Trefill	07-404	Frakksso	03-974	97,2	106,6	101,9	17,2	9,1	6,7	24,9	2,0	17,1
Valdi	08-401			90,8	101,3	96,1	18,0	9,4	7,2	24,7	2,0	16,8
	09-401	Frakksso	03-974	116,5	77,5	97,0	17,6	9,0	6,1	23,8	2,2	16,8
	09-402	Frakksso	03-974	105,9	98,2	102,1	16,0	9,3	6,3	24,9	2,5	16,9

Hér er eitt af búunum þar sem niðurstöðurnar eru eins hrúts rannsókn og hér er það Jakki 07-401 sem er í því hlutverki en afkvæmi hans sópa til sín yfirburðum fyrir alla eiginleika í rannsókninni. Þessi eflingshrútur er undan Frakksyni 03-974 en móðurfaðir hans Nói 04-401 var hrútur undan Ægi 01-916.

Hamarland

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Keli	05-091	Arfi	99-873	81,1	98,1	89,6	15,4	7,1	6,3	25,1	3,5	16,6
Dalli	05-092	Arfi	99-873	122,2	101,8	112,0	16,5	9,0	6,5	24,4	2,5	17,0
Gormur	06-096	Ormur	02-933	103,2	110,7	107,0	16,5	7,9	6,4	24,6	2,4	17,0
Þorri	06-098	Týr	02-929	85,2	110,7	98,0	14,8	8,3	6,8	25,0	2,4	16,9
Móri	06-100			73,7	69,7	71,7	14,9	6,4	6,0	23,1	2,5	16,7
Bessi	07-101	Lómur	02-923	115,1	115,1	115,1	15,9	8,5	6,3	25,3	2,6	17,0
Hreinn	07-102	Keli	05-091	103,9	79,0	91,5	16,1	7,8	6,2	23,5	2,6	16,8
Gulli	08-077	Raftur	05-966	119,5	97,6	108,6	14,8	8,4	5,8	24,6	2,8	16,8

Í þessari rannsókn er stór hluti afkvæmahópanna undan hrútum sem nokkuð eru komnir til ára sinna. Bessi 07-101 skipar líkt og haustið 2009 toppsætið og koma yfirburðir hans hnífjafnt frá báðum meginþáttum rannsóknarinnar. Þessi ágætiskind er sonur Lóms 02-923 en móðurfaðir hans er Bessi 99-851. Dalli 05-092 sýnir nokkra yfirburði í kjötmatsniðurstöðum lambanna en þessi hrútur er undan Arfa 99-873.

Hríshóll 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Höfði	07-537	Prúður	05-296	105,1	106,8	106,0	15,0	8,4	5,2	25,3	2,3	16,8
Óbama	08-241	Mókollur	03-978	105,1	96,3	100,7	16,0	9,1	5,8	25,2	2,6	16,7
Banki	08-243	Hlekkur	07-039	103,5	111,0	107,3	14,7	9,0	5,6	25,7	2,9	17,2
Sjóður	08-244	Örvar	04-983	97,6	87,7	92,7	14,8	8,3	5,3	24,7	2,8	16,8
Frægur	08-246	Kappi	06-608	109,4	85,4	97,4	15,2	8,7	5,3	24,7	3,2	16,7
	08-337	Burkni	07-330	78,3	66,9	72,6	15,8	8,0	5,8	23,7	3,0	16,6
Ötull	09-248	Gutti	08-301	85,6	126,7	106,2	16,5	8,8	6,3	26,8	3,2	16,8
Vafi	09-249	Ási	05-121	104,2	111,3	107,8	17,0	9,7	6,3	26,1	3,3	17,1

Enginn afgerandi munur kemur fram á milli afkvæmahópanna í þessari rannsókn en bestar eru niðurstöður fyrir hópinn undan Vafa 09-249 og sérstaklega í kjötmatsniðurstöðum um gerð lamba eru yfirburðir skýrir. Þessi hrútur kemur frá Árbæ og er faðir hans Ási 05-121 en móðurfaðir Vafa er Dímon 01-932.

Hríshóll 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Pjakkur	08-247	Heiðar	06-231	91,6	81,9	86,8	15,9	8,3	6,0	24,9	3,0	16,8
Prins	09-551	Óbama	08-241	101,5	83,3	92,4	15,7	8,4	5,7	25,0	3,0	16,6
Fálki	09-553	Kjói	04-816	116,5	111,8	114,2	15,7	8,8	5,3	26,2	3,1	16,9
Elvis	09-556	Hlekkur	07-039	116,2	109,5	112,9	15,2	9,1	5,5	26,2	3,3	17,2
Moli	09-557	Gullmoli	05-552	95,8	142,8	119,3	17,5	10,0	7,3	27,7	3,4	17,3

Hér eru nokkrir ungir hrútar í rannsókn sem koma nokkur skýrar niðurstöður um. Moli 09-557 er að skila mun þroskameiri lömbum en hinir hrútarnir og mjög vel gerðum en miklu feitari og eru þessar niðurstöður í fullu samræmi við ættir hans en hann er frá Broddanesi 1 undan Gullmola 05-552 og móðurfaðir hans Demant 05-554 frá Hafnardal. Elvis 09-556 skartar öðru fremur mjög hagstæðum kjötmatsniðurstöðum en þetta er hrútur frá Árbæ undan Hlekk 07-039 og móðurfaðir hans sá ágæti

Dalssonur (97-838), Tvistur 01-035. Þá eru góðar niðurstöður hjá lömbunum undan Fálka 09-553 og telur þar lítil fita mest. Þessi hrútur er af búinu á Hríshóli 1 undan Kjóa 04-816.

Kambur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sómi	06-278	Ormur	02-933	106,3	106,1	106,2	17,6	9,9	6,9	27,1	3,4	17,5
Vísir	07-279	Frakksso	03-974	96,9	81,0	89,0	17,1	10,0	7,1	25,8	3,0	17,3
Surtur	08-282	Örvar	04-983	103,1	54,7	78,9	18,9	10,2	7,5	25,1	3,3	16,8
Húni	09-285	Neisti	06-822	93,2	106,0	99,6	18,3	9,2	7,0	27,4	3,8	17,4
Bangsi	09-286	Dreitill	08-113	112,7	136,6	124,7	17,7	10,1	6,8	28,0	2,7	17,6

Rannsókn á þessu einu af helstu ræktunarbúum landsins er alltaf skoðuð að gaumgæfni en á allra síðustu árum hafa landvinningar hyrndu hrútanna verið umtalsverðir á þessu búi og kollóttu hrútarnir frekar hópáð. Að þessu sinni er að vísu kollóttur hrútur á toppinum sem er Fengur 08-052 sem á þarna lambahóp sem er frábær að allri gerð. Þessi hrútur kemur frá Melum í Árneshreppi undan Feng 06-407 og á Mána 03-975 að móðurfaðir og Stúfur 97-854 er móðurmóðurfaðir hans þannig að mikil kjötgæði koma tæplega að óvart í ljósi slíks ætternis. Púki 09-059 á þarna mjög öflugan lambahóp en yfirburðirnir samt að meginhluta frá ómsjármælingum. Þessi hrútur kom frá Bassastöðum og er sonur Púka 06-807 og Prins 05-272 móðurfaðir. Roði 08-057 var á toppinum hér á síðasta ári og kemur aftur með mjög sterkan hóp þar sem mikið fituleysi vegur mest í niðurstöðunum. Þessi hrútur er sonur Bobba 04-962 en ekki ólíklegt að eitthvað af fituleysinu sæki hann til móðurfaðurs síns Hyls 01-883. Logi 08-055 er þriðji hyrndi hrúturinn þarna og eru kjötmatsniðurstöður lambanna undan honum mjög góðar en þessi hrútur er albróðir Fáfnis 08-118 hjá Ragnari á Heydalsá sem þar hefur verið að skila frábærum lömbum.

Staður

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kostur	08-272	Spakur	03-976	113,2	141,1	127,2	19,4	10,3	7,6	30,6	3,1	17,3
Forði	08-271	Bogi	04-814	127,3	110,8	119,1	18,9	10,0	6,9	29,3	3,5	17,1
Bali	09-275	Hreinn	07-105	128,4	109,2	118,8	19,2	10,8	7,4	28,7	2,9	17,1
Eldur	08-270	Roði	06-259	104,4	119,0	111,7	18,3	9,9	7,5	29,4	3,2	16,9
Lokkur	09-274	Ullur	08-114	115,5	95,9	105,7	19,7	11,0	8,0	28,4	3,3	17,1
Hnefi	05-255	Hnúi	03-529	86,1	114,7	100,4	19,7	10,3	8,6	29,2	2,9	16,9
Roði	06-259	Skari	05-770	88,4	95,8	92,1	19,6	10,2	8,4	28,6	3,3	17,0
Patti	07-265	Glær	06-258	87,6	46,6	67,1	18,2	9,7	7,9	26,6	3,5	16,8
Klettur	09-276	Braggi	07-269	55,6	57,3	56,5	17,9	8,8	8,2	26,9	4,0	16,5

Jákvætt er að með þessari rannsókn birtist ný kynslóð efnilegra hrúta en eins og taflan sýnir eru mjög væn og vel gerð lömb í afkvæmahópunum hér. Kostur 08-272 á hóp feikilega vænna og vel gerðra lamba með frábæra vöðvafyllingu en þessi hrútur kemur frá Melum 2 og er undan Spaki 03-976 en móðurfaðir hans Sproti 02-209 og Hlynur 96-013 var móðurmóðurfaðir hans. Forði 08-271 sýnir enn

betri kjötmatsniðurstöður og einkum er fituleysi lambanna einstakt en þetta er hrútur sem kemur frá Heydalsá undan Boga 04-814 og er Örvar 04-983 móðurfaðir hans og Sopi 96-477 móðurmóðurfaðir. Bestu kjötmatsniðurstöðurnar af öllum hrútunum gefur samt Bali 09-275 en lömbin undan honum eru sérlega vel gerð. Þessi hrútur kemur líka frá Heydalsá og eru þeir náskyldir en Hreinn 07-105 er faðir Bala og Örvar 04-983 er hér einnig móðurfaðir en móðurmóðurfaðir er Spaði 96-478.

Stakkanes

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dindill	06-313	Roði	05-507	100,0	121,5	110,8	20,7	10,7	8,7	27,3	3,4	17,3
Sveiti	09-349	Hersts	04-067	115,3	103,2	109,3	19,9	9,6	7,4	26,2	3,4	17,0
Blubi	08-317	Týr	06-819	95,9	100,3	98,1	18,6	9,1	7,7	25,9	3,2	17,0
Ósi	09-350	Hnoðri	06-780	95,9	91,3	93,6	19,6	9,8	8,2	26,0	3,9	17,1
Heidi	06-310	Magni	04-314	97,3	83,5	90,4	18,8	9,3	7,8	25,1	3,3	17,0

Lömbin hér eru eins og svo oft með fádæmum væn. Dindill 06-313 skilaði strax haustið 2007 í afkvæmarannsókn niðurstöðum sem voru nánast eins í samanburðinum eins og nú. Lömbin núna eru gríðarlega væn og vel vöðvafyllt og gerð en aðeins feit. Þessi hrútur er frá Hafnardal undan Roða 05-507 sem síðustu árin hefur verið notaður á Skjaldfönn en móðurfaðir hans Kjarni 00-507 var sonur Dals 98-838. Lömbin undan Sveita 09-349 sýna afbragðsgóðar kjötmatsniðurstöður en þessi hrútur er frá Heydalsá og er skyldleikaræktaður afkomandi Herts 04-067 þar sem hann er bæði faðir og móðurfaðir hans en móðurmóðurfaðir hans er síðan Júní 03-030.

Steinstún

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Vísir	08-532	Högni	06-428	112,0	130,7	121,4	17,0	10,2	7,4	25,7	3,4	17,0
Sindri	08-530	Tumi	05-145	104,4	118,4	111,4	18,0	9,9	7,6	25,4	3,5	17,1
Múli	09-596	Magni	08-511	125,3	78,8	102,1	17,2	11,5	7,7	23,1	3,4	17,3
Böðvar	09-594	Toppur	08-515	84,0	105,6	94,8	17,4	9,8	8,1	25,0	3,9	17,2
Högni	06-428	Geir	05-326	90,3	89,7	90,0	16,7	9,8	7,7	24,1	3,7	17,2
Tumi	05-145	Kitti	03-281	88,4	87,2	87,8	17,2	8,9	7,3	24,3	4,0	17,0
Bali	07-444	Magni	06-426	85,4	78,4	81,9	17,5	9,5	7,8	23,4	3,5	17,1

Hér eru lambahópar með athyglisverðum ungum hrútum. Vísir 08-582 á þarna vel gerðan hóp en meirihluti yfirburðanna er sóttur til ómsjarmælinganna. Hann er undan Högna 06-438 en móðurfaðir hans Rindill 02-239. Hjá Sindra 08-530 er sömuleiðis sterkur hópur þar sem talsvert meira af yfirburðum eru frá skoðun lifandi lambanna en þessi hrútur er undan Tuma 05-145 en móðurfaðir hans Gummi 04-307. Yfirburðir í kjötmati fyrir gerð hjá lömbunum undan Múla 09-596 eru með fádæmum miklir en hann stenst ekki samanburðinn í ómsjarmælingum en þetta er hrútur frá Melum undan Magna 08-511 en dóttursonur Ljóma 02-971.

Stóra-Fjarðarhorn

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hlekkur	07-039	Emil	05-025	114,7	58,5	86,6	17,6	9,7	6,4	24,8	2,4	17,1
Toppur	07-345	Undri	05-818	92,5	101,5	97,0	18,6	10,3	7,9	26,7	2,8	17,3
Sómi	07-538	Bogi	04-814	103,9	116,5	110,2	19,1	9,4	6,8	27,2	2,6	17,3
Vargur	08-005	Seggur	07-007	109,8	83,1	96,5	18,2	9,6	6,6	25,7	2,5	17,2
Niels	08-009	Prúður	07-008	86,6	87,5	87,1	19,4	9,7	7,8	26,6	3,2	17,2
Ullur	08-114	Bogi	04-814	99,9	123,8	111,9	18,1	9,6	7,0	27,4	2,6	17,3
Dædi	09-001		08-008	84,8	96,6	90,7	17,9	8,7	7,1	26,4	2,8	17,0
Svanur	09-002	Villi	05-728	88,1	100,7	94,2	18,0	8,3	6,6	26,6	2,5	16,9
Þristur	09-003	Garpur	07-005	112,1	119,1	115,6	18,7	9,4	6,4	27,2	2,5	17,3
Glæsir	09-004	Grunur	08-160	117,6	99,0	108,3	18,6	9,9	6,5	26,4	2,5	17,1

Gimbralömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hlekkur	07-039	Emil	05-025	114,7	77,7	96,2	17,6	9,7	6,4	25,3	3,3	17,4
Toppur	07-345	Undri	05-818	92,5	104,5	98,5	18,6	10,3	7,9	26,4	3,1	17,5
Sómi	07-538	Bogi	04-814	103,9	123,0	113,5	19,1	9,4	6,8	27,4	2,6	17,4
Vargur	08-005	Seggur	07-007	109,8	85,5	97,7	18,2	9,6	6,6	25,1	2,8	17,2
Niels	08-009	Prúður	07-008	86,6	109,2	97,9	19,4	9,7	7,8	26,9	3,1	17,3
Ullur	08-114	Bogi	04-814	99,9	111,6	105,8	18,1	9,6	7,0	26,6	2,5	17,1
Dædi	09-001		08-008	84,8	75,5	80,2	17,9	8,7	7,1	25,1	3,1	16,9
Svanur	09-002	Villi	05-728	88,1	110,4	99,3	18,0	8,3	6,6	26,8	2,8	17,1
Þristur	09-003	Garpur	07-005	112,1	106,7	109,4	18,7	9,4	6,4	26,2	2,1	17,3
Glæsir	09-004	Grunur	08-160	117,6	106,0	111,8	18,6	9,9	6,5	26,4	2,7	17,3

Þar var í ár afkvæmarannsókn kollóttra hrúta eins og verið hefur oft áður. Þarna höfðu fjórir úrvalshrútar verið fengnir til notkunar frá öðrum búum á svæðinu auk þess sem sex heimahrútar voru í prófuninni. Skoðun var unnin aðeins á annan hátt en áður, þannig að aðeins var skoðaður vænsti hópur lambanna, en eins og fallþungatölur sýna voru lömbin feikilega væn. Þetta leiðir hins vegar til að gimbrahóparnir undan hverjum hrúti, sem komu til mælinga töldu nokkru færri gripi en oftast áður. Sláturupplýsingar eru aðeins fyrir vænsta hluta tvílembingshrútanna, sem slátrað var strax beint af fjalli. Hins vegar þá liggja einnig fyrir upplýsingar um öll sláturlömb hrútanna í rannsókninni frá haustinu og eru kjötmatsniðurstöður þeirra enn betri þó að það séu lömb með heldur minni fallþunga. Hlekkur 07-039 frá Árbæ er einn aðkomuhrútanna. Hann var þarna að skila mjög vel gerðum lömbum en bakvöðvamælingar lambanna undan honum stóðust að engu leyti samanburð við hina hópana. Toppur 07-345 frá Heydalsá var einnig í rannsókninni á Heydalsá haustið 2009, en í rannsókninni nú fékkst rækileg staðfesting þess, sem voru vísbendingar um þá, að vænleiki lamba undan honum stenst ekki samanburð við aðra hrúta, en lömbin undan honum eru mjög vel gerð. Sómi 07-538 í Þorpum, sem er fæddur á Heydalsá, átti mjög þroskamikil og vel gerð lömb en samt mjög fitulítil. Ullur 08-114 á Heydalsá var í rannsókninni á Heydalsá haustið 2009 og átti þar, veturgamall, mjög athyglisverðan afkvæmahóp. Þarna voru einnig mjög öflug lömb undan honum, þó að yfirburðirnir væru ekki þeir sömu og árið áður. Af heimahrútum voru tvímælalaust athyglisverðustu lömbin undan Glæsi 09-004, gríðarlega þroskamikil lömb með góða vöðvafyllingu. Þessi hrútur er fenginn frá Broddanesi I.

Að rannsókn lokinni var Sómi 07-538 í Þorpum falaður til notkunar á stöð, en þessi hrútur hefur heima í Þorpum nú í þrjú ár verið að skila afbragðsgóðum lömbum. Rétt er einnig að nefna, að þegar sláturniðurstöður fyrir öll lömb frá haustinu 2010 í Stóra-Fjarðarhorni liggja fyrir, stendur Sómi talsvert ofar hinum hrútunum í rannsókninni í þeim samanburði.

Pambárvellir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Glanni	08-057	Broddi	07-015	135,1	114,1	124,6	16,2	9,8	6,3	26,5	3,5	17,0
Gaui	08-056	Þór	06-255	100,3	117,3	108,8	15,7	8,4	6,3	26,6	3,3	16,9
Ken	05-690			114,1	96,1	105,1	17,0	8,8	6,4	25,7	3,7	17,0
Jónatan	08-053	Flikk	04-674	88,8	115,7	102,3	16,5	7,6	6,3	26,7	3,5	17,0
Móri	08-055	Robin	06-772	81,9	98,6	90,3	16,7	8,0	6,8	25,9	3,4	16,6
Tímon	06-792	Sjóður	03-021	86,4	90,8	88,6	16,9	8,3	6,9	25,6	3,7	16,8
Krókur	07-054	Neisti	06-822	73,5	62,7	68,1	16,4	8,6	7,4	24,4	4,2	16,8

Glanni 08-057 kemur hér fram sem yfirburðagripur en yfirburðir hans í kjötmatinu er glæsilegir og sömuleiðis skila ómsjarmælingarnar honum góðum hlut. Glanni er frá Broddanesi 1 og er undan Brodda 07-015 en móðurfaðir hans Bjartur 02-353 og móðurmóðurfaðir er Hnykill 07-095.

Þorpar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Garpur	09-007	Hreinn	07-105	117,3	103,4	110,4	17,3	8,4	6,3	25,4	2,9	16,9
Jökull	09-008	Sómi	07-854	106,0	108,5	107,3	17,3	8,9	7,0	25,3	2,7	17,2
Skalli	09-011	Æsir	06-448	98,8	111,5	105,2	16,6	8,5	6,8	25,7	3,0	17,1
Bangsi	09-006	Gullmoli	05-552	104,6	101,9	103,3	17,7	9,5	7,5	25,6	3,3	17,2
Kópur	09-009	Æsir	06-448	102,7	102,2	102,5	16,0	8,5	6,5	25,6	3,2	17,0
Spotti	08-005	Svali	06-454	92,6	106,8	99,7	16,8	8,9	7,3	25,2	2,5	17,0
Svali	06-454		05-180	106,9	78,8	92,9	17,9	8,8	7,0	24,3	2,8	16,8
Arður	06-450	Ylur	04-065	79,8	105,2	92,5	16,9	8,3	7,3	25,1	2,5	17,1
Bylur	07-532	Þorri	06-452	99,1	81,2	90,2	18,0	9,3	7,6	24,5	2,9	17,1

Hér eru ungu hrútarnir að koma sterkir inn eins og á að vera. Garpur 09-007 sækir mest af sínum yfirburðum í kjötmatið og þar telur lítil fita mest en þessi hrútur er frá Heydalsá undan Hreini 07-105 og er Örvar 04-983 móðurfaðir hans og Spaði 96-478 móðurmóðurfaðir. Jökull 09-008 sýnir mjög jafna og skýra yfirburði á báðum aðalþáttum rannsóknarinnar en hann er skyldur Garpi þar sem hann er sonur Sóma 07-854 og Kraftur 04-063 er móðurfaðir hans.

Tröllatunga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Tumi	08-407	Broddi	07-824	125,9	115,5	120,7	18,8	12,1	8,3	26,7	3,8	17,4
Roði	09-410	Kollur	07-643	93,4	139,0	116,2	18,5	10,4	8,3	27,4	3,5	17,7
Kollur	07-643	Hnoðri	06-780	124,1	100,7	112,4	17,8	11,3	7,8	25,5	3,3	17,1
Fálki	09-412	Valur	06-853	92,3	122,1	107,2	18,4	10,1	8,1	26,5	2,7	17,3
Boði	06-604	Sómi	02-972	94,2	108,9	101,6	18,6	10,5	8,3	25,5	2,6	17,5
Týr	09-411	Valur	06-853	94,9	94,0	94,5	19,1	10,2	8,1	25,1	3,3	17,1
Gestur	07-649	Vinur	05-001	76,1	95,8	86,0	18,8	9,6	8,3	25,1	2,9	17,3
Kútur	09-408	Skarfur	08-406	106,9	64,6	85,8	17,3	10,5	7,8	23,9	3,6	17,2
Ýlir	09-409	Þróttur	04-991	92,6	64,8	78,7	17,7	9,8	7,9	24,4	3,6	17,1

Aldrei hafa á þessu búi verið með hrútunum í rannsóknunum jafn þroskamikil og vel gerð lömb eins og vel má sjá á töflunni. Tumi 08-407 á þarna sterkasta hópinn sérstaklega er kjötmatið fyrir gerð með

fágætum gott. Hrútur þessi er frá Broddanesi 1 undan Brodda 07-824 en móðurfaðir hans Segull 02-352 og móðurmóðurfaðir Dugur 01-346 þannig að ekki skortir ættgöfgi. Roði 09-410 sækir yfirburði sína alla til ómsjarmælinganna þar sem þau lömb bera mikið af öðrum með feikilega góð lærahold. Faðir hans er Kollur 07-643 sem hér stendur næstur í rannsókninni en Valur 06-853 er móðurfaðir þessa hrúts og síðan er einhver nálgun við hyrnt fé þar sem Lási 02-944 er móðurmóðurfaðir. Kollur er að skila feikilega góðum kjötmatsniðurstöðum hjá sláturlömbunum en þessi hrútur er frá Heydalsá undan Hnoðra 06-780 en móðurfaðir hans Kóngur 00-658 og Þyrill 94-399 er móðurmóðurfaðir þessa hrúts.

Valdasteinsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmát	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Brjánn	09-483	Prjónn	07-812	108,3	136,5	122,4	16,6	9,3	6,0	29,1	2,6	17,1
Nafni												
Minn	07-470	Máni	03-975	134,3	110,3	122,3	16,1	9,6	5,4	27,4	2,7	17,0
Þráður	07-467	Kveikur	05-965	95,2	130,5	112,9	18,3	9,9	7,0	28,3	2,6	17,2
Hljómur	08-473	Ómur	07-469	98,6	126,2	112,4	16,3	9,3	6,3	28,2	2,7	16,9
Sorti	09-484	Prjónn	07-812	97,8	102,7	100,3	16,4	9,1	6,2	27,6	3,2	17,0
Krókur	09-481	Kaldi	03-989	98,5	99,4	99,0	16,3	9,0	6,1	27,0	2,8	17,1
Ketill	09-482	Kaldi	03-989	100,2	91,0	95,6	16,2	9,1	6,1	26,7	2,8	17,0
Spotti	09-487	Þráður	07-467	85,6	103,1	94,4	17,1	9,5	7,0	27,4	3,0	17,1
Bakki	09-485	Garður	05-802	88,4	86,0	87,2	17,4	9,0	6,6	26,6	3,1	16,9
Frosti	08-478	Ormur	02-933	75,9	95,5	85,7	17,5	8,6	6,6	26,9	3,1	17,1
Hás	09-490	Ás	04-813	112,8	57,2	85,0	16,1	9,6	6,0	25,5	2,8	16,7
Freyr	09-489	Frakksso	03-974	93,9	65,6	79,8	16,7	9,6	6,7	25,4	2,7	17,0

Brjánn 09-483 er þarna með sterkan lambahóp þar sem stærstur hluti yfirburðanna kemur frá ómsjarmælingum en lömbin eru mjög vel vöðvafyllt, þetta er sonur Prjóns 07-812 en móðurfaðir hans Spaði 04-487 og móðurmóðurfaðir er Hylur 01-883. Ekki síður er athyglisverður lambahópur hjá Nafna mínum 07-470, en hann hefur sýnt ákaflega góðar kjötmatsniðurstöður í rannsóknunum á undanförunum árum en ekki náð jafn góðum samanburði úr ómsjarmælingunum áður eins og hann fær núna. Sérstaklega er fituleysi hjá sláturlömbunum undan honum afgerandi. Nafni er sonur Mána 03-975 en móðurfaðir hans Njóli 03-456 var sonur Arfa 99-873 og síðan er móðurmóðurfaðir þessa hrúts Broddi 97-598 sem var notaður hér til fjölda ára og mótaði fé mikið. Þráður 07-467 á hér hóp þó að aðal þolraun hans haustið 2010 hafi verið í rannsókn fyrir stöðvarnar í Ásgarði í Dölum og lambahópurinn undan honum hér eru því eldri lömb en í öðrum hópum og mögulega hefur það einhver áhrif á samanburðinn á fitumatinu sem er honum núna óhagstæðari en áður hefur verið.

Ytri-Ós

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmát	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hnoðri	06-780	Texel	05-176	113,0	109,9	111,5	16,9	9,2	6,6	26,9	3,2	16,8
Stalon	05-763	Langidal	01-931	111,0	105,4	108,2	17,1	9,3	6,8	26,4	3,0	17,1
Svansson	09-169	Vorm	03-988	105,2	110,7	108,0	17,8	10,0	7,6	26,9	3,3	17,3
Stakkur	09-168	Heidi	06-310	96,5	98,6	97,6	18,0	9,2	7,4	26,3	3,1	16,9
Sorbus	07-158	Stormur	04-456	87,9	105,9	96,9	18,5	8,7	7,5	26,6	3,3	17,3
Kollur	07-006	Móði	06-065	96,1	95,6	95,9	18,4	9,6	7,8	26,1	3,2	17,1
Glaður	09-167	Roði	06-259	96,9	78,2	87,6	17,0	8,8	6,9	25,7	4,1	17,2

Í rannsókninni hér standa eftir hópar undan tveim fullorðnum hrútum frá Heydalsá. Hnoðri 06-780 er með mjög jafnan hóp að kostum en lítil fita lambanna vegur samt mest. Sonur hans Kollur 07-643 vakti einnig í haust athygli í rannsókn í Tröllatungu. Hnoðri er sonur Texel 05-176 en móðurfaðir hans er Ægir 01-916. Stalon 05-763 var líka haustið 2009 með góðan hóp í rannsókninni hér en hjá honum er það eins og hjá Hnoðra lítil fitusöfnun hjá lömbunum sem skapar mest af yfirburðunum.

Vestur-Húnavatnssýsla

Akurbrekka

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fáni	09-046	Fannar	07-808	120,7	151,2	136,0	18,1	11,0	6,7	29,6	3,1	17,1
	06-042	Lási	02-944	100,8	139,9	120,4	16,4	8,8	6,0	28,8	2,8	17,0
	08-047	Raftur	05-966	108,7	106,3	107,5	16,6	9,2	6,0	27,5	3,0	16,9
	08-041		05-043	106,9	106,4	106,7	15,6	8,4	5,5	27,1	2,5	16,9
	06-043	Lundi	03-945	97,3	77,8	87,6	16,7	8,6	6,0	25,7	3,1	17,2
	05-041	Lómur	02-923	106,7	66,9	86,8	16,7	9,0	6,0	25,9	3,8	16,9
Þórir	04-043	Tindur	03-056	92,2	80,2	86,2	16,3	8,7	6,2	26,3	3,5	17,2
	07-041	Hylur	01-883	58,1	64,6	61,4	17,1	8,6	7,2	24,8	2,5	16,8

Fáni 09-046 er mjög skýr sigurvegari í þessari rannsókn en hann á þarna þroskamikil lömb með feikilega gott mat fyrir gerð í kjötmati og bakvöðvamælingarnar skapa honum mjög mikla yfirburði sem varla þarf að koma að óvart fyrir son Fannars 07-808 en móðurfaðir Fána var Stapason 04-044 sem var undan Stapa 98-966. Einhver áhrif getur haft að öll lömbin undan Fána voru undan tvævetlum. Hróttur 06-042 sækir gríðarmikla yfirburði í ómsjarmælingabátt rannsóknarinnar sem kann að koma að óvart í ljósi þess að þetta er sonur Lása 02-944 en móðurfaðir hans var Galsason 97-044 og var sá sonur Galsa 93-963.

Bálkastaðir Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sær	08-072	Raftur	05-966	128,5	128,6	128,6	16,0	9,2	5,3	27,2	2,7	17,1
Hafur	08-074	Raftur	05-966	123,9	111,7	117,8	16,0	8,5	5,0	26,4	2,5	16,9
Mar	08-071	Raftur	05-966	119,2	105,8	112,5	15,0	8,4	4,9	26,8	3,2	17,0
	06-075	Dregill	03-947	84,4	108,9	96,7	16,5	9,0	6,5	27,0	3,5	17,1
	05-075	Úði	01-912	92,4	91,8	92,1	16,4	8,9	6,2	25,8	3,0	16,9
Ás	07-077	Máni	03-975	91,0	90,5	90,8	16,4	9,0	6,3	25,6	2,9	17,3
Breki	07-076		05-075	65,1	66,2	65,7	16,0	8,2	6,4	25,3	3,4	16,9

Raftssynirnir (05-966), Mar 08-071, Sær 08-072 og Hafur 08-074 skipa sér afgerandi á toppinn í rannsókninni og eru það greinilegir yfirburðir á öllum þáttum kjötgæðanna sem skipa þeim í efstu sætin. Sær á afgerandi sterkasta lambahópinn af þessum bræðrum með enn vöðvafylltari og betur gerð lömb en hinir en hjá honum er eitthvað smá innslag frá kollóttu fé vegna þess að móðurfaðir hans 03-073 var sonur Sónars 97-960. Hafur sækir allra mest í litla fitu en hann er aðeins skyldleikaræktaður út af Lóða 00-871 vegna þess að móðurfaðir hans 03-071 var sonur hans. Mar kemur aðeins ver út í þungasamanburði en fituleysi lambanna er algert. Móðurfaðir hans er 01-077.

Barkastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kaktus	09-406	Fannar	07-808	129,2	170,7	150,0	16,9	10,8	7,2	29,6	2,7	17,0
Bruni	09-403	Kveikur	05-965	109,7	132,9	121,3	15,9	9,8	7,1	28,6	3,0	17,1
Kroppur	08-404	Raftur	05-966	116,7	118,0	117,4	15,3	9,5	6,6	27,3	3,0	17,4

Bangsi	05-411	Sopi	03-015	115,2	98,5	106,9	15,9	9,8	7,0	26,4	2,7	17,0
Grásteinn	07-407	Mangó	03-948	103,4	110,1	106,8	15,9	9,0	6,8	27,1	2,9	17,3
Stangi	07-409	Kári	05-011	111,0	102,0	106,5	15,8	9,8	7,1	26,6	2,8	17,2
Gosi	09-404	Vorm	03-988	95,8	109,9	102,9	16,5	9,6	7,6	27,0	3,0	17,2
Klaki	07-404	Bangsi	05-411	103,4	94,4	98,9	15,0	9,0	6,6	26,4	3,2	17,3
Róni	08-401	Raftur	05-966	106,3	87,4	96,9	15,3	8,7	6,4	25,7	2,4	16,8
Reykur	07-411	Erfingi	04-009	99,8	78,2	89,0	16,2	9,6	7,4	25,6	2,8	16,9
Kraftur	08-405	Raftur	05-966	73,8	70,4	72,1	15,9	8,3	7,2	25,0	3,0	17,0
Funi	08-402	Stangi	07-409	89,8	46,9	68,4	15,6	9,5	7,5	24,4	2,8	16,8
Krókur	09-405	Bangsi	05-411	62,7	72,0	67,4	15,2	8,4	7,6	25,5	3,3	16,9

Líkt og verið hefur hér undanfarin ár þá er það sammerkt öllum topphrútunum í rannsókninni að þeir eru í móðurætt ættaðir frá Urriðaá. Hér kemur fram einn af mestu toppum rannsókna á öllu landinu haustið 2010. Þetta er Kaktus 09-406 en hann er að gefa þroskamikil og frábærlega vel gerð lömb en allra mest af yfirburðunum koma samt frá ómsjarmælingum en þessar niðurstöður koma vart að óvart í ljósi ætternis en þetta er sonur Fannars 07-808 og móðurætt öll frá Urriðaá en móðurfaðir er Bangi 05-411 sem hefur verið ótrúlega mikil yfirburðakind á búinu um fjölda ára þó að nú komi ungliðar sem slá hann út þá kemur hann næstur þeim enn. Bruni 09-403 er með sterkan hóp þar sem ómsjarmælingarnar vega samt þyngst en þetta er sonur Kveiks 05-965 og móðurfaðir hans Dropi 03-419 sem kom frá Urriðaá var sonur Leka 00-880. Kroppur 08-404 er með hóp sem er mjög jafn að kostum fyrir báða meginþætti rannsóknarinnar en Kroppur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans Vörður 04-405 sem kom frá Urriðaá var sonur Dreitils 00-891.

Bergsstaðir Miðfirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bylur	05-142	Hylur	01-883	128,0	106,4	117,2	18,2	11,3	7,1	29,3	3,2	17,4
Funi	09-146	Fannar	07-808	96,2	132,0	114,1	18,0	10,9	7,7	30,6	3,7	17,4
Úrsus	07-150	Kveikur	05-965	91,7	122,7	107,2	17,8	10,3	7,4	30,0	3,2	17,4
Pinni	09-142	Prjónn	07-812	116,0	94,5	105,3	18,1	10,9	7,1	29,1	3,6	17,2
Þari	09-145	Þróttur	04-991	103,4	104,7	104,1	16,9	10,4	7,1	29,7	4,0	17,5
Gemsi	08-145	Zetor	07-149	103,8	90,6	97,2	17,7	9,9	6,8	28,6	3,3	17,1
Arður	09-141	Garður	05-802	88,0	96,8	92,4	17,7	10,3	7,5	29,2	3,7	17,4
Baxi	09-147	Bramli	04-952	88,0	87,5	87,8	16,9	9,6	7,0	28,4	3,2	17,1
Títiprjónn	09-143	Prjónn	07-812	97,5	60,8	79,2	18,4	11,4	8,0	27,8	3,6	17,3

Eins og áður eru hér mjög glæsileg lömb sem fylgja hópunum eins og tölurnar tala skíru máli um. Enn einum sinni mætir Bylur 05-142 með gríðarlega kostamikinn lambahóp en þetta er margreindur snillingur undan Hyl 01-883. Yfirburðirnir fyrir lambahópinn undan Funa 09-146 eru allir sóttir í ákaflega þykkan bakvöðva lambanna en þau eru einnig mjög vel gerð eins og tölurnar sýna. Þessi kappi er sonur Fannars 07-808 en móðurfaðir hans G. og G. 03-150, sem reyndist hér ákaflega vel var sonur Lóða 00-871.

Bergsstaðir Vatnsnesi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kani	07-092	Kveikur	05-965	112,8	157,0	134,9	17,4	9,9	6,2	29,8	2,2	18,1
Ári	04-096	Áll	00-868	110,1	111,3	110,7	17,2	10,2	6,4	27,9	2,4	17,7
Bruni	07-091	Kveikur	05-965	99,7	110,9	105,3	17,5	9,9	6,6	27,9	3,5	17,6
Gaur	09-204	Sóði	09-098	107,5	101,5	104,5	16,5	9,7	6,0	27,8	2,6	17,9
Sóði	08-098	Gotti	05-804	93,6	114,8	104,2	17,2	8,8	6,0	28,0	2,9	17,4
Loki	05-208	Lómur	02-923	98,4	103,1	100,8	17,6	9,8	6,6	28,0	2,9	17,9
Náli	09-205	Prjónn	07-912	92,7	108,8	100,8	17,6	10,1	7,0	28,1	2,8	17,8
Spaði	08-095	Púki	06-807	119,5	80,2	99,9	18,4	10,5	6,6	26,5	1,9	17,6
Peli	07-087	Sopi	04-095	103,2	90,8	97,0	17,7	10,3	6,8	27,2	3,0	17,5
Lopi	08-100	Lóði	00-871	88,3	103,3	95,8	16,3	9,2	6,3	28,3	2,8	17,5
Grani	07-093	Gosi	05-205	72,2	103,9	88,1	17,3	9,5	7,1	27,4	2,6	17,7
Aggi	09-203	Bruni	07-091	98,5	72,7	85,6	16,3	9,0	5,8	26,2	3,3	17,5
Tappi	09-202	Peli	07-087	101,9	66,5	84,2	16,3	9,0	5,7	26,0	2,4	17,3

Á þessu landsþekkta ræktunarbúi er stór rannsókn en hér eru það eldri hrútarnir sem eiga toppinn enginn afgerandi toppur úr hópi yngstu hrútanna eins og svo oft hefur verið. Kani 07-092 sem skipaði toppinn á síðasta ári gerir það aftur nú og eru yfirburðir hjá honum úr ómsjarmælingunum feikilega miklir og hópurinn eins og flestir í rannsókninni stórglæsilegur. Þessi hrútur er sonur Kveiks 05-965 og úr kjarna ræktunarinnar í móðurætt þar sem Busi 03-946 er móðurfaðir og Deli 98-094 er móðurmóðurfaðir. Enn einum sinni mætir Ári 04-095 til leiks með feikilega góðan lambahóp, en þessi hrútur væri löngu kominn til notkunar á sæðingastöðvunum væri hann ekki áhættuafgerðar, afkomendur hans hafa fyllt sætin þar í stað hans. Brunni 07-091 átti góðan hóp haustið 2009 og á það aftur nú en hann er annar sonur Kveiks 05-965 og hér er Lási 02-944 móðurfaðir og móðurmóðurfaðir er Posi 00-205. Af yngstu hrútunum skipar Gaur 09-204 sér efst með mjög vel gerðan hóp en þungasamburð heldur í óhag en hann er undan Sóða 08-098 en móðir hans ein úrvalsanna á búinu undan Dela 98-094. Rétt er einnig að vekja athygli á feikilega þroskamiklum lömbum með frábært kjötmat undan Spaða 08-095 en hann er sonur Púka 06-807. Rétt er einnig að nefna að Laufi 08-848 átti þarna stóran og góðan lambahóp þó að hann sé ekki með í rannsókninni.

Bjarg

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Rosti	08-233	Raftur	05-966	128,5	108,6	118,6	16,4	9,0	5,5	25,7	2,6	16,7
Hringur	07-259			89,8	123,9	106,9	16,1	8,1	6,0	26,9	3,5	17,2
Brenni	08-236	Jaðri	03-260	94,3	100,8	97,6	16,3	8,7	6,3	25,8	3,2	16,9
Salomón	07-268	Móri	02-935	93,5	99,8	96,7	15,3	7,6	5,5	26,0	3,6	16,7
Koti	07-262	Kjalvar	02-943	102,2	86,7	94,5	16,6	8,5	6,0	24,8	3,0	16,9
Skuggi	03-549	Glói	98-541	77,8	80,1	79,0	15,3	7,6	5,9	25,1	3,5	16,8

Rosti 08-233 gaf góðar niðurstöður á síðasta ári og kemur enn betur út úr samanburðinum núna og er það fyrst og fremst lítil fita lambanna sem lyftir honum í hæðir en þetta er einn ótalmargra úrvalshrúta undan Rafti 05-966.

Bjargshóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ljúfur	09-277	Kveikur	05-965	129,4	120,6	125,0	18,3	10,3	7,0	28,6	3,7	17,3
Loftur	09-278	Kveikur	05-965	91,1	125,6	108,4	18,1	9,2	7,6	28,8	3,6	17,0
Johannes	06-291	Ás	04-283	90,6	109,0	99,8	19,1	9,1	7,7	27,9	3,6	17,5
Theodor	06-292	Áll	00-868	95,5	85,4	90,5	17,4	10,0	7,8	27,2	4,1	17,0
Július	05-285		03-279	91,3	42,6	67,0	18,8	9,5	7,9	25,0	4,7	17,1

Hér kemur Ljúfur 09-277 með frábæran lambahóp en lömbin eru mjög þroskamikil með gríðargott kjötmat, vöðvabykk en samt fitulítill þrátt fyrri þennan mikla vænleika. Hér er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans Lóðsi 03-281 sem var sonur Lóða 00-871.

Böðvarshólar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bogi	08-322	Örvar	04-983	127,5	122,1	124,8	17,6	9,3	6,0	29,0	3,5	17,1
Stilltur	07-312	Máni	03-975	116,2	108,4	112,3	18,7	9,7	6,9	28,0	3,2	17,2
Sámur	07-318	Týr	02-106	97,0	124,7	110,9	18,4	9,0	6,9	28,7	3,1	16,9
Eymastór	09-326	Kjói	04-816	118,8	95,5	107,2	17,4	8,5	5,7	27,7	3,4	16,4
Spói	09-325	Kjói	04-816	111,0	102,3	106,7	18,4	8,7	6,3	27,8	3,3	16,9
Frakkur	07-315	Gibson	03-111	94,2	119,0	106,6	18,7	8,9	7,0	28,3	3,2	17,2
Prúður	07-311	Máni	03-975	97,2	114,3	105,8	18,0	8,7	6,6	28,2	3,3	17,1
Tjakkur	07-317	Pjakkur	05-307	87,7	106,8	97,3	18,1	9,0	7,1	28,0	3,4	17,0
Gibbon	08-319	Gibson	03-111	101,5	85,0	93,3	18,1	8,7	6,5	27,4	3,5	16,7
Koddi	07-316	Gibson	03-111	85,1	99,6	92,4	18,7	8,8	7,2	27,6	3,3	17,2
Fífill	08-320	Örvar	04-983	91,1	87,4	89,3	18,5	9,3	7,3	27,0	3,3	17,0
Patti	05-306	Bjartur	02-102	76,7	84,4	80,6	17,8	8,6	7,1	27,0	3,1	16,7
Ódæll	07-313	Máni	03-975	71,3	63,0	67,2	18,3	8,5	7,3	26,0	3,5	16,8

Afkvæmahópunum hér fylgja eins og áður ákaflega þroskamikil lömb. Stilltur 08-322 er þarna með hóp af mjög vel vöðvafylltum og mjög fitulitlum lömbum en hann er undan Örvari 04-983 en móðir hans fjárskiptær frá Stóra-Fjarðarhorni undan Hnífil 01-183. Stilltur 07-312 er með mjög jafngóðan lambahóp sem samt sækir heldur meira af yfirburðum til kjötmatsins en þetta er sonur Mána 03-975 en móðir hér er líka fjárskiptær frá Stóra-Fjarðarhorni en faðir hennar var Broddur 01-189.

Efri-Fitjar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bifurinn	08-664	Bifur	06-994	116,3	146,9	131,6	17,4	10,7	7,1	29,6	3,6	17,3
Jarmur	05-662	Vöðvi	04-671	121,9	136,3	129,1	18,1	11,2	6,9	29,6	3,4	17,8
Pyttur	08-665	Dropi	06-998	115,6	130,2	122,9	16,8	10,3	6,7	29,2	2,9	17,3
Neisti	09-661	Kveikur	05-965	112,1	119,4	115,8	17,2	10,0	6,7	28,1	2,6	17,3
Höffi	09-664	Prjónn	07-812	101,5	111,2	106,4	17,5	10,4	7,3	28,0	3,0	17,4
Prjónari	09-665	Prjónn	07-812	117,5	90,9	104,2	17,3	9,8	6,4	27,1	2,7	16,9
Stormur	06-668	Kári	05-011	108,7	81,1	94,9	17,7	10,4	7,1	26,9	3,4	17,1
Hrafnar	07-668	Vöðvi	04-506	95,4	82,0	88,7	17,5	9,7	7,0	26,9	3,2	17,2
Fjörður	09-669	Fannar	07-808	91,3	85,6	88,5	17,0	9,8	7,2	27,4	3,7	16,7
Kveikjar	07-665	Kveikur	05-965	108,6	68,3	88,5	16,9	10,2	6,9	26,2	3,1	17,2
Stylkur	09-660	Kveikur	05-965	63,6	108,7	86,2	16,1	8,5	7,1	27,8	2,7	17,1

Rauður	07-669	Roði	05-507	87,2	69,4	78,3	17,6	9,2	6,9	27,1	4,1	17,2
Raftari	08-661	Steri	07-664	69,2	58,3	63,8	17,3	9,2	7,4	25,9	3,4	17,1

Hér er stór rannsókn og glæsilegir lambahópar. Bifurinn 08-664 er í efsta sætinu eins og á síðasta ári en þar eins og þá eru það miklir yfirburðir í bakvöðvaþykkt sem vega langsamlega þyngst en lömbin eru samt um leið mjög vel gerð. Þetta er sonur Bifurs 06-994 en móðurfaðir hans er Prúður 94-834. Jarmur 05-662 kemur enn einum sinni með stórglæsilegan lambahóp í svona rannsókn en þetta er með meiri kjöttgæðakindum. Pyttur 08-665 er með góðan hóp eins og á síðasta ári en ómmælingaþátturinn telur samt ívið meira í heildarniðurstöðunum en þetta er sonur Dropa 06-998 en Hylur 01-883 er móðurfaðir hans. Neisti 09-661 er með mjög fallegan og jafngóðan lambahóp en þetta er einn úrvalshrútanna undan Kveiki 05-965.

Finnmörk

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kveikur	07-375	Kveikur	05-965	120,2	132,7	126,5	15,3	8,5	5,7	27,0	2,7	17,2
	09-380	Vaskur	04-381	95,7	114,6	105,2	15,6	8,7	6,6	26,5	2,8	17,3
	09-371	Glumur	06-371	91,0	118,5	104,8	15,0	7,9	6,1	27,4	3,6	17,1
	08-370		07-372	123,0	86,1	104,6	15,3	8,0	5,3	25,1	2,9	17,0
Ljufur	07-376	Ljufur	05-968	113,6	89,0	101,3	14,5	8,3	5,6	25,3	2,7	16,9
Vaskur	04-381			89,2	111,8	100,5	15,5	8,3	6,5	26,6	3,0	17,1
	09-374	Njáll	04-374	103,7	89,8	96,8	14,9	7,8	5,6	25,4	2,9	16,6
Breiði	05-371	Gári	02-904	84,4	88,6	86,5	15,3	7,7	6,2	25,3	2,7	17,0
	08-371	Gári	04-380	68,6	68,8	68,7	16,2	8,0	7,0	24,8	3,5	16,9

Kveikur 07-375 er með lambahóp sem sýnir mjög umtalsverða yfirburði um nánast alla þætti rannsóknarinnar enda lömbin bæði vöðvaþykkri og fituminni en undan öðrum hrútum. Kveikur er fenginn frá Urriðaá undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir hans Stubbur 99-016 var undan Sunna 96-830.

Grafarkot

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Laddi	09-585	Spaði	08-095	131,2	140,8	136,0	16,6	10,2	6,0	29,3	3,2	17,3
Karvel	08-594	Bogi	04-814	111,2	116,2	113,7	17,2	9,1	6,1	28,5	3,5	17,3
Fjalar	09-596	Moli	07-591	102,0	97,7	99,9	18,0	10,0	7,2	27,4	3,2	17,2
Krákur	09-598	Sykur	07-592	88,9	95,8	92,4	17,5	9,6	7,3	27,3	3,2	17,2
Moli	07-591	Gullmoli	05-552	99,1	83,2	91,2	18,0	10,0	7,3	27,0	3,4	17,1
Tröllli	09-599	Sykur	07-592	92,6	84,2	88,4	18,1	9,5	7,2	27,0	3,5	17,2
Sykur	07-592	Demant	05-554	80,4	80,6	80,5	17,6	9,4	7,4	26,8	3,4	17,3

Lambahópurinn undan Ladda 09-585 sýnir mikla yfirburði en lömbin undan honum eru ákaflega vel vöðvafyllt með mjög litla fitu. Hrútur þessi er frá Bergsstöðum undan Spaða 08-095 en móðurfaðir hans Láki 05-207. Karvel 08-594 á þarna einnig mjög kostamikinn lambahóp og jafnan á báða þætti en þessi hrútur er fenginn frá Heydalsá sonur Boga 04-814 en móðurfaðir hans Ægir 01-916.

Helguhvammur 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Spói	09-399	Fengur	08-052	129,8	110,1	120,0	18,5	10,6	7,5	26,3	3,4	17,4
Bói	09-397	Hreinn	07-393	126,9	88,3	107,6	18,8	9,7	7,0	25,0	3,4	17,0
Brunó	07-394	Stefnir	05-765	115,3	92,5	103,9	18,2	9,8	7,5	25,1	2,9	17,1
Glæsir	05-046	Hnokki	00-918	83,1	115,4	99,3	17,2	8,5	7,4	26,7	3,7	17,2
Hnokki	05-049	Erpur	01-919	85,7	111,8	98,8	18,7	9,3	8,1	26,3	3,3	17,1
Hreinn	07-393	Bjarmi	05-767	89,9	98,4	94,2	19,4	10,0	8,5	26,1	4,3	17,3
	08-026		07-793	77,1	85,3	81,2	17,7	9,7	8,5	25,4	3,9	17,1

Spói 09-399 á þarna hóp sem sýnir mjög mikla yfirburði og sérstaklega eru yfirburðirnir miklir fyrir gerð sláturlambanna en þetta eru mjög þroskamikil lömb eins og í öllum hópunum. Þessi hrútur er frá Smáhömrum undan Feng 08-052 sem er úrvalshrútur þar frá Melum í Árneshreppi. Brunó 07-394 hefur verið að gefa góðar niðurstöður síðustu árin í rannsóknum og er enn með mjög góðar niðurstöður úr kjötmatinu en þetta er mórauður hrútur frá Heydalsá.

Krossanes

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gári	08-243	Púki	06-807	123,1	124,1	123,6	16,0	9,9	6,5	28,0	3,0	17,4
Raftur	08-241	Drúði	07-086	111,3	134,0	122,7	15,9	9,0	6,2	28,5	3,3	17,3
Bergur	09-242	Bruni	07-091	125,2	82,1	103,7	16,3	9,2	6,0	26,2	3,2	16,9
Prúður	08-242	Ári	04-096	93,7	98,6	96,2	16,6	9,7	7,3	26,8	2,9	17,0
Hylur	05-247		04-244	65,6	99,1	82,4	15,3	7,6	6,5	27,1	3,2	16,9
	06-254	Úði	05-243	81,3	56,2	68,8	15,6	8,9	6,9	25,0	3,2	16,6

Gári 08-243 sem efstur stendur á þarna hóp sem er mjög jafn að kostum fyrir alla eiginleika, vöðvafylling afkvæmanna er sérlega góð. Þessi hrútur kemur frá Bergsstöðum og er sonur Púka 06-807 og móðurfaðir hans er Busi 03-946. Raftur 08-241 stendur honum mjög nærri í heildareinkunn en haustið 2009 var hann á toppi í rannsókn á búinu. Hjá Rafti er verulegur hluti yfirburðanna sóttur í ómsjarmælingar. Raftur er einnig fenginn frá Bergsstöðum og er hann sonur Drúða 07-086 en móðurfaðir hans Láki 05-207.

Litla-Ásgeirsá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-438	Máni	03-975	111,5	127,1	119,3	16,9	10,2	6,6	27,9	3,0	17,1
Toppur	09-408	Bogi	04-814	102,8	107,5	105,2	15,8	8,2	5,3	27,2	3,4	17,1
	07-437	Máni	03-975	111,2	89,9	100,6	17,0	9,4	6,1	26,6	3,3	16,9
	07-436	Frakksson	03-974	93,5	103,5	98,5	16,7	8,6	6,0	26,9	3,2	17,2
	08-404	Móri	07-101	103,0	82,3	92,7	16,0	9,2	6,0	26,4	3,7	17,0
	08-401	Bylur	03-987	82,4	88,2	85,3	17,2	9,3	6,9	26,5	3,3	16,8

Hrútur 07-438 er hér mjög skýrt í efsta sæti en hann var einnig við topp í rannsókninni haustið 2009. Hann er að skila mjög vel gerðum og vöðvafylltum lömbum. Hrútur þessi er sonur Mána 03-975.

Miðhóp

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gránuson	07-176	Máni	03-975	115,9	132,6	124,3	16,0	8,6	5,7	27,1	2,5	17,4
Gulli	09-186	Svaki	08-115	111,3	116,9	114,1	15,9	9,2	6,2	26,5	2,4	17,4
	09-182	Bogi	04-814	110,5	111,4	111,0	14,8	8,7	5,6	26,3	2,3	17,3
Emil	08-183	Eldur	03-981	117,0	104,7	110,9	15,4	9,2	5,8	26,3	2,6	17,3
Gai	09-188	Klaufi	08-152	104,9	115,1	110,0	16,2	9,3	6,5	26,8	2,9	17,3
Jóli	07-179	Frakksson	03-974	101,1	108,9	105,0	15,5	9,2	6,4	26,7	2,9	17,0
Ás	07-173	Máni	03-975	120,8	79,1	100,0	15,8	9,0	5,8	25,4	2,9	17,4
Frakkur	09-187	Frakksson	03-974	114,3	83,9	99,1	15,3	8,8	5,6	25,4	2,9	17,2
Blævar	06-171		05-164	75,1	114,3	94,7	17,4	9,1	7,5	26,7	2,8	17,2
Sláni	09-185	Kjói	04-816	85,7	97,5	91,6	16,3	8,8	6,8	25,9	2,6	17,1
Umbi	08-181	Örvar	04-983	83,5	75,0	79,3	15,4	8,5	6,4	25,3	2,9	17,2
Svartur	07-174	Garpur	04-815	64,4	79,0	71,7	15,6	8,7	7,2	25,6	3,3	17,0

Gránuson 07-176 skipar sér skýrt í toppsætið í þessari rannsókn. Meginkostir afkvæma hana liggja í þykkum vöðva og lítilli fitu. Þetta er sonur Mána 03-975 en móðurfaðir hans Gæi 00-180 var sonur Klængs 97-839. Gulli 09-186 er með afkvæmahóp sem er jafn að kostum en þessi hrútur kemur frá Heydalsá og er undan Svaka 08-115 og móðurfaðir hans Svartur 04-075. Það sama verður sagt um bæði 09-182 og Emil 08-183 að afkvæmahópar þeirra eru mjög jafnir þó að lítil fita hækki þá báða hvað mest. 09-182 er undan Boga 04-814 en móðurfaðir hans Nebbi 04-158 sem var hrútur undan Sónari 97-860 sem reyndist vel, en Emil er undan Eldi 03-981 og dóttursonur Hörva 99-856. Þessum kollóttu hrútum hér er það því öllum sammerkt að sækja uppruna sinn mikið í áratuga ræktun í Kirkjubólshreppnum.

Mýrar 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Melkior	07-133	Fróði	04-963	122,2	132,5	127,4	17,5	10,0	7,0	27,6	2,7	17,4
Kraftur	08-163	Raftur	05-966	118,7	132,9	125,8	16,0	9,1	6,2	28,0	2,5	17,3
Lampi	09-130	Kveikur	05-965	101,7	107,4	104,6	16,9	9,0	6,8	26,7	2,6	17,2
Arafat	06-224	Klaufi	05-145	95,8	107,5	101,7	16,1	9,4	7,1	27,1	3,1	17,3
Snævar	09-137	Fannar	07-808	87,8	105,3	96,6	16,3	8,7	6,9	26,7	2,8	17,4
Tvistur	09-160	Bramli	04-952	105,6	75,6	90,6	15,7	8,5	6,1	25,0	2,4	16,9
Reykur	09-163	Kveikur	05-965	81,1	96,7	88,9	15,2	7,5	6,5	26,1	2,8	17,7
Svartkollur	08-132	Mókollur	03-978	89,1	64,6	76,9	15,4	7,1	5,7	24,5	3,0	17,2
Skjálfti	09-131	Kaldi	03-989	72,6	63,2	67,9	16,0	7,6	6,6	25,1	3,2	17,0

Melkior 07-133 er hér með mjög kostamikinn lambahóp, þroskamikil og mjög vel vöðvafyllt lömb með aðeins of mikla fitu sem er einkenni fyrir mjög marga af sonum Fróða 04-963 en móðurfaðir hans var Blámi 04-169. Hópurinn hjá Krafti 08-163 er einnig sterkur en þar er fituleysið aftur á móti tekjuliður í samanburði en Kraftur átti einnig sterkan hóp haustið 2009 en hann er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Ómur 05-137 sem var sonur Lóms 02-923.

Mýrar 3

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Keilir	08-045	Raftur	05-966	120,8	134,9	127,9	17,6	9,2	6,2	27,1	3,3	17,4
Ljúfur	08-047	Bobbi	04-962	114,8	138,7	126,8	16,5	9,4	6,2	27,8	2,7	17,0
Smári	07-045	Frakksson	03-974	72,7	116,8	94,8	16,8	8,7	7,0	26,3	2,8	17,1
Þróttur	08-044	Lóði	00-871	95,2	75,0	85,1	17,1	8,3	6,2	24,9	3,7	17,2
Botni	09-044	Prins	08-041	102,1	66,8	84,5	17,2	8,3	6,0	24,3	3,7	16,8
Sómi	08-043	Raftur	05-966	102,6	63,0	82,8	16,6	8,2	5,8	24,4	3,5	16,9

Hér eru tveir afkvæmahópar sem bera mikið af um kjötgæði lambanna. Annar er Keilir 08-045 sem á mjög þroskamikil lömb með yfirburði í læraholdum en þetta er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans Eitill 01-041 var hrútur undan Aski 97-835. Hinn er Ljúfur 08-047 en hjá honum vegur þyngst í yfirburðum góð gerð sláturlamba og öðru fremur þykkur bakvöðvi. Hann er hins vegar sonur Bobba 04-962 og móðurfaðir hans Álfur 01-042 var sonur Sekks 97-836.

Neðra-Vatnshorn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	09-403	Kveikur	05-965	123,7	129,8	126,8	16,3	9,9	6,8	28,6	2,9	16,9
Brimill	07-404	Bramli	04-952	108,5	125,8	117,2	17,1	9,2	6,9	28,2	3,0	16,9
Fróði	07-405	Fróði	04-963	96,8	131,5	114,2	17,2	9,6	7,5	28,5	3,2	17,1
	09-401	Dökkvi	07-809	103,9	113,7	108,8	15,9	9,3	6,9	28,1	3,6	17,1
	08-402	Bifur	06-994	92,1	89,8	91,0	17,2	10,0	7,9	27,2	3,8	17,1
	09-402	Bogi	04-814	95,8	75,5	85,7	17,4	8,9	7,1	26,0	3,2	17,1
	08-403	Jón Páll	04-990	76,4	56,7	66,6	16,8	9,5	7,9	26,0	3,8	17,0

Hrútur 09-403 skipar sér örygglega í toppsætið hér með góðum yfirburðum um flesta eiginleika í rannsókninni en þetta er einn kappanna undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir hans var Mávur 01-408, fjárskiptahrútur sem nafnið gefur vísbendingu um að hafi verið sóttur í Mávahlíð. Hjá Brimli 07-404 kemur mest af yfirburðunum frá góðum bakvöðvamælingum hjá lömbunum en þessi hrútur er undan Bramla 04-952 og móðurfaðir hans var Hjarðar 01-405 sem var fjárskiptakind og nafnið beinir athygli að Hjarðarfelli sem uppruna hans.

Neðri-Torfustaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Skrekkur	08-027	Raftur	05-966	126,2	125,3	125,8	18,2	10,6	6,6	29,2	3,7	17,3
Boði	08-026	Raftur	05-966	122,3	115,5	118,9	18,1	11,0	6,9	28,7	3,5	17,5
	09-025	Fannar	07-808	83,4	144,1	113,8	18,3	9,9	7,4	29,9	3,5	17,3
Nökkvi	09-022	Massi	07-107	87,7	104,2	96,0	17,2	9,6	7,1	28,7	4,0	17,2
Bliki	07-022	Frakksson	03-974	81,1	35,9	58,5	17,4	9,1	6,9	24,7	3,5	16,6
	09-024	Púki	06-807	66,8	47,7	57,3	17,7	9,7	7,9	26,9	4,7	16,9

Raftssynirnir (05-966) sem skipuðu sér á toppinn í rannsókninni haustið 2009 eru þar áfram í sömu röð og þá með mjög góða yfirburði eins og þá, þó að þeir séu ekki núna jafn feikilega miklir núna og þá. Hóparnir undan báðum þessum hrútum eru stórglæsilegir að öllu leyti. Móðurfaðir Skrekks 08-027 var Garri 04-026 sem var sonur Úða 01-912 en Boði 08-026 á hins vegar að móðurföður Straum 03-025 frá Urriðaá sem var öflugur kynbótahrútur.

Nípukot

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bjartur	07-262			113,9	157,1	135,5	16,6	10,1	7,3	28,1	3,9	17,2
	08-263	Raftur	05-966	115,4	100,4	107,9	16,4	9,1	6,6	26,0	3,7	17,0
Klettur	07-264	Frakksson	03-974	108,5	87,9	98,2	16,6	8,8	6,6	25,0	3,2	16,5
	08-262	Tvistur	04-720	76,5	86,8	81,7	16,1	8,5	7,2	25,5	3,7	16,8
L-Gráni	05-272	Gráni	03-264	71,0	57,5	64,3	15,7	8,4	7,2	24,8	4,3	16,8

Hér sýna lömbin undan Bjarti 07-262 mikla yfirburði þó að þeir komi að mjög stórum hluta frá ómsjarmælingahlutanum en lömbin eru full feit.

Neðri-Þverá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Jökull	08-604	Broddi	07-015	89,7	139,9	114,8	19,5	9,8	7,5	28,4	3,3	17,3
Klaki	08-602	Blossi	07-823	114,8	104,9	109,9	19,0	9,4	6,4	26,9	3,2	17,1
Kuldi	08-603	Raftur	07-014	100,8	104,2	102,5	18,5	10,0	7,1	26,7	3,0	17,2
Frakkur	06-601	Bogi	04-814	107,2	94,7	101,0	19,5	9,9	7,1	26,7	3,5	17,3
Draugur	05-601	Púki	03-022	91,1	89,0	90,1	18,4	9,2	6,8	26,1	3,1	17,1
Arfi	07-602	Frakkur	06-601	96,6	77,6	87,1	19,0	10,4	7,6	25,6	3,5	17,2

Hér eru hrútarnir sem vöktu athygli á síðasta ári að sanna og staðfesta sig enn betur en ástæða er til að vekja athygli á þeim óvanalega mikla þroska sem er hjá lömbunum í þessari rannsókn. Jökull 08-604 sýnir feikilega yfirburði í ómsjarmælingum og lömbin gríðarlega þroskamikil en full feit í þessum samanburði þó að í raun séu þau fitulítill miðað við hinn mikla þroska þeirra. Þessar niðurstöður eru í ágætu samræmi við uppruna þessa hrúts sem kemur frá Broddanesi 1 og er sonur Brodda 07-015 en móðurfaðir hans Spakur 03-976 og móðurmóðurfaðir Segull 02-352. Klaki 08-602 vekur áfram athygli fyrir ótrúlega mikið fituleysi miðað við hinn gífurlega mikla vænleika lambanna en þessi hrútur kemur frá Heydalsá og er undan Blossa 07-823 en Bogi 04-814 er móðurfaðir hans.

Óspaksstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Geiri	07-141	Máni	03-975	151,1	124,6	137,9	18,1	10,2	6,5	26,2	3,0	17,1
Banki	09-146	Púki	06-807	118,8	97,3	108,1	16,1	8,6	6,1	24,8	2,8	16,5
Ljúfur	07-143	Ljúfur	05-968	97,3	97,2	97,3	16,7	8,3	6,7	25,0	3,0	16,5
Gári	07-142	Kveikur	05-965	89,4	103,1	96,3	16,0	7,7	6,4	25,2	3,2	16,9
Arður	08-150	Kroppur	05-993	76,1	93,6	84,9	16,2	8,0	7,1	24,8	3,3	16,7
Sjóður	08-147	Dropi	06-998	72,5	86,6	79,6	15,9	8,3	7,3	24,1	3,0	16,6

Geiri 07-141 sýnir feikilega yfirburði í þessari rannsókn sérstaklega eru yfirburðirnir úr kjötmati umtalsverðir, bæði afbragðsgóð gerð og lítil fita auk þess lömbin sýna yfirburði í þroska. Þessi mikli snillingur er sonur Mána 03-975 en í móðurætt kemur að hyrnt fé þar sem Hylur 01-883 er móðurföðurfaðir hans. Kjötmatniðurstöður fyrir lömbin undan Banka 09-146 eru hagfelldar, sérstaklega mikið fituleysi, en þetta er sonur Púka 06-807 og móðurfaðir hans Prúður 01-141 var sonur Prúðs 94-834.

Reykir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Raggi	06-030	Bogi	04-814	125,9	102,2	114,1	17,1	9,2	5,5	25,5	2,7	16,9
	07-030	Frakksson	03-974	109,0	96,2	102,6	16,4	8,6	5,6	25,3	3,2	17,3
Hakkinen	05-033	Snær	00-915	95,4	105,6	100,5	16,2	8,3	5,8	25,7	2,9	17,1
	08-030	Spakur	03-976	87,9	105,3	96,6	16,1	8,4	6,1	25,4	2,5	17,1
	08-036		07-036	91,1	98,3	94,7	16,0	8,3	5,9	25,4	2,6	16,6

Raggi 06-030 skipar sér eins og á síðasta ári í efsta sætið og eins og áður er það lítil fita sláturlambanna undan honum sem telur mest. Hér á búinu hefur hann og hálfbróðir hans sem kom samtímis frá Heydalsá staðið á toppi sem lambafeður undanfarin ár. Raggi er sonur Boga 04-814 en móðurfaðir hans er hrúturinn 01-737.

Sauðá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hrafn	09-228	Prjónn	07-812	127,6	132,4	130,0	17,8	10,5	7,1	28,0	2,4	17,3
	08-137	Raftur	05-966	117,3	118,1	117,7	18,0	9,9	7,2	27,0	2,6	17,5
Lurkur	06-122	Lóði	00-871	106,5	108,7	107,6	18,2	9,6	7,3	26,8	2,9	17,4
Kjölur	06-123	Lóði	00-871	84,7	113,2	99,0	17,8	9,1	7,6	28,2	4,4	17,4
Stafn	09-226	Prjónn	07-812	94,6	94,6	94,6	17,7	9,6	7,6	26,7	3,7	17,7
Krókur	09-224	Kóngur	04-829	83,6	87,2	85,4	18,2	9,3	7,8	26,5	3,8	17,3
Fengur	09-223	Kóngur	04-829	90,6	78,0	84,3	19,5	9,8	8,2	26,0	3,3	17,2
Fífill	04-233	Arfi	99-873	83,7	84,1	83,9	19,6	9,8	8,4	26,1	3,5	17,3

Eins og áður fylgja öflugir og þroskamiklir lambahópar hrútunum hér. Hrafn 09-228 stendur afgerandi á toppinum en lömbin undan honum eru feikilega vel vöðvafyllt og vel gerð en þessi svarti höfðingi er sonur Prjóns 07-812 en móðurfaðir hans Kjarni 01-127 var undan Túla 98-858. Hrútur 08-137 mætir til leiks með mjög öflugan hóp eins og á síðasta ári en yfirburðirnir koma alveg jafnt frá báðum aðalþáttum rannsóknarinnar en þetta er einn af hinum fjölmörgu sonum Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Sjóður 97-946.

Sauðadalsá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gammur	09-163	Grunur	08-160	115,0	152,7	133,9	21,3	11,4	8,1	31,2	3,8	17,5
Bossi	09-162	Broddi	07-015	104,6	124,7	114,7	19,4	10,4	7,5	30,5	4,3	17,2
Glæsir	09-164	Bogi	04-814	115,9	108,0	112,0	19,5	10,5	7,3	28,8	3,2	17,3
Sæli	09-165	Bogi	04-814	89,1	111,9	100,5	18,7	9,1	7,0	29,2	3,3	17,1
Baldur	08-014	Brúsi	02-501	94,8	103,5	99,2	20,9	10,2	7,9	28,7	3,1	16,9
Klemmi	08-020	Kjói	04-816	111,1	77,1	94,1	18,8	9,7	6,8	27,7	3,5	17,0
Stallur	08-009	Raftur	05-966	92,7	88,9	90,8	18,1	9,4	7,0	28,1	3,1	16,9
Drellir	09-168	Olli	06-985	94,6	62,5	78,6	16,8	9,0	6,5	26,8	3,6	16,6
Frans	09-170	Frakksson	03-974	96,3	55,6	76,0	21,5	11,0	8,5	27,4	4,0	16,8

Lömbin í þessari rannsókn eru með eindæmum þroskamikil. Efstu sætin skipa tveir aðfengir en náskyldir hrútar. Gammur 09-163 á lömb sem sýna fádæma þroska og eru gríðarlega vel gerð, helst að fita mætti vera minni en verða samt ekki sögð feit vegna einstaks vænleika. Þessi hrútur er frá Broddanesi 1 undan Grun 08-160, en undan honum koma fram nokkrir feikilega athyglisverðir hrútar nú í haust en Grunur var undan Brodda 07-015 en móðurfaðir Gamms er Demant 05-554 og móðurmóðurfaðir hans Segull 02-352. Bossi 09-162 er einnig með hóp af ákaflega vel vöðvafyllum og þroskamiklum lömbum en þessi hrútur er líka frá Broddanesi 1 sonur Brodda 07-015 en móðurfaðir hans er Segull 02-352 og móðurmóðurfaðir Dugur 01-346. Mjög athyglisverður hópur er þarna undan Glæsi 09-164 og er lítil fita lambanna líklega allra sterkasti eiginleikinn sem er í takt við uppruna hans sem son Boga 04-814 og dótturson Kjóa 04-816.

Saurbær

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bjössi	09-509	Fengur	06-407	129,9	127,8	128,9	17,2	10,1	6,2	27,3	3,3	17,1
Ísbjörn	09-510	Magni	08-511	98,0	136,8	117,4	15,1	8,3	5,6	28,1	3,3	17,1
Hr.Hrein	07-191	Máni	03-975	118,6	93,7	106,2	18,0	9,2	6,1	26,1	3,6	17,0
Drulli	09-507	Hr.Hrein	07-191	97,6	106,5	102,1	15,9	8,4	5,8	26,6	3,4	16,7
Snæbjörn	09-512	Tindur	08-539	77,5	122,5	100,0	17,3	8,9	6,9	27,2	3,3	16,7
Melur	07-080	Máni	03-975	108,4	81,4	94,9	17,2	9,0	6,1	25,5	3,1	16,9
Óskar	04-513	Brúsi	02-501	92,5	97,3	94,9	16,5	8,0	5,8	26,2	3,4	16,7
Góði	09-506	Bogi	04-814	94,6	89,8	92,2	17,2	8,9	6,4	26,0	3,4	16,6
Tandur-Hreinn	08-199	Hr.Hrein	07-191	99,9	80,4	90,2	17,3	8,8	6,2	25,4	3,4	16,4
Kollur	08-502	Melur	07-080	90,5	78,4	84,5	16,7	8,5	6,2	25,2	3,5	16,9
Baddi	09-511	Kjölur	08-521	72,9	87,0	80,0	17,2	9,2	7,2	26,0	3,6	16,7

Hér koma á toppinn í þessari frekar stóru rannsókn afkvæmahópar undan tveim veturgömlum hrútum frá Melum í Árneshreppi. Lömbin undan Bjössa 09-509 bera samt langt af, ákaflega vel gerð og vöðvamikil. Faðir hans er Fengur 06-407 en móðurfaðirinn 05-338 var sonur Orms 02-933 og Neisti 03-259 var móðurmóðurfaðir hans. Ísbjörn 09-510 sækir alla sína yfirburði í mjög sterkar ómsjarmælingar lambanna en þungasamanburður er honum talsvert í óhag. Faðir hans er Magni 08-511 en móðurfaðir Ás 02-200.

Staðarbakki 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Pútin	08-052	Raftur	05-966	113,7	120,8	117,3	16,4	9,0	5,7	26,3	2,9	17,2
Bonus	07-051	Fróði	04-963	100,1	128,1	114,1	18,0	9,1	6,5	27,0	3,1	17,2
Sirius	07-052	Mímir	04-951	101,4	107,0	104,2	17,0	9,6	6,6	25,9	3,1	16,7
Skari	09-053	Kuldi	03-924	108,9	98,7	103,8	16,2	9,1	5,9	25,1	2,5	16,6
	08-051	Raftur	05-966	98,3	101,7	100,0	16,7	8,5	5,9	25,5	3,0	16,9
Ómur	05-054	Lómur	02-923	79,6	101,8	90,7	17,2	9,1	7,2	25,4	2,8	16,9
Sambo	07-055	Mímir	04-951	84,8	95,3	90,1	17,4	9,0	6,8	25,1	2,9	16,9
Allfriðu	09-051	Tulinus	06-053	92,3	75,8	84,1	16,4	8,5	6,0	24,7	3,0	16,7

Afkvæmahópar undan tveim hrútum, sem einnig voru í rannsókn 2009, koma hér á topp en þá skipuðu þeir sér aðein um miðjan hóp í rannsókninni. Pútin 08-052 sýnir góða yfirburði þó að lítil fita sláturlambanna sé þar veigamest. Þetta er sonur Rafts 05-966 en eitthvað er hann blandaður kollóttu fé þar sem móðurföðurfaðir hans er Klængur 97-839. Bonus 07-051 sækir aftur á móti alla yfirburði

fyrir sinn lambahóp í ómsjarmælingabátt rannsóknarinnar enda er þetta sonur Fróða 04-964 en móðurfaðir hans Pirringur 00-052 var undan Njóla 93-826.

Stóra-Ásgeirsá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Nagli	08-101	Varmi	06-153	101,2	113,0	107,1	15,2	9,3	6,3	27,3	2,6	17,2
Raggi	07-095	Robin	06-772	107,6	102,4	105,0	16,9	8,9	6,1	26,5	2,3	17,2
	09-406	Bogi	04-814	98,9	104,7	101,8	17,2	8,8	6,4	26,8	2,7	17,2
Smári	07-097	Kraftur	05-535	103,7	80,1	91,9	15,3	9,1	6,1	25,9	2,9	17,1

Í þessari frekari umfangslitlu rannsókn er ekki hægt að sjá að komi fram neinn afgerandi munur á afkvæmahópnum sem þar voru.

Súluvellir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Tússi	06-063	Rússi	03-938	116,0	117,9	117,0	15,4	8,8	5,8	27,1	2,9	17,2
Tandur	08-069	Hreinn	07-064	118,7	102,7	110,7	15,5	8,5	5,5	26,4	3,1	17,3
Gormur	06-061	Ormur	02-933	109,2	100,8	105,0	17,3	8,6	6,2	26,0	2,5	17,1
Heydalur	06-070	Bogi	04-814	88,6	111,5	100,1	15,7	9,0	6,8	26,2	2,5	17,4
Hreinn	07-064	Frakksson	03-974	90,0	95,3	92,7	16,4	8,0	6,2	25,9	2,7	17,1
Vífill	07-066	Máni	03-975	93,9	75,7	84,8	16,4	8,3	6,3	25,2	3,1	17,3

Tússi 06-063 er þarna með afkvæmahóp sem sýnir mjög jafna yfirburði en hann er sonur Rússa 03-938 en móðurfaðir Bjartur 02-015 sem var frá Heydalsá undan Ægi 01-916 og mikil yfirburðakind hér á búinu á sinni tíð. Tandur 08-069 sækir góða yfirburði í kjötmatsniðurstöðurnar en eins og hjá Tússa er lítil fita þar að telja mest. Tandur er sonur Hreins 07-064 en Bjartur 02-015 er hér einnig móðurfaðirinn.

Syðra-Kolugil

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sonur	07-505	Frakksson	03-974	114,0	115,3	114,7	17,3	10,3	6,5	25,2	2,5	17,1
	09-505	Sonur	07-505	103,0	101,3	102,2	16,5	9,7	6,3	24,9	2,9	17,1
Móbotni	07-504	Sómi	02-972	101,8	99,4	100,6	16,7	9,6	6,3	24,6	2,2	16,8
	08-506		06-506	90,6	101,9	96,3	16,6	10,3	7,1	24,9	2,7	16,9
	09-507	Pjattur	06-514	81,4	78,1	79,8	17,0	8,8	6,4	23,8	2,7	16,8

Sonur 07-505 gaf góðar niðurstöður í rannsókn haustið 2008 og bætir nú um betur en hópurnir undan honum ber að öllu leyti af hinum en þetta er sonur Frakkssonar 03-974 en móðurfaðir hans Sóði 04-504 hrútur sem reyndist með ágætum.

Þorfinnsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-567	Kveikur	05-965	104,1	144,3	124,2	15,3	9,1	6,7	28,1	3,5	17,2
	07-563	Ási	03-057	133,2	102,2	117,7	15,0	8,7	5,5	26,2	3,1	17,1
Ægir	08-562		07-565	100,5	91,1	95,8	15,2	8,2	6,2	26,1	3,7	16,8
Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Rasmus	07-203			93,3	76,0	84,7	17,2	9,8	8,1	23,2	3,5	16,8
Kollur	07-205	Sómi	05-202	133,8	89,6	111,7	16,0	8,5	6,0	24,0	3,2	16,7
Stikill	07-206	Bútur	03-204	84,7	109,7	97,2	17,2	8,8	7,7	25,2	3,2	16,6
Hvítur	08-205	Bútur	03-204	74,6	104,0	89,3	16,9	8,8	8,0	25,0	3,3	16,4
Nubbur	08-206	Þráður	06-402	107,7	110,3	109,0	17,4	10,0	7,8	25,2	3,6	17,0
Þyrill	09-203	Fjarki	06-278	110,2	94,8	102,5	17,1	9,3	7,2	23,9	2,9	16,8

Í þessari rannsókn er líkt og var hér haustið 2009 Kollur 07-205 að sýna mikla sérstöðu sem birtist í feikilega miklu fituleysi hjá afkvæmum hans en þungasamanburður lambanna er honum aftur á móti í óhag. Þessi hrútur er sonur Sóma 05-202 sem var hrútur frá Smáhömrum en móðurfaðir Kolls var Bútur 03-204 sem var hrútur sem þarna var all lengi notaður og reyndist vel.

Keldudalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þráðsson	08-280	Þráður	06-996	98,8	99,9	99,4	18,9	10,8	7,6	28,2	3,2	17,3
Kveiksson	08-282	Kveikur	05-965	117,2	111,2	114,2	19,0	11,0	7,1	28,3	2,5	17,3
Taumur	08-284	Raftur	05-966	101,4	114,6	108,0	20,9	11,7	8,3	28,7	3,3	17,6
Raftsson	08-285	Raftur	05-966	91,1	88,8	90,0	21,3	11,8	8,8	27,8	3,6	17,6
Rósi	09-276	Þróttur	04-991	95,1	78,9	87,0	18,5	10,3	7,4	27,1	3,2	17,0
Grámann	09-277	At	06-806	102,1	142,0	122,1	18,7	11,5	7,9	31,0	3,9	18,1
Straumur	09-278	Taumur	08-284	91,8	66,4	79,1	19,5	11,2	8,2	26,5	3,2	17,3

Eins og tölurnar fyrir afkvæmahópana sýna skýrt þá eru hér einhverjir allra glæsilegustu lambahópar í þessum rannsóknum haustið 2010. Grámann 09-277 skipar sér á toppinn með feikilega mikla yfirburði í bakvöðvabykkt en lærahold og gerð lambanna er einnig einstök. Þessi hrútur er sonur At 06-806 og móðurfaðir hans er Blettur 05-967. Eins og haustið 2009 sækir Kveiksson 08-282 talsvert mikla yfirburði í litla fitusöfnun lambanna undan honum. Eins og nafnið segir til um er faðir hans Kveikur 05-965 en fituleysi fær hann vafalítið einnig úr móðurætt en móðurfaðir hans Lóði 03-284 var sonur Lóða 00-871. Að síðustu skal athygli vakin á feikilega góðum lambahópi undan Taumi 08-284 en hann er einn ótalmargra toppa undan Rafti 05-966.

Ósland

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Eldjárn	05-324	Eldar	01-922	116,7	108,2	108,2	13,4	8,1	5,4	25,2	2,8	16,8
Klaki	07-322	Gaddur	04-950	105,0	97,4	97,4	13,6	7,8	5,6	24,6	2,5	16,5
Sopi	07-323	Afréttari	06-323	120,4	124,3	124,3	13,3	7,8	5,0	26,2	2,9	16,8
Svartur	09-322	Smyrill	04-800	97,4	78,1	78,1	13,9	8,4	6,3	24,3	3,4	16,5
Hvítur	09-323	Fannar	07-808	80,4	93,2	93,2	13,3	7,8	6,3	25,0	3,5	16,8

Hér á búinu er það Sopi 07-323 sem eins og á síðasta ári er að skila bestum niðurstöðum og er það bakvöðvabykkt og fituleysi lambanna sem vega þyngst í þeim samanburði. Þessi hrútur er undan Afréttara 06-323 sem var undan Lómi 02-923 og fituleysið kemur líklega einnig úr móðurætt vegna þess að þar birtist Sjóður 97-846 fljótt þegar hún er skoðuð.

Ríp

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Stjáni	06-243	Virki	02-941	66,1	52,7	59,4	17,9	9,2	8,1	24,6	4,3	17,1
Spaði	08-244	Blettur	05-967	87,1	114,9	101,0	16,8	9,7	7,5	27,3	3,8	17,4
Dreitill	08-248	Dropi	06-998	103,9	134,9	119,4	17,5	10,4	7,6	28,1	3,6	17,4
Tígull	09-245	Spaði	08-244	103,5	108,7	106,1	17,3	9,7	7,1	27,1	3,7	17,2
Ljúfur	09-248	Dreitill	08-248	127,9	134,0	131,0	17,5	10,5	6,9	27,9	3,2	17,5
Hrói	09-250		08-239	89,8	56,2	73,0	17,5	9,6	7,5	25,2	3,8	16,9

Líkt og á síðasta ári er Dreitill 08-248 hér mættur til leiks með framúrskarandi vel gerðan lambahóp. Dreitill er sonur Dropa 06-998, en dóttursonur Frosta 02-913. Það sem samt er enn áhugaverðara að þarna er nú kominn sonur Dreitils, Ljúfur 09-248, sem þarna á fádæma glæsilegan lambahóp og slær föður sinn alveg út. Móðurfaðir þessa snillings er Spakur 00-909 og ekki ólíklegt að einhverjir kostir séu þangað sóttir.

Stóra-Holt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kaldi	07-042	Gaddur	04-950	106,8	98,4	102,6	15,8	8,9	5,8	25,3	2,9	16,9
Dimmi	07-043	Spakur	03-976	80,2	86,6	83,4	15,4	8,7	6,5	24,9	3,1	16,8
Eldur	08-041	Kveikur	05-965	100,8	108,5	104,7	15,9	9,2	6,2	25,8	2,9	17,2
Brúni	08-043	Gráni	03-957	108,0	124,8	116,4	17,4	10,1	6,6	26,8	2,8	17,4
Deli	09-043	Púki	06-807	87,4	89,1	88,3	16,0	9,3	6,7	24,8	2,9	17,1

Brúni 08-043 skipar sér skýrt í toppsætið í þessari rannsókn en hann er að gefa mjög þroskamikil lömb sem eru ákaflega vel gerð með þykka vöðva. Þessi hrútur er fenginn frá Brúnastöðum og er hann undan Grána 03-957 en móðurfaðir hans Stabbi 03-032 var sonur Mola 00-882.

Veðramót

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bjarni	06-127	Dregill	03-947	103,7	121,0	112,4	14,0	8,4	5,9	27,0	2,7	17,3
Gróði	07-123	Lubbi	01-940	111,8	116,8	114,3	15,2	9,7	6,7	27,4	3,3	17,4
Hagnaður	07-124	Cat	04-992	110,0	124,5	117,3	14,8	10,0	6,9	27,8	3,3	17,6
Guðbrandur	07-126	Blævur	03-300	95,6	81,9	88,8	14,3	8,7	6,4	25,9	3,7	17,0
Demantur	09-124	Rúbín	08-004	67,3	49,2	58,3	14,3	8,2	6,9	24,2	3,7	16,6

Hrúturnir í rannsókninni skipta sér skýrt í tvo hópa. Hagnaður 07-124 skilar til sinna afkvæma mikilli vöðvafyllingu og góðri gerð en þetta er sonur Cat 04-992. Hjá Bjarna 06-127 eru yfirburðir fyrst og fremst sóttir í litla fitusöfnun en þungasamanburður lambanna er honum í óhag en þetta er sonur Dregils 03-947. Gróði 07-123 skilar þroskamestu lömbunum og þau eru ágætlega vel vöðvafyllt en þetta er sonur Lubba 01-940.

Ytri-Mælifellsá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bjössi	03-602			75,1	83,3	79,2	16,9	8,5	7,2	24,5	3,0	16,4
Greifi	06-597	Heydal	02-597	110,7	91,4	101,1	15,8	9,1	6,2	24,5	2,1	16,2
Sóli	06-599	Túli	98-858	114,9	108,4	111,7	15,3	8,9	5,9	25,5	2,5	16,4
Gopi	09-596	Gráni	03-957	82,6	116,9	99,8	15,5	8,8	7,0	26,1	2,5	16,1
Lási	09-598	Greifi	06-597	92,3	88,9	90,6	15,2	8,5	6,4	24,7	2,4	16,0
Rokkur	09-599	Ás	04-813	86,9	81,2	84,1	15,4	8,5	6,6	24,1	2,4	15,9
Steinann	09-606	Freyðir	07-810	138,2	128,7	133,5	16,2	10,0	5,6	26,1	2,2	16,6

Þetta er ein af rannsóknunum þar sem einn lambahópur tekur til sín alla yfirburðina sem koma fram og hér eru það lömbin undan Steinann 09-606 sem eru þroskamikil og þrýðisvel gerð með ótrúlega litla fitu. Þessi topphrútur er sonur Freyðis 07-810 en móðurfaðir hans Eypór 04-596 var hrútur undan Áli 00-868 og eitthvað má rekja hann í kollótt fé þegar móðurætt er frekar skoðuð.

Pverá II Akrahreppi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kjammi	06-581	Áll	00-868	98,6	111,0	104,8	14,9	8,6	6,2	27,6	3,8	17,2
Úði	06-582	Askur	04-582	119,4	107,6	113,5	15,4	8,5	5,6	27,0	2,9	17,1
Klerkur	07-585	Gráni	03-957	85,5	87,1	86,3	14,8	8,4	6,4	26,3	3,7	17,0
Neisti	08-583	Kveikur	05-965	122,9	109,7	116,3	15,7	9,3	6,2	26,8	3,0	17,2
Tinni	09-582	Logi	07-627	117,6	96,4	107,0	14,1	8,3	5,3	26,4	3,1	17,0

Neisti 08-583 á hér sterkasta afkvæmahópinn og eru yfirburðir hans sérstaklega skýrir í kjötmati sláturlambanna en þessi hrútur er sonur Kveiks 05-965. Úði 06-597 er einnig með góðan hóp þar sem lítil fita hjá sláturlömbunum er sá eiginleiki sem þyngst vegur í yfirburðum hans. Faðir hans Askur 04-582 var hrútur undan Vísi 01-892.

Brúnastaðir Fljótum

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Áni	07-028	Máni	03-975	108,3	95,7	102,0	17,9	10,3	7,3	26,9	2,9	17,2
Móses	07-030	Mókollur	03-978	88,4	91,0	89,7	17,3	9,7	7,5	26,8	3,0	17,3
Ýmir	07-032	Mímir	04-951	114,6	124,1	119,4	16,6	10,5	7,0	27,8	2,5	17,4
Bjálki	07-036	Raftur	05-966	113,1	132,0	122,6	16,8	10,0	6,9	28,0	2,7	17,2
Smellur	07-037	Hvellur	05-969	100,8	81,7	91,3	15,9	9,7	7,0	26,8	3,5	17,3
Rakki	07-038	Frakksso	03-974	77,7	56,8	67,3	16,8	8,7	7,2	25,5	3,3	16,8
Gapi	08-029	Papi	04-964	90,8	106,8	98,8	16,2	10,0	7,5	27,8	3,5	17,3
Spori	08-030	Papi	04-964	111,7	101,7	106,7	16,5	10,0	6,9	27,4	3,0	17,1
Máttur	08-031	Þróttur	04-991	81,0	65,0	73,0	16,4	9,2	7,3	26,1	3,3	17,0
Spotti	08-036	Þráður	06-996	126,2	98,3	112,3	16,8	9,8	6,4	27,4	3,1	17,0
Reyr	08-038	Freyr	06-030	112,4	95,2	103,8	17,8	10,8	7,5	26,7	2,5	17,4
Hrotti	09-022	Gotti	05-804	95,7	77,5	86,6	17,4	9,9	7,4	26,7	3,6	17,1
Andri	09-023	Undri	05-818	99,8	98,8	99,3	16,0	9,5	6,9	27,5	3,5	17,2
Atgeir	09-024	At	06-806	81,5	123,3	102,4	17,1	10,2	8,1	28,2	3,3	17,4
Skundi	09-025	Mundi	06-832	105,3	82,4	93,9	16,3	10,2	7,2	26,4	3,4	17,2
Mór	09-028	Grani	07-031	83,1	99,4	91,3	15,5	9,4	7,4	27,2	2,9	17,1
Planki	09-029	Bjálki	07-036	90,7	134,3	112,5	17,4	10,4	7,9	28,4	2,8	17,4

Eðall	09-030	Fannar	07-808	92,7	127,6	110,2	17,1	9,3	7,1	29,0	3,9	17,0
Hrannar	09-031	Fannar	07-808	106,2	105,8	106,0	16,8	9,9	7,0	27,7	3,1	17,2
Nökkvi	09-032	Dökkvi	07-809	99,2	103,1	101,2	17,4	10,1	7,4	27,4	2,9	17,0
Ölur	09-033	Mjóður	07-811	85,2	94,8	90,0	16,8	9,4	7,4	27,6	3,7	17,1
Kónn	09-035	Prjónn	07-812	68,9	107,1	88,0	17,4	9,9	8,3	27,5	3,2	17,3
Snær	09-036	Sokki	07-835	97,3	80,3	88,8	16,9	9,3	6,9	26,4	2,9	17,1
Depill	09-037	Sokki	07-835	118,3	92,9	105,6	16,3	10,3	6,7	26,9	2,7	17,1
Sorti	09-038	Sokki	07-835	107,6	89,7	98,7	16,0	10,0	7,0	27,2	3,5	17,4
Þáttur	09-039	Máttur	08-031	101,9	82,6	92,3	17,3	10,1	7,3	26,4	3,1	17,1

Líkt og til margra ára er hér ein af allra umfangsmestu rannsóknum í landinu og ýmislegt forvitnilegt þar að sjá. Hrútarnir sem nú springa út hafa verið með góða útkomu undanfarin tvö ár en bæta nú í þegar topparnir áður eru farnir á sæðingastöð. Ýmir 07-032 er að gefa þykkann vöðva og góða gerð hjá afkvæmum sínum. Þessi hrútur sem er svartur að lit og mikil hörkukind er sonur Mímis 04-951 og móðurfaðir hans Flotti 98-850. Bjálki 07-036 kemur með ívið meira af sínum yfirburðum frá ómsjarmælingum en hann gefur einnig prýðisgóða gerð en þetta er sonur Rafts 05-966 og móðurfaðir hans er Týr 02-929. Spotti 08-036 var einnig með góða niðurstöðu á síðasta ári en yfirburðir hjá afkvæmum hans koma öðru fremur frá feikilega hagstæðu fitumati hjá sláturlömbunum. Þetta er sonur Þráðar 06-996 og ekki ólíklegt að móðurfaðir hans Kjalvar 02-943 leggi líka eitthvað til fituleysisins. Veturgömlu hrútarnir virðast þetta árið tæplega vera að skila nokkrum jafn afgerandi toppum og oft hefur verið. Planki 09-029 sem er undan Bjálka 07-036 skilar vænum lömbum ákaflega vel gerðum með mjög þykkann bakvöðva en þau eru heldur feit. Þá er Eðall 09-030 einnig að gefa feikilega þykkann bakvöðva hjá sínum afkvæmum sem varla kemur að óvart vegna þess að sem lamb haustið 2009 var hann sjálfur að mælast með þykkastan bakvöðva sem mældur hefur verið hjá lambi í Skagafirði. Eðall var sonur Fannars 07-808. Undan Sokka 07-835 eru nokkrir veturgamlir hrútar og í kjötmatsniðurstöðunum virðist Depill 09-037 helst feta slóð föður síns en hann er líka eins og hann svartfleckóttur að lit en hjá honum er einhver blöndun við kollótt fé vegna þess að móðurfaðir hans er Drangajökull 03-036.

Deplar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kúði	06-078	Busi	03-946	111,7	117,9	114,8	18,0	10,1	6,2	28,2	3,0	17,6
Þráður	07-077	Kveikur	05-965	101,3	98,1	99,7	17,1	10,0	6,4	27,3	2,4	17,4
Dreki	07-078	Bobbi	04-962	99,7	99,5	99,6	17,5	9,6	6,2	27,4	2,4	17,3
Ari	08-076	Fróði	04-963	123,8	102,1	113,0	16,6	10,6	6,1	27,9	3,0	17,3
Borði	09-076	Þráður	07-077	117,5	96,1	106,8	15,8	9,0	5,1	27,4	2,6	17,3
Bjór	09-077	Mjóður	07-811	106,8	93,6	100,2	16,3	9,8	6,0	27,5	3,3	17,4
Búi	09-078	Glókollu	07-079	87,4	74,5	81,0	17,7	10,0	6,9	26,9	3,2	17,3
Bogi	09-079	Bogi	04-814	90,1	69,6	79,9	16,9	9,3	6,3	25,5	2,2	17,0
Björn	09-080	Fengur	06-407	110,9	127,8	119,4	16,1	9,4	5,6	28,8	2,9	17,5
Baddi	09-081	Breki	08-517	101,0	116,5	108,8	17,7	10,4	6,7	28,3	2,8	17,5

Kúði 06-078 er enn einum sinni mættur til leiks með úrvalshóp en um þennan hrút vísast til umfjöllunar í afkvæmarannsóknum á síðustu árum. Rétt er hins vegar að fjalla aðeins um tvo veturgamla hrúta sem báðir koma frá Melum í Árneshreppi sem þarna áttu athyglisverða lambahópa. Hjá lömbunum undan Bjössa 09-080 eru sterkustu þættirnir þykkur bakvöðvi, góð lærahold og lítil fita en þessi hrútur er sonur Fengs 06-407 og Máni 03-975 er móðurfaðir hans og Nagli 98-064 móðurmóðurfaðir þannig að sterkustu stofnar í fénu á Melum standa þarna að baki. Baddi 09-081 á enn þroskameiri lömb en Bjössi og þau eru feikilega vel gerð en aðeins feit. Þessir tveir hrútar eru mikið skyldir en faðir Badda er Breki 08-517, móðurfaðir Reki 05-339 og þar sem gemlingar standa þarna að baki í fleiri ættliði eins

og oft gerist í virkri ræktun þá kemur Fengur 06-407 inn sem móðurmóðurfaðir og Baddi því ögn skyldleikaræktaður afkomandi hans.

Enni Óslandshlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hrókur	05-294	Lóði	00-871	123,4	97,2	110,3	14,9	8,4	5,2	24,3	3,1	16,7
Ári	05-295	Gári	02-904	113,5	121,8	117,7	14,7	8,4	5,5	25,3	3,1	16,8
Húni	07-291	Ári	05-295	98,2	112,2	105,2	14,4	8,7	6,1	25,1	3,0	16,7
Ýmir	07-293	Mímir	04-951	121,8	114,5	118,2	13,9	8,6	5,3	25,0	3,2	16,8
Jónsi	07-294	Áll	00-868	119,5	82,2	100,9	14,4	8,3	5,2	23,5	2,7	16,4
Tralli	07-295	Kækur	03-961	86,0	44,2	65,1	14,3	7,6	5,7	21,5	3,3	16,3
Grallari	08-293	Þráður	06-996	106,2	158,3	132,3	14,5	8,7	5,9	26,7	2,5	16,6
Nínó	08-294	Kroppur	05-993	68,0	78,3	73,2	14,2	7,8	6,3	23,6	3,0	16,6
Eyvi	09-292	Tralli	07-295	89,7	69,4	79,6	15,5	8,2	6,3	22,8	3,0	16,3
Rani	09-293	Húni	07-291	95,4	115,9	105,7	14,8	8,7	6,3	25,3	3,2	16,8

Grallari 08-293 skipar sér hér á toppinn og eru það öðru fremur ótrúlega miklir yfirburðir í ómsjarmælingunum sem færa hann þangað en einnig kemur hann ágætlega út úr mati fyrir gerð í þessum samanburði. Þetta er einn úrvalshrútanna sem kom undan Þræði 06-996 það eina ár sem hann var á stöð en eitthvað rekur hann sig í kollótt fé í móðurætt þar sem móðurfaðir hans Bíldur 99-297 var undan Flekki 89-965. Ýmir 07-293 á lambahóp sem sýnir góða yfirburði á báðum aðalþáttum rannsóknarinnar en hann er undan Mími 04-951 og móðurfaðir hans Grettir 03-296 var undan Hyl 01-883. Þá er Gári 05-295 sem toppaði rannsóknina haustið 2009 aftur með lambahóp sem skapar honum mjög hagstæðan samanburð en þetta er einn sona Gára 02-904 sem enn er í notkun.

Ingveldarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Víkar	05-159		04-201	101,0	98,2	99,6	16,1	8,5	6,9	26,3	3,9	17,3
Snær	07-155	Hvellur	05-969	94,9	71,7	83,3	16,2	8,5	7,1	25,4	4,2	16,9
Bylur	07-156	Hylur	01-883	93,1	112,4	102,8	16,1	8,3	7,0	27,0	4,0	17,0
Alli	07-157	Áll	00-868	98,7	116,8	107,8	16,8	9,3	7,7	26,9	3,0	17,3
Palli	07-158	Áll	00-868	95,3	88,8	92,1	16,4	8,6	7,2	25,9	3,8	17,1
Lómur	07-159	Lómur	02-923	126,4	83,4	104,9	15,1	8,6	6,0	25,3	3,4	17,0
Stubbur	09-151	Freyðir	07-810	97,6	105,7	101,7	17,5	8,5	7,4	26,8	4,0	17,2
Kraftur	09-153	Raftur	05-966	129,0	94,0	111,5	15,6	8,9	6,2	25,9	3,3	16,8
Svanur	09-154	Máni	03-975	102,5	129,6	116,1	16,0	8,0	6,5	27,3	3,7	16,9

Í þessari rannsókn er talsvert ósamræmi á milli niðurstaðnanna fyrir aðalþætti rannsóknarinnar og á það við fyrir lambahópna undan ungu hrútunum tveim sem toppa þessa rannsókn. Svanur 09-154 er að skila umtalsverðum yfirburðum úr ómsjarmælingunum þó að hann standi neðstur í samanburðinum fyrir kjötmat fyrir gerð. Þetta er sonur Mána 03-975. Hjá Krafti 09-153 eru það aftur á móti niðurstöður kjötmatsins sem skjóta honum í hæðir en þungasamanburður er honum í óhag. Þetta er einn ótalmargra úrvalshrúta undan Rafti 05-966.

Keta Skaga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Blossi	07-129	Kveikur	05-965	85,3	77,5	81,4	18,0	9,8	8,2	27,1	4,0	16,9
Dolli	07-131	Raftur	05-966	95,2	85,0	90,1	18,0	9,6	7,8	26,8	3,4	17,2
Drumbur	07-132	Raftur	05-966	119,0	106,7	112,9	18,0	10,1	7,4	28,4	4,2	17,5
Bellmann	07-134	Frami	05-033	96,2	110,8	103,5	17,6	9,7	7,8	28,5	4,0	17,3
Arfur	08-031	Bjálki	06-995	98,6	86,2	92,4	17,7	9,8	7,8	27,4	4,1	17,3
Vikur	09-028	Lundi	03-945	95,1	125,4	110,3	18,8	9,5	7,8	28,9	3,6	17,6
Grani	09-030	Fannar	07-808	118,6	113,4	116,0	19,5	11,5	8,2	28,7	4,1	17,5
Eldur	09-035	Blossi	07-129	106,9	134,7	120,8	18,0	9,9	7,6	29,9	4,0	17,3

Eldur 09-035 skipar sér hér á toppinn og eru það ómsjarmælingarnar sem þar hafa mest áhrif til að lyfta honum í samanburðinum en faðir hans Blossi er Kveikssonur (05-965) en móðurfaðir Elds var Bassi 00-032. Grani 09-030 er að skila einstöku mati fyrir gerð en lömbin undan honum eru óþarflega feit en þau eru að vísu um leið feikilega þroskamikil. Þessi hrútur er sonur Fannars 00-808 en móðurfaðir hans Frami 05-033 sýndi góða niðurstöðu úr rannsóknum síðast haustið 2009 en hann var undan Snúði 00-911.

Miðdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ragnar	05-716			111,7	73,6	92,7	15,0	8,7	6,3	22,6	2,7	16,9
Dalur	06-716	Texel	05-176	107,5	110,0	108,8	15,2	8,6	6,4	24,4	2,7	17,0
Hnokki	08-716	Hnoðri	06-780	105,8	91,0	98,4	16,2	8,9	6,9	23,7	2,6	16,8
Fjalar	08-718	Bogi	04-814	113,3	130,2	121,8	15,1	8,9	6,4	25,6	3,0	16,9
Lási	08-721	Lykill	03-977	81,4	98,8	90,1	14,1	6,9	5,7	24,0	2,9	16,8
Máttur	09-716	Magni	08-717	104,4	101,0	102,7	14,8	7,9	5,9	24,3	3,0	16,7
Kveikur	09-717	Eldur	03-981	92,2	109,5	100,9	14,9	8,2	6,5	24,5	2,7	17,0
Úði	09-719	Undri	05-818	97,1	81,1	89,1	14,5	7,7	5,9	23,3	3,0	16,5

Fjalar 08-718 er ótvíræður sigurvegari í þessari rannsókn en hann sýndi einnig sannfærandi niðurstöður haustið 2009 þó að þá væri fitumatið aðeins að stríða honum í samanburðinum. Þessi hrútur kemur frá Heydalsá og er sonur Boga 04-814 en móðurfaðir hans var 01-737.

Minni-Akrar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Landi	04-642	Afi	02-516	112,2	126,7	119,5	19,2	9,9	7,5	26,7	2,8	16,8
Strumpur	06-641	Hinnes	03-644	100,0	94,4	97,2	16,8	8,4	6,8	25,3	3,3	16,5
Mókollur	06-645	Móri	02-935	94,7	72,1	83,4	17,7	9,5	7,8	24,3	3,7	16,6
Kraftur	08-641	Snæland	06-643	83,4	102,2	92,8	16,4	8,4	7,3	25,9	3,7	16,6
Svali	08-642	Gráni	03-957	85,1	112,5	98,8	16,8	8,5	7,3	26,5	4,0	16,5
Kútur	08-643	Þróttur	04-991	116,9	100,6	108,8	17,1	9,3	6,9	25,4	3,3	16,7
Ofsi	08-645	Hvellur	05-969	102,3	104,3	103,3	17,0	9,1	7,2	26,2	4,3	16,7
Drangur	08-666	Krókur	05-803	107,6	94,0	100,8	16,0	8,6	6,6	25,2	3,3	16,6
Klængur	09-666	Glanni	07-642	93,3	76,7	85,0	16,8	8,3	7,0	24,4	3,5	16,6
Skallagrímur	09-668	Biti	07-574	98,3	117,1	107,7	18,0	10,2	8,2	27,0	4,1	16,7

Hér skítur upp kollinum hrútur úr öldungadeildinni, Landi 04-642, en hann hafði 2007 sannað sig en síðan ekki keppt um toppinn þar til núna en hann á gríðarlega þroskamikil lömb með ágæta vöðvafyllingu. Hrútur þessi kom frá Hagalandi í Þistilfirði og er sonur Afa 02-516 og móðurfaðir Börkur 95-613 sem báðir voru landþekktir kynbótahrútar á sinni tíð en eitthvað er farið að fenna yfir.

Stóra-Gröf ytri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Skarfi	06-377	Lóði	05-383	62,7	42,9	52,8	16,8	8,8	7,9	24,9	3,9	16,9
Soldán	06-378	Úði	01-912	113,0	109,1	111,1	16,2	9,1	6,6	27,4	3,5	17,2
Tindur	07-380	Flosi	05-382	117,2	98,0	107,6	17,1	9,4	6,8	26,5	3,1	17,1
Krákur	07-381	Mímir	04-951	106,3	154,2	130,3	16,9	9,6	7,2	28,8	3,5	17,6
Steðji	07-382	Mímir	04-951	115,1	100,2	107,7	16,3	8,9	6,4	26,5	3,0	17,2
Hamar	07-383	Kátur	05-378	82,5	94,4	88,5	16,8	9,2	7,6	27,2	4,4	17,3
Rammi	07-384	Skarði	03-385	73,7	89,0	81,4	17,0	9,2	7,9	26,4	3,5	17,1
Sprelli	08-380	Þorri	05-379	114,2	110,7	112,5	16,8	9,5	6,9	27,0	3,2	17,4

Hér fer Krákur 07-381 sem sýndi góða útkomu á síðasta ári í himinhæðir fyrst og fremst vegna feikilegra yfirburða úr ómsjarmælingunum. Þetta er sonur Mímis 04-951 en móðurfaðir hans Hrannar 00-304 var út af Mávahliðahrútum sem voru talsvert í notkun á þessu búi á sinni tíð. Ágæt útkoma er einnig fyrir Sprella 08-380 sem er sonur Þorra 05-379 sem búinn var að vera topphrútur á þessu búi í nokkur ár.

Stóru-Akrar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Rökkvi	07-655	Laki	04-655	67,8	88,7	78,3	16,1	9,6	7,7	28,0	3,5	17,5
Naggur	07-658		06-658	65,8	53,8	59,8	15,6	9,0	7,2	27,0	3,8	17,4
Hagalin	08-634	Hagi	04-634	103,9	111,9	107,9	15,8	9,6	6,6	29,2	3,8	17,6
Ljúfur	09-651	Raftur	05-966	115,7	124,7	120,2	15,9	9,8	6,4	29,2	3,2	17,5
Skari	09-652	Raftur	05-966	149,8	152,5	151,2	15,9	10,8	6,0	30,4	3,2	17,9
Logi	09-653	Kveikur	05-965	144,7	124,3	134,5	16,3	11,1	6,5	29,4	2,7	17,4
Massi	09-654	Kveikur	05-965	147,8	119,3	133,6	16,2	10,2	5,8	28,7	3,0	17,6
Kubbur	09-656	Þróttur	04-991	103,4	86,1	94,8	15,6	10,1	6,9	27,3	2,9	17,4
Smyrill	09-658	Naggur	07-658	55,8	55,9	55,9	15,3	8,3	7,0	25,8	3,2	16,9
Leppur	09-659	Risi	07-657	79,9	74,8	77,4	16,5	9,2	7,2	27,3	3,3	17,4

Feikilega mikill munur kemur fram á milli afkvæmahópanna sem eru í þessari rannsókn. Hér kemur fram einn allra mesti toppur rannsóknanna haustið 2010 sem er Skari 09-652. Lömbin undan honum eru vöðvabúnt, frábær að gerð og mjög fitulítill en rétt er að fram komi að lömbin undan honum voru öll gemlings eða tvævetlulömb, sem tæplega hefur það spilt samanburðinum fyrir hann. Þessi úrvalskind er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans Segull 03-613 sem var afgerandi toppur á þessu búi um árabíl og var sonur Leka 00-880. Logi 09-653 er einnig með feikilega góðan lambahóp og fyrir gerð í kjötmati slá lömbin undan honum hópinn undan Skara út. Mæður lambanna undan honum eru sambærilegur hópur og hjá Skara. Logi er sonur Kveiks 05-965 og er dóttursonur Seguls 03-613 eins og Skari. Massi 09-654 er annar Kveikssonur sem þarna á frábæran lambahóp en þarna er móðurfaðir Sökkull 02-656. Fjórði úrvalshópurinn sem ástæða er til að vekja athygli á eru lömbin undan Ljúfi 09-651 en hann á sama föður og móðurföður og Skari.

Syðra-Skörðugil

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Urriði	06-067	Brunnur	03-465	89,1	82,1	85,6	17,3	11,1	7,8	27,4	3,4	17,6
Bruni	07-432	Kaldi	05-460	112,1	128,6	120,4	16,9	11,3	7,3	29,2	3,1	17,9
Uggi	07-434	Ufsi	06-068	97,1	110,9	104,0	18,4	10,7	7,4	28,9	3,6	17,5
Golíat	07-435	Gráni	03-957	73,3	87,1	80,2	18,6	10,3	8,0	27,4	3,2	17,3
Róni	07-461	Raftur	05-966	97,0	81,9	89,5	17,5	10,5	7,2	27,6	3,5	17,5
Stormur	07-465	Hvellur	05-969	112,1	136,2	124,2	18,1	10,9	7,1	29,5	3,2	17,5
Næðingur	08-436	Kaldalóns	06-074	90,0	115,6	102,8	17,9	10,7	7,6	28,7	3,3	17,7
Bolur	08-438	Kroppur	05-993	98,9	129,9	114,4	17,8	11,0	7,5	29,1	3,3	17,8
Sprettur	08-440	Hvellur	05-969	91,5	60,4	76,0	18,7	10,2	7,3	25,5	2,4	17,3
Einbúi	09-068	Kaldbakur	08-431	88,0	88,8	88,4	17,1	10,9	7,8	27,4	2,9	17,2
Logi	09-069	Kveikur	05-965	93,2	107,2	100,2	17,3	10,7	7,5	28,3	3,1	17,5
Blær	09-070	Gustur	08-457	82,5	126,2	104,4	17,6	10,5	7,7	29,4	3,3	17,5
Staður	09-071	Krókur	05-803	109,1	73,3	91,2	18,2	11,0	7,2	26,5	2,5	17,3
Bakki	09-072	Krókur	05-803	97,9	80,1	89,0	17,7	11,4	7,8	26,9	2,9	17,5
Snær	09-073	Fannar	07-808	92,5	97,4	95,0	17,0	10,8	7,6	27,6	2,8	17,5
Holti	09-074	Vorm	03-988	96,0	80,2	88,1	17,3	10,4	7,2	27,2	3,1	17,2
Sótraftur	09-075	Raftur	05-966	107,9	83,2	95,6	17,9	10,8	7,1	27,2	3,0	17,3

Hér er ein af stærri rannsóknunum í landinu og eins og áður gríðarlega sterkir lambahópar með flestum hrútunum. Stormur 07-465 er toppurinn að þessu sinni í rannsókninni eins og hann hefur verið undanfarin ár. Lömbin eru þroskamikil og ákaflega vel gerð en mestir yfirburðir eru samt sóttir í ómsjarmælingarnar enda bakvöðvi feikilega þykkur hjá lömbunum. Stormur er sonur Hvels 05-969 og dóttursonur Lóða 00-871. Bruni 07-432 er einnig eins og áður með fádæma öflugan lambahóp, gerð lambanna frábær, frekast að þungasamanburður sé honum aðeins í óhag. Bruni er undan Kalda 05-460 en móðurfaðir hans er Túli 98-858. Þá er Bolur 08-438 líkt og á síðasta ári með yfirburðahóp og lömbin ákaflega vel gerð en yfirburðirnir reiknast samt allri frá ómsjarmælingahluta rannsóknarinnar. Þetta er sonur Kropps 05-993 en móðurfaðir hans er Sekkur 97-836. Smá vonbrigði eru að nú kviknar engin stórstjarna úr hópi yngstu hrútanna líkt og hefur verið árlegur viðburður undanfarin ár.

Syðri-Hofdalir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Jonni	07-527	Hnúður	04-529	94,6	85,5	90,1	15,5	9,2	7,0	25,7	3,1	17,0
Jónas	07-528	Ibbi	05-528	112,1	118,6	115,4	15,6	9,0	6,4	26,9	2,5	17,0
Júlli	07-529	Álfur	03-960	119,3	104,3	111,8	15,8	9,4	6,5	26,5	2,7	16,9
Jolli	07-533	Bjartur	03-020	117,1	103,9	110,5	15,5	9,2	6,4	26,3	2,6	16,9
Kveikur	08-528	Hvellur	05-969	108,1	100,1	104,1	15,3	8,6	6,2	26,2	2,8	17,1
Kuldi	08-530	Spindill	07-344	98,3	89,0	93,7	15,7	8,7	6,6	25,6	2,7	17,1
Kári	08-531	Neisti	06-822	92,3	119,2	105,8	16,4	9,5	7,4	27,4	3,2	17,1
Lobbi	09-527	Jolli	07-533	89,3	85,6	87,5	16,1	9,1	7,2	25,6	2,9	17,1

Jónas 07-528 er eins og haustið 2009 toppurinn í rannsókninni hér. Yfirburðirnir koma mest frá bakvöðvamælingu lambanna og lítilli fitu þeirra. Faðir hans Ibbi 05-528 var sonur Týs 02-929 og Jónas er aðeins skyldleikarækaður út af Leka 00-880 þar sem hann er móðurföðurfaðir hans.

Tunga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sónn	06-107	Sómi	04-106	93,6	82,5	88,1	16,0	8,9	6,7	26,1	3,1	17,1
Logi	07-114	Kveikur	05-965	105,1	117,6	111,4	16,9	10,1	7,2	27,5	2,7	17,3
Ax	08-106	Faldur	07-164	84,7	82,3	83,5	16,5	10,2	7,8	26,9	3,6	17,3
Max	08-107	Djásni	06-001	84,0	107,0	95,5	16,5	9,4	7,3	27,1	2,7	17,3
Póker	08-108	Bjálki	06-995	129,7	158,7	144,2	16,9	10,7	6,9	29,0	2,9	17,9
Jóker	08-109	Bjálki	06-995	109,5	130,7	120,1	16,2	10,2	7,1	28,1	3,0	17,4
Gír	08-110	Gráni	03-957	72,5	83,3	77,9	16,1	9,1	7,5	26,5	3,2	17,1
Bógur	08-111	Dropi	06-998	116,8	126,1	121,5	15,9	9,9	6,7	28,0	3,2	17,4
Móri	09-106	Smyrill	04-800	103,6	60,3	82,0	17,4	10,2	7,3	25,3	3,2	17,1
Bikar	09-107	Mjöður	07-811	109,0	64,5	86,8	16,4	10,5	7,2	25,4	2,9	17,3
Atgeir	09-113	At	06-806	99,2	103,9	101,6	16,3	9,9	7,2	27,6	3,5	17,2

Hér kemur fram mjög mikill munur á milli afkvæmahópanna sem eru í rannsókninni. Póker 08-108 á þarna yfirburðahóp og eru kostir afkvæmanna afgerandi en þau eru þroskamikil og feikilega vel vöðvafyllt og gerð og lærahold eru frábær. Þessi hrútur er undan Bjálka 06-995 og dóttursonur Abels 00-890. Annar Bjálkasonur, Jóker 08-109 er þarna með mjög góðan lambahóp. Þá er Bógur 08-111 eins og á síðasta ári með hóp sem sýnir afgerandi mikla kosti helst að þungasamanburður sé lömbunum undan honum aðeins óhagstæður. Bógur er sonur Droða 06-998.

Þrasastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Amlí	07-090	Bramli	04-952	125,1	152,1	138,6	17,0	10,1	6,0	29,1	3,2	17,5
	08-087	Papi	04-964	101,9	75,0	88,5	16,2	9,0	6,1	26,1	3,3	16,9
	08-091	Falur	03-980	85,4	80,6	83,0	16,8	9,7	7,1	26,4	3,7	16,9
	08-095	Sómi	02-972	100,1	113,7	106,9	16,8	9,5	6,5	28,0	3,5	17,1
Ásgeir	09-086	Ás	04-813	102,5	96,6	99,6	16,8	9,5	6,4	27,1	3,4	16,7
Atgeir	09-087	At	06-806	95,8	75,8	85,8	15,6	8,9	6,2	26,0	3,1	16,9
Frakkur	09-088	Frakksso	03-974	90,7	120,3	105,5	16,5	9,1	6,6	28,1	3,1	17,1
Kappi	09-089	Garpur	04-815	85,7	89,1	87,4	16,2	9,6	7,0	27,0	3,8	16,8
Blackout	09-090	Kveikur	05-965	144,6	108,4	126,5	17,7	10,7	5,8	27,2	2,6	17,2
Megatron	09-091	Kjói	04-816	85,6	95,2	90,4	18,7	9,8	7,3	26,8	3,0	16,8

Hér koma fram mjög skýrir drættir í þessari rannsókn. Amlí 07-090 sýndi mjög eftirminnanlegar niðurstöður í rannsókn haustið 2008 og mætir nú að nýju til leiks og yfirburðir hans eru áfram feikilega miklir. Allra mestu yfirburðina sækir hann í bakvöðvamælingarnar en kjötmatið er einnig mjög gott og fita lambanna ákaflega lítil sem tæpast kemur mikið að óvart í ljósi ætternis en þetta er sonur Bramla 04-952 og móðurfaðir hans er Hylur 01-883 en lengra að baki á móðurhlið er kollótt fé frá Smáhömrum. Blackout 09-090 gefur að öllu leyti enn glæsilegri kjötmatсниðurstöður en Amlí, bæði frábæra gerð og sáralitla fitu. Þessi svartí höfðingi er sonur Kveiks 05-965 og Spakur 00-909 er móðurfaðir en eins og hjá Amlá liggur lengra að baki í móðurættinni kollótt fé frá Smáhömrum.

Eyjafjörður

Halldórsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Heydalur	08-074	Pompeus	04-313	107,6	155,4	131,5	15,5	7,9	6,0	29,0	2,3	16,7
	07-264		05-180	115,5	116,3	115,9	15,8	7,5	5,4	28,1	2,2	16,7
	08-078		06-037	87,7	109,1	98,4	16,7	7,5	6,7	28,3	3,1	16,8
Móses	06-093	Klasi	05-316	98,8	95,1	97,0	15,4	8,9	6,9	27,6	3,9	16,8
	09-001	Prófill	06-319	96,5	91,2	93,9	14,7	7,6	5,9	26,6	2,4	16,5
Blossi	08-051	Ljómi	06-124	78,1	100,7	89,4	15,5	8,4	7,2	26,6	2,4	16,5
Gimsteinn	06-259	Glampi	00-534	90,6	85,0	87,8	15,6	8,3	6,8	26,4	2,6	16,7
	08-086	Nói	05-118	73,2	101,3	87,3	15,1	7,6	6,7	27,4	3,2	16,8
Muggur	06-321	Gyllir	02-308	92,4	69,5	81,0	14,6	7,5	5,9	25,8	2,8	16,3

Eins og á síðasta ári er hér nokkuð umfangsmikil rannsókn. Það eru tveir afkvæmahópar sem sýna mjög afgerandi yfirburði að þessu sinni. Hrútur 08-074 sækir sína yfirburði að þessu sinni að langmestum hluta í mjög góða vöðvabyggt í ómsjarmælingum, en hann stóð einnig í rannsókninni á síðasta ári mjög vel. Faðir hans Pompeus 04-313 hafði einnig sýnt sinn styrk í fyrri rannsóknum en hann var fenginn frá Vatnsenda undan Abel 00-890. Heydalur 07-264 er þarna með lambahóp sem sýnir jafna og góða yfirburði, styrkurinn mest sóttur í litla fitu og þykkann bakvöðva, en þetta er kollóttur hrútur úr hinni landsþekktu ræktun hjá Guðjóni á Heydalsá. Faðir hans 05-180 var hrútur undan Júní 03-030.

Svertingsstaðir 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Solli	09-618	Olli	06-985	95,5	119,3	107,4	17,4	9,8	7,0	29,0	3,0	17,1
Háseti	05-603	Ægír	01-916	87,5	123,7	105,6	17,6	9,0	6,7	28,6	2,2	16,9
Hnykill	09-616	Bogi	04-814	110,3	96,0	103,2	16,3	8,4	5,3	26,8	2,0	16,5
Gjafar	09-614	Neisti	06-822	107,5	93,3	100,4	16,6	8,5	5,5	27,4	2,9	17,0
Kjölur	09-617	Trimbill	07-610	100,6	97,2	98,9	17,1	8,8	6,0	27,0	2,2	16,5
Hreinn	09-615	Dotti	05-155	109,6	88,0	98,8	17,1	8,8	5,7	26,5	2,1	16,5
Trimbill	07-610	Erpur	01-919	90,8	83,7	87,3	16,8	8,9	6,4	26,7	2,1	16,8

Frekar lítill munur kemur fram í rannsókninni hérna að þessu sinni. Solli 09-618 er með hæsta heildareinkunn og sýna afkvæmi hans skýra kosti í vöðvafyllingu og gerð en eru heldur fitumeiri en hjá mörgum hinum hrútanna. Þessi hrútur er sonur Olla 06-985, en í móðurætt úr áratuga ræktun á búinu þar sem fjöldi þekktra sæðingastöðvahrúta skýtur fljótt upp kollinum. Hæsta kjötmatseinkunn hefur aftur á móti Hnykill 09-616 en yfirburðir hans eru fyrst og fremst í lítilli fitu, en lömbin undan honum ívið léttari en undan hinum hrútunum. Þetta er sonur Boga 04-814 en móðurfaðir hans er Bliki 02-436 eins og hjá Solla.

Hrafnsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hnífill	09-599	Brodði	07-015	117,5	144,7	131,1	15,7	9,2	5,6	29,6	2,9	17,2
Hamar	07-592	Boði	06-604	106,5	97,8	102,2	15,5	8,1	5,4	27,6	2,7	16,6

Broddi	08-597	Svanur	05-556	100,5	98,0	99,3	16,2	8,4	5,9	27,4	2,6	16,6
Gustur	05-587	Gustur	04-293	87,5	106,4	97,0	16,7	8,8	6,6	27,9	2,8	17,0
Njörður	05-579	Gutti	04-284	90,5	78,6	84,6	17,2	9,1	6,8	27,0	3,0	16,9

Hér er fremur lítil rannsókn þar sem yfirburðirnir falla allir í skaut lambahópi undan Hnífli 09-599, sem bera mikið af um vöðvafyllingu og gerð um leið og þau eru fitulítill. En ástæða er til að benda á að lömbin undan honum voru gemlingslömb og þar af leiðandi mögulega ekki alveg samanburðarhæf. Yfirburðirnir koma samt vart að óvart vegna þess að þessi hrútur er fenginn frá Broddanesi 1 og er hann undan Brodda 07-015 og móðurfaðir hans Segull 02-352 þannig að kostina á hann ekki langt að sækja.

Garðshorn Belamörk

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Lambás	08-100	Bjálki	06-995	142,8	181,0	161,9	17,0	12,3	7,5	31,1	1,7	17,8
Bjáni	07-155	Ljúfur	05-968	113,8	143,3	128,6	17,4	9,5	7,1	30,4	3,0	17,6
Dóni	07-158	Þróttur	04-991	101,5	84,6	93,1	16,6	9,1	7,1	27,0	2,4	17,1
Kubbur	07-199	Týr	05-115	93,1	62,3	77,7	18,7	9,0	7,6	27,4	4,0	16,9
Durgur	05-185	Forkur	01-196	71,3	80,5	75,9	16,7	8,1	7,4	26,3	2,7	16,7

Að þessu sinni er rannsóknin hér frekar lítil að umfangi. Lambás 08-100 sýnir hér fádæma mikla yfirburði fyrir lambahóp sem sýnir afgerandi yfirburði í öllum eiginleikum, fádæma vel gerð og vöðvafyllt en fitulítill. Lambás er í eigu fjárræktarfélagins Neista og hefur verið mikið notaður á fjölda bæa á svæðinu og afkvæmi hans verið að sýna mikla yfirburði. Hann vakti strax lambsárið athygli þegar hann var seldur á hrútaðeginum á Raufarhöfn fyrir hæsta verð sem þá hafði verið greitt fyrri slíkan gripi hér á landi. Hann er hins vegar með áhættuafgerð þannig að hann kemur ekki til nota á stöð af þeirri ástæðu. Lambás er fæddur í Sveinungsvík undan Bjálka 06-995, en móðurfaðir hans er Lækur 97-843. Bjáni 07-155 er þarna einnig með prýðisgóðan lambahóp, lömb með mikla og góða vöðvafyllingu. Þessi hrútur kemur frá Ytri-Bægisá 2 og er undan Ljúfi 05-968 en móðurfaðir hans Sjóður 97-846.

Syðri-Bægisá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sómi	09-102	Bjarni	08-099	132,6	155,0	143,8	17,8	11,7	7,7	31,6	2,9	17,8
Sopi	08-098	Dropi	06-998	99,8	94,9	97,4	16,2	9,6	7,2	28,8	2,6	17,4
Bútur	06-066	Spakur	03-976	99,5	79,6	89,6	18,8	10,8	8,5	29,2	3,9	17,4
Jolli	09-101	Olli	06-985	100,5	73,5	87,0	18,8	10,1	8,0	28,4	3,4	17,3
Kraftur	07-231	Raftur	05-966	81,9	86,0	84,0	18,4	9,7	8,3	28,6	2,5	17,5
Flekkur	08-097	Blettur	05-967	95,0	54,6	74,8	17,7	10,2	8,1	27,8	3,3	17,1

Hér kemur fram einn af yfirburðagripum haustsins. Sómi 00-102 á þarna ótrúlega sterkan lambahóp en afkvæmi hans hafa frábæra vöðvafyllingu og gerð og eru vel þroskuð. Þessi snillingur rekur ættir að mestu í önnur héruð en faðir hans Bjarni 08-099 er frá Bjarnastöðum í Öxafirði undan Frosta 07-843 en móðurfaðir hans Svenni 02-106 var fenginn frá Sveinungsvík undan Fossi 01-210 eins af toppunum undan Leka 00-880 á þeim tíma.

Neðri-Vindheimar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ylur	05-222	Hylur	01-883	117,2	102,4	109,8	16,4	9,3	6,8	27,4	2,7	16,8
	09-205	Djåkni	08-201	103,5	109,9	106,7	16,1	9,2	7,2	27,1	2,1	16,5
Djåkni	08-201	Bylur	05-222	89,1	105,1	97,1	15,8	8,6	7,3	26,8	2,2	16,5
	09-203	Krókur	05-803	89,3	90,1	89,7	15,5	8,3	7,2	26,4	2,5	16,6
Bleðill	05-223	Seðill	01-902	94,0	70,9	82,5	15,9	8,8	7,3	25,4	2,5	16,5

Rannsóknin hér er frekar takmörkuð að umfangi. Ylur 05-222 er eins og áður að skila yfirburðum en þetta er einn margra skörunga, sem á sínum tíma komu fram undan Hylur 01-883. Samkeppnina fær hann helst frá hrúti 09-205 en sá er sonarsonur hans en móðurfaðir hans Bætir 99-220 var sonur Bjarts 93-800.

Suður-Pingeyjarsýsla

Grýtubakki

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ragnarinn	08-020	Kveikur	05-965	122,5	160,4	141,5	14,9	9,0	5,4	29,6	1,6	17,5
Kölski	08-065	Kveikur	05-965	132,8	146,0	139,4	15,1	9,5	5,5	29,3	1,7	17,3
Skjanni	09-661	Tenór	08-022	105,5	141,5	123,5	14,2	8,2	5,2	29,9	1,8	17,3
Viðar	09-666	Staur	08-054	106,9	104,2	105,6	14,5	8,8	5,6	28,3	1,9	17,4
Tryggur	09-667	Kraftur	07-044	104,7	102,6	103,7	14,5	8,7	5,6	27,7	1,5	17,1
Hlíðar	08-668	Raftur	05-966	87,2	109,8	98,5	14,7	8,8	6,2	28,7	2,1	17,1
Tenór	08-022	Kaldi	03-989	101,3	93,8	97,6	14,5	8,4	5,5	27,8	1,9	17,1
Kútur	09-663	Ægir	08-301	95,1	90,0	92,6	15,2	8,4	5,8	27,8	2,0	17,1
Glæsir	09-662	Djåkni	08-024	102,2	67,3	84,8	14,9	9,4	6,2	27,0	2,0	17,2
Keppur	09-664	Olli	06-985	103,5	56,2	79,9	14,0	7,7	4,9	26,5	1,9	16,9
Lurkur	08-019	Bjálki	06-995	88,6	65,2	76,9	14,1	7,7	5,3	27,0	2,0	16,9
Djåkni	08-024	Stuðull	02-460	67,9	70,2	69,1	14,9	8,8	6,8	27,7	2,5	17,1
Billi	09-660	Kveikur	05-965	75,7	58,2	67,0	15,1	8,0	6,0	27,1	2,0	16,9

Rétt er að vekja athygli á því að hér er bú Þórarins Péturssonar sem áður var í Laufási. Hér er því stór rannsókn eins og áður hjá Þórnari. Hér koma fram mjög afgerandi yfirburðir hjá tveim hrútum, sem einnig skipuðu sér á topp í rannsókninni haustið 2009. Þetta eru Kveikssynirnir (05-965); Ragnarinn 08-020 og Kölski 08-065 en afkvæmi þeirra hafa mikla yfirburði í flestum þáttum rannsóknarinnar. Ragnarinn á Frosta 02-913 að móðurföður en Kölski hins vegar Ljóma 98-865. Hópurinn undan Skjanna 09-661 sýnir ágæta yfirburði, sem að vísu eru mestir í bakvöðvaþykkt og lömbin undan honum heldur í léttari kantinum. Þessi hrútur er af aðeins öðrum ættarmeði, föðurfaðir hans Kaldi 03-989 en Roði 00-921 móðurfaðirinn.

Bárðartjörn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Grímur	07-405	Grímur	01-928	104,2	131,0	117,6	15,3	8,9	5,7	29,3	2,9	17,3
Leó	09-417	Royal	06-005	106,6	121,3	114,0	15,6	9,3	5,9	28,2	2,8	17,1
Baldur	09-418	Lundi	03-945	106,5	114,7	110,6	15,2	8,5	5,3	28,0	2,4	17,4
Leifur	09-420	Prjónn	07-812	98,3	105,0	101,7	14,5	8,3	5,4	27,1	2,4	17,1
Krókur	09-419	Lundi	03-945	100,1	104,1	102,1	14,4	7,8	5,0	27,5	3,0	17,3
Fleygur	07-409	Dýri	04-007	80,5	103,8	92,2	14,6	7,1	4,9	27,8	3,2	17,3
Logi	07-406	Kveikur	05-965	110,8	93,3	102,1	15,3	8,3	5,1	27,2	2,6	17,2
Palli	08-415	Þistill	07-410	98,5	75,6	87,1	15,0	8,1	5,3	26,2	2,9	17,0
Runni	09-416	Púki	06-807	89,9	62,2	76,1	14,6	7,1	4,9	25,7	2,8	17,2

Grímur 07-405 stendur hér efstur með heildareinkunn, en hann sýndi góða niðurstöður í rannsókn veturgamall en stóð fremur höllum fæti í samanburðinum haustið 2009. Núna er langmest af yfirburðunum að koma frá mælingum á þykkum bakvöðva hjá afkvæmum hans. Þetta er einn af fáum sonum Gríms 01-928, sem enn eru í notkun en móðurfaðir hans eins og margra annarra topphrúta er Sjóður 97-846. Tveir veturgamlir hrútar eiga þarna athyglisverða afkvæmahópa, Leó 09-417 og Baldur 09-418, sem báðir virðast skila vænleika til afkvæma sinna. Leó er aðfenginn frá Ytra-Lóni á Langanesi af þekktum ættum þar undan Royal 06-005 og móðurfaðirinn Nökkvi 02-007 frá Laxárdal, en sterkustu eiginleikar hjá afkvæmum Leós virðist þykkur vöðvi. Baldur 09-418 sækir yfirburði hjá afkvæmum meira í litla fitu auk þess sem þau eru með ágæt lærahold, en þetta er sonur Lunda 03-945 og móðurföðurfaðir hans Bessi 99-851.

Áshóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Víkingur	07-289	Hvellur	05-969	115,7	147,3	131,5	16,5	9,2	6,1	32,0	3,0	17,5
Bjartur	09-252	Gotti	05-804	103,3	123,9	113,6	17,0	9,2	6,6	31,2	3,0	17,6
Þráður	09-251	Kveikur	05-965	97,3	117,5	107,4	17,3	9,0	6,7	31,6	3,4	17,5
Holti	09-254	Landi	05-018	109,9	115,5	112,7	17,0	8,9	6,2	30,9	3,1	17,4
Þór	08-297	Víkingur	07-289	110,0	84,8	97,4	15,9	8,8	5,9	29,9	3,2	17,0
Boli	08-298	Raftur	05-966	86,4	67,5	77,0	15,9	8,6	6,4	29,5	2,9	17,2
Ýmir	06-284	Strókur	04-275	84,3	46,4	65,4	16,9	8,6	6,7	27,7	3,3	17,1

Víkingur 07-289 sýnir eins og hann gerði veturgamall haustið 2008 mjög góða yfirburði hjá afkvæmum sínum og eru yfirburðirnir nú enn meiri sérstaklega í ómsjarmælingunum þar sem hann gefur feikilega þykkann bakvöðva. Hann er eins og allmargir úrvalshrútar skyldleikaræktaður afkomandi Hyls 01-883 þar sem Hvellur 05-869 er faðir hans og Hylur móðurfaðir. Ástæða er til að vekja einnig athygli á tveim veturgömlum hrútum. Bjartur 09-252 er að skila þroskamiklum lömbum með góða gerð og mikil lærahold, en hann er sonur Gotta 05-804. Holti 09-254 á einnig hóp af þroskamiklum og jafnvel gerðum lömbum en sá hrútur er fenginn frá Holti í Pistilfirði sonarsonur Fróða 04-963.

Vatnsleysa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kúði	08-652	Burkni	07-645	103,8	160,5	132,2	18,7	10,5	7,8	32,0	2,4	17,5
Snigill	09-657	Bogi	04-814	111,5	131,3	121,4	18,3	9,2	6,6	31,1	2,3	17,5
Garpur	09-661	Lundi	03-945	132,3	99,3	115,8	18,3	10,0	6,3	29,4	2,2	17,0
Svanur	04-618	Blær	03-614	111,7	117,9	114,8	18,6	9,4	6,8	30,5	2,4	17,2
Randver	09-656	Kveikur	05-965	127,6	91,1	109,4	17,4	10,0	6,5	28,7	2,3	17,1
Kvistur	09-660	Boði	08-653	101,5	115,1	108,3	18,6	9,8	7,4	29,9	2,3	17,4
Silfri	07-643	Álfur	03-960	88,9	93,4	91,2	18,3	9,7	7,7	29,6	3,0	17,1
Reyr	07-644	Lóði	00-871	87,8	91,4	89,6	17,2	9,1	7,2	28,8	2,3	17,3
Prúður	09-658	Krappur	05-633	79,6	54,8	67,2	17,7	9,0	7,5	27,5	2,4	17,0
Blesi	09-662	Kragi	07-041	71,5	58,2	64,9	18,1	8,8	7,8	28,0	3,0	17,0

Kúði 08-652 sýnir að niðurstöður afkvæma hans haustið 2009 voru engin tilviljum. Hann staðfestir sig nú sem feikilega öflug kynbótakind, yfirburðirnir eru að langstærstum hluta úr ómsjarmælingunum að þessu sinni, en í kjötmati eru sláturlömbin heldur feit í samanburði við aðra afkvæmahópa en rétt er að vísu að horfa til þess að vænleiki lambann er mjög mikill. Þessi hrútur er úr áratuga sterkri ræktun á búinu þar sem margir sæðingahrúta standa skammt að baki en faðir hans Burkni 07-645 gaf einnig góðar niðurstöður úr afkvæmarannsóknum. Tveir veturgamlir hrútar sýna athyglisverðar niðurstöður hjá afkvæmum sínum. Snigill 09-657 er að gefa mikla vöðvafyllingu bæði á baki og í lærum hjá afkvæmum sínum um leið og þau eru mjög fitulítil en þetta er sonur Boga 04-814 en blanda af hyrndu og kollóttu þar sem Bjálfi 95-802 er móðurfaðir Snigils. Garpur 09-661 er að skila góðri gerð og ótrúlega miklu fituleysi til afkvæma sinna þrátt fyrri mikinn vænleika þeirra. Þessi kappi sem því miður er fallinn var sonur Lunda 03-945 en Hnykkur 91-958 var móðurföðurfaðir hans. Svanur 04-618 á þarna nú prýðisgóðan lambahóp en þessi öldungur er mikill Garpsafkomandi (92-808), með Leka 00-880 sem föðurföður og Prúð 94-834 sem móðurföður.

Hrifla

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Róni	08-050	Hriflon	07-837	119,3	140,3	129,8	15,6	9,1	5,2	29,7	1,5	17,6
Kragi	07-041	Sperðill	06-075	63,9	121,8	92,9	16,8	8,4	6,9	31,2	3,3	17,6
Kraftur	07-044	Raftur	05-966	106,3	121,2	113,8	15,9	9,6	6,0	29,6	1,8	17,4
Ás	09-058	Hriflon	07-837	134,2	119,7	127,0	15,4	10,7	5,7	29,4	2,1	17,7
Þór	09-057	Hriflon	07-837	80,5	110,1	95,3	16,4	9,6	6,9	29,4	2,5	17,6
Tirðill	05-069	Hiti	04-065	95,0	104,1	99,6	16,5	9,7	6,5	29,3	2,1	17,6
Lúsi	09-062	Púki	06-807	98,0	99,4	98,7	16,0	8,9	5,8	28,8	2,1	17,4
Drumbur	08-055	Bjálki	06-995	102,5	98,3	100,4	16,5	10,5	6,8	30,1	3,5	17,6
Bjór	08-053	Bifur	06-994	102,7	93,3	98,0	16,3	10,4	6,7	29,1	2,6	17,5
Sími	09-060	Þróttur	04-991	105,7	58,0	81,9	15,6	9,2	5,7	27,4	2,2	17,2
Logi	09-061	Kveikur	05-965	89,3	50,2	69,8	15,2	8,7	5,8	26,6	1,9	17,3

Eins og á undanförunum árum eru hér athyglisverðar niðurstöður til skoðunar. Róni 08-050 staðfestir sterkt niðurstöðuna frá fyrra ári um að hann sé mjög sterkur sláturlambafaðir, lömbin eru feikilega vel vöðvafyllt með ótrúlega litla fitu en hann er sonur Hriflons 07-837, sem árin á undan hafði sýnt hér í rannsóknum ótrúlega yfirburði og skilur hér eftir tvo afburðagóða syni vegna þess að Ás 09-058 er með lambahóp, sem tekur lömbunum undan Róna fram um gerð, en er að vísu ekki að gefa alveg jafn afgerandi fituleysi, þó að það sé einnig umtalsvert hjá lömbunum undan honum. Báðir þessi hrútar eiga sterka móðurætt, Róni dóttursonur Oturs 00-910, en á móðurhliðina standa að baki Prúður 94-834, Sekkur 97-836 og Ljóri 95-828 hjá Ási. Þriðji hópurinn með athyglisverða yfirburði er undan Krafti 07-044, en mestu yfirburðir hjá afkvæmum hans koma frá skoðun lifandi lambanna. Öllum þessum þrem frændum er það hins vegar sammerkt að þeir eru að skila lömbum sem að vænleika liggjá heldur undir meðaltali í rannsókninni.

Hlíðarendi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Snær	09-484	Freyðir	07-810	128,8	152,1	140,5	17,6	10,1	6,0	32,0	2,5	17,5
Kambur	07-477	Raftur	05-966	98,9	137,9	118,4	16,4	9,3	6,4	30,9	2,3	17,6
Bjór	09-483	Mjóður	07-811	100,5	76,9	88,7	17,3	9,1	6,3	28,9	2,6	17,3
Sveigur	09-485	Hriflon	07-837	99,2	70,1	84,7	16,2	8,9	6,1	28,3	3,1	17,0
Atgeir	09-482	At	06-806	80,0	61,7	70,9	16,8	9,5	7,2	28,8	3,1	17,4

Þarna eru mjög afgerandi niðurstöður í rannsókninni. Snær 09-484 á þarna lambahóp sem sýnir feikilega mikla yfirburði um alla þætti í rannsókninni, lömbin eru mjög þroskamikil með afburða vöðvafyllingu og litla fitu. Rétt er að vísu að vekja athygli á því að afkvæmi hans eru flest gemlingslömb, sem mögulega riðlar eitthvað eðlilegum samanburði, en kostirnir eru samt afgerandi. Snær er sonur Freyðis 07-810 en á móðurhlið stendur Djákni 93-983 honum næstur sæðingahrútanna. Kambur 07-477 staðfestir einnig kosti sína sem komu fram strax haustið 2008, en sá hrútur er frá Hriflu undan Rafti 05-966.

Halldórsstaðir II

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þráður	08-205	Þráður	06-996	113,3	129,8	121,6	17,0	10,4	7,1	29,9	2,7	17,5
Bjálki	08-201	Bjálki	06-995	97,1	135,6	116,4	16,4	8,9	6,6	30,6	3,0	17,6

Kveikur	08-204	Kveikur	05-965	107,5	123,7	115,6	16,2	8,9	6,2	29,9	2,8	17,3
Gjafar	08-207	Kunningi	06-103	86,9	136,6	111,8	17,2	9,6	7,5	31,0	3,5	17,5
Ruddi	07-247	Raftur	05-966	115,9	79,3	97,6	16,7	10,0	6,7	28,1	3,6	17,5
Gotti	09-210	Gotti	05-804	116,5	78,1	97,3	16,0	9,7	6,4	27,9	3,3	17,2
Óðinn	06-245	Stapi	01-091	80,0	84,8	82,4	16,6	9,0	7,3	28,5	3,6	17,2
Lundi	09-211	Lundi	03-945	92,6	71,0	81,8	15,7	8,6	6,4	27,9	3,3	17,2
Héli	06-244	Gráni	03-957	92,9	60,2	76,6	15,5	9,0	6,7	27,4	3,6	16,9
Snúður	08-206	Snúður	05-236	74,1	70,2	72,2	16,0	9,3	7,6	27,9	4,3	17,3

Hér flokkast hrútarnir nokkuð skýrt á grundvelli rannsóknarinnar. Þráður 08-205 skilar þroskamiklum lömbum með þykka vöðva og góða gerð, en þetta er einn afbragðshrútanna sem fram komu undan þræði 06-996 og á móðurvænginn koma fleiri Hesthrútar eins og Hylur 01-883 og Kúnni 94-997. Yfirburðirnir hjá afkvæmum Bjálka 08-201 er nánast allir í þykkum vöðvum á baki og í lærum, en hann á samnefnan föður 06-995. Þá er þarna þriðji hrúturinn af líkum meiði Kveikur 08-204 sem á mjög kostamikinn og jafngóðan afkvæmahóp en hann er sonur Kveiks 05-965.

Víðiker

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
L.Raftur	08-039	Raftur	05-966	130,2	145,7	138,0	14,8	9,1	5,0	29,1	2,4	17,4
Nafar	06-028	Oddur	02-942	105,6	118,0	111,8	15,6	9,4	6,0	28,1	2,4	17,3
Fattur	06-032	Hylur	01-883	105,5	116,7	111,1	15,8	8,9	5,7	29,1	3,2	17,2
Brúskur	07-035	Mangó	03-948	103,9	112,9	108,4	15,7	9,3	6,0	28,2	2,9	17,3
Víkingur	09-047	Jón Páll	04-990	91,8	96,8	94,3	14,5	8,3	5,5	27,4	2,8	17,1
Skokkur	09-050	Púki	06-807	101,5	78,5	90,0	15,9	9,0	5,9	27,0	3,3	17,3
Kali	08-042	Kjalvar	02-943	84,9	75,5	80,2	15,4	8,1	5,7	26,7	3,1	17,1
Njóli	09-046	Þróttur	04-991	94,1	62,4	78,3	16,2	9,5	6,5	26,7	3,2	17,1

Hér er rannsókn með glöggum niðurstöðum en því miður virðast yngri hrútarnir hér ekki ná að skáka eldri köppum á búinu. Litli-Raftur 08-039 skipar sér mjög afgerandi á toppinn með afkvæmi, sem hafa mjög góða vöðvafyllingu og mjög litla fitu en standa hinum afkvæmahópunum aðeins að baki með vænleika lambanna, en þetta er einn ótalmargra yfirburðagripa undan Rafti 05-966 en móðurfaðir hans Matlok 01-004 var undan Haga 98-857, sem reyndist vel til kynbóta á ýmsum bæjum í Bárðardal á sínum tíma.

Bjarnastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Prins	09-223	Kveikur	05-965	114,7	126,2	120,5	17,3	9,7	7,1	29,1	3,9	17,4
Gosi	03-210	Hylur	01-883	116,4	121,5	119,0	16,3	9,3	6,6	28,0	3,3	17,3
Mörður	06-216	Lundi	03-945	110,1	100,6	105,4	16,9	9,3	7,0	26,9	2,9	17,0
Hnykill	07-218	Köggull	02-207	117,1	91,9	104,5	15,0	9,2	6,1	25,5	3,1	17,2
Ufsi	08-222	Gaur	07-479	93,8	107,2	100,5	17,3	9,1	7,5	27,6	3,2	17,4
Dallur	09-224	Kveikur	05-965	99,4	100,6	100,0	17,1	9,0	7,2	26,3	2,9	17,1
Ljómi	08-221	Vangi	05-211	94,1	90,8	92,5	16,9	9,0	7,3	26,1	2,7	17,0
Skoti	07-219	Vitur	05-562	90,1	92,9	91,5	16,2	8,7	7,0	26,9	3,5	17,0
Móri	05-121	Skúmur	04-001	88,0	69,9	79,0	16,3	8,5	7,0	25,4	3,5	17,1

Hér mætir Prins 09-223 til leiks með hóp sem sýnir mikla yfirburði, þroskamikil og vel gerð lömb, en rétt að benda á að flest lambanna undan honum eru gemlingslömb sem hugsanlega getur eitthvað riðlað samanburðinum. Ættir hans eru hins vegar sterkar þar sem þetta er sonur Kveiks 05-965 og móðurfaðir hans Styggur 04-211 hafði gefið sterkar niðurstöður í rannsóknum á búinu fyrr á árum. Gosi 03-210 færir enn einum sinni sönnur á að hann er ákaflega kostamikill hrútur sem faðir sláturlamba en hann er einn af úrvalshrútunum undan Hyli 01-883, sem enn eru í notkun.

Ingjaldstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fálki	09-155	Lundi	03-945	132,4	133,8	133,1	16,9	10,5	5,9	30,2	2,4	17,4
Eitill	09-159	Meitill	07-183	111,6	122,1	116,9	16,8	10,4	6,5	30,1	2,6	17,5
Fleygur	08-189	Raftur	05-966	115,4	120,6	118,0	16,1	9,6	5,8	29,8	2,3	17,5
Sopi	08-190	Raftur	05-966	98,7	96,7	97,7	15,7	9,1	6,0	28,8	2,8	17,3
Gustur	09-156	Raftur	05-966	112,8	85,7	99,3	16,0	9,6	5,9	28,5	2,9	17,7
Meitill	07-183	Seitill	03-163	80,0	78,4	79,2	15,1	8,2	6,0	27,6	2,3	17,1
Landi	09-157	Mjóður	07-811	94,3	72,6	83,5	16,4	9,1	6,2	28,4	3,6	17,2
Krummi	09-160	Bifur	06-994	63,2	64,0	63,6	16,7	9,2	7,4	28,2	3,1	17,4

Hér eru að þessu sinni niðurstöður úr rannsókninni sem eru mjög skýrar. Fálki 09-155 er mjög afgerandi toppur rannsóknarinnar, en lömbin undan honum eru að sýna mikla yfirburði um alla þætti rannsóknarinnar og eru mjög þroskamikill, en þetta er einn topphrúta undan Lunda 03-945, en á móðurhlið standa skammt að baki sæðingahrútar eins og Gaddur 05-950, Hylur 01-883 og Freyr 98-832. Eitill 09-159 mætir einnig til leiks með mjög kostamikinn lambahóp en þessi hrútur er aðeins skyldleikaræktaður afkomandi Seitils 03-163, sem þarna reyndist ákaflega vel og var einn toppanna undan Leka 00-880. Að síðustu skal bent á mikla kosti hjá lömbunum undan Fleygi 08-189 en þar er einn af þessum fjölmörgu úrvalshrútum undan Rafti 06-966.

Ystihvammur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Garpur	09-150	Púki	06-807	138,8	101,1	120,0	17,1	11,2	5,6	29,7	2,5	18,1
Bátur	07-141	Ungi	06-475	108,1	121,1	114,6	16,9	11,3	6,9	30,3	2,5	18,3
Hér eru tveir afkvæmahópar sem sýna umtalsverða yfirburði. T 09-258 sýnir mikla og jafna yfirburði fyrir báða meginþætti rannsóknarinnar en yfirburðir lambanna undan honum í vöðvafyllingu eru skýrir. Þessi hrútur er undan At 06-806 en dóttursonur Kjalvars 02-943. Tígur 08-280 átti góðan lambahóp á síðasta ári og aftur nú þar sem lítil fita vegur mest í jákvæðum eiginleikum. Þessi hrútur er undan Hyli 01-883 úr yngsta hópi sona hans og Mölur 95-812 er móðurfaðir hans.

Lundur Völlum

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kútur	06-140	Kútur	03-937	90,5	86,2	88,4	19,6	9,1	7,8	25,9	4,3	17,0
Gráni	08-153	Gráni	03-957	129,2	96,3	112,8	19,9	10,2	7,7	26,0	3,6	17,0
Jón Páll	08-155	Jón Páll	04-990	84,5	107,0	95,8	18,5	8,4	7,2	26,4	3,6	17,2
Olli	08-156	Olli	06-985	84,3	72,2	78,3	19,3	8,9	7,9	25,1	4,1	17,0
Brúsi	08-158	Máni	03-975	119,7	86,5	103,1	21,9	10,3	7,7	25,6	3,9	17,3
Freyðir	09-104	Freyðir	07-810	148,2	164,4	156,3	18,7	10,4	7,0	29,8	3,7	17,4
Steinn	09-105	Freyðir	07-810	74,7	103,4	89,1	18,6	8,9	8,5	26,9	4,5	17,1
Stjáni	09-106	Kaldi	03-989	99,6	89,9	94,8	19,5	9,5	8,0	26,5	5,0	17,2
Prjónn	09-107	Prjónn	07-812	84,2	97,1	90,7	18,2	8,2	7,1	25,9	3,3	17,0
Barlómur	09-108	Lómur	06-144	120,0	108,8	114,4	18,7	9,5	7,2	26,6	3,7	17,2

Hér er úrtöku vænleiki lambanna eins og oft hefur verið. Einir almestu yfirburðir rannsókna um allt land haustið 2010 koma hér fram hjá Freyði 09-104, kjötmatið er það besta, gerðin góð og fita lítil og yfirburðir í vöðvapykkt með fádæmum miklir frekast að þungasamanburður sé honum eilítið í óhag. Þessi hrútur er sonur Freyðis 07-810 en dóttursonur Lóms 06-144 sem var sonur Lóms 02-923. Barlómur 09-108 á feikilega sterkan lambahóp þar sem kjötmatið vegur öllu meira í yfirburðunum en hann er sonur Lóms 06-144 sem að framan er nefndur en móðurfaðir hans Magni 03-115 var hrútur undan Áli 00-868. Gráni 08-153 átti góðan lambahóp á síðasta ári og aftur nú er lömbin mjög væn og vöðvafylling og gerð þeirra góð. Þetta er sonur Grána 03-957 og móðurföðurfaðir hans var Serkur 95-811.

Víkingsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Skuggi	07-794	Máni	03-975	92,1	116,4	104,3	19,2	8,4	7,3	28,0	4,6	17,5
Bylur	07-798	Hylur	01-883	117,0	116,0	116,5	19,0	9,2	7,0	27,7	3,7	17,3
Þorpari	09-760	Kjarni	07-535	113,6	135,7	124,7	19,4	9,0	7,1	28,3	3,9	17,5
Hrókur	09-761	Svali	06-454	88,0	33,3	60,7	19,3	8,6	7,6	24,7	3,9	16,8
Kengur	09-763	Bogi	04-814	91,5	94,9	93,2	19,3	8,5	7,4	27,0	4,4	17,1
Ási	09-765	Ás	04-813	104,1	71,6	87,9	17,9	8,0	6,4	25,2	3,6	17,0
Atli	09-768	At	06-806	98,5	128,4	113,5	19,8	9,4	7,9	27,9	3,8	17,4
Stormur	09-769	Bylur	07-798	103,9	113,5	108,7	17,7	8,3	6,6	27,1	3,3	17,2

Hæstu heildareinkunn hér fær Þorpari 09-760 sem á gríðarlega þroskamikil og vel gerð lömb sem samt sækja mest af yfirburðunum í ómsjarmælingarnar. Þessi hrútur kemur vestan frá Þorpum undan

Kjarna 07-535 sem er sonur Frakkssonar 03-974 en móðurfaðir hans Kubbur 02-785 var undan Stúfi 97-854. Bygur 07-798 hefur sýnt stjørnuútkomu úr rannsóknnum bæði 2008 og 2009 og gerir enn enda þrælöflugur með kjötgæði. Þetta er úr flokki yngri sona Hyls 01-883 en móðurfaðir hans var Bolli 03-791.

Fossárdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Voði	07-024	Raftur	05-966	107,4	64,8	86,1	16,3	8,9	6,0	25,8	3,2	17,2
Ölur	07-025	Spakur	03-976	118,3	85,5	101,9	16,9	9,7	6,3	26,5	2,6	17,2
Glámur	08-004	Raftur	05-966	105,9	131,2	118,6	16,5	8,8	6,0	29,1	2,9	17,5
Aspar	09-006	Snær	07-022	108,9	118,8	113,9	16,5	8,8	5,9	28,7	3,0	17,5
Funi	09-007	Púki	06-807	83,9	115,3	99,6	15,6	8,8	6,5	28,7	3,3	17,1
Mítur	09-008	Lundi	03-945	86,0	63,6	74,8	16,1	8,5	6,3	26,3	3,2	17,1

Glámur 08-004 kemur hér með hæstu heildareinkunn, en yfirburðir lamba hans eru mest sóttir í þykkan bakvöðva en einnig eru þau fitulítil. Þetta er einn ótalmargra sona Rafts 05-966 en móðurfaðir hans var Salómon 03-022 og móðurmóðurfaðir Flái 06-029 frá Brekku í Lóni sem var tímamóttagripur í ræktuninni hér á búinu. Aspar 09-006 er einnig með mjög góðan hóp, jafnan að kostum en hann er sonarsonur Lubba 01-940 og dóttursonur Lóða 00-871. Ölur 07-025 sem toppaði rannsóknina haustið 2009 á lambahóp sem sýnir mjög gott kjötmat.

Starmýri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Riddari	05-052	Grímur	01-928	105,9	111,6	108,8	14,6	8,5	6,3	23,4	3,5	16,9
Vísir	06-065	Riddari	05-052	114,1	105,8	110,0	15,1	8,6	6,2	23,1	3,4	16,6
Lurkur	06-069	Eldar	01-922	91,1	73,9	82,5	14,6	8,0	6,4	21,4	3,9	16,8
Gormur	08-081	Örvar	04-983	98,9	68,7	83,8	14,4	7,8	6,0	20,9	3,8	16,9
Draupnir	09-093	Krókur	05-803	104,6	124,5	114,6	15,1	8,4	6,3	24,0	3,2	17,0
Dropi	09-095	Lundi	03-945	109,3	109,8	109,6	15,2	8,4	6,1	23,3	3,4	16,8

Besti lambahópurinn er undan Draupni 09-093 og bera þau lömb af með vöðvafyllingu. Þessi hrútur er sonur Króks 05-803.

Austur-Skaftafellssýsla

Nýpugarðar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	03-266		00-149	111,5	124,3	117,9	14,4	8,7	5,5	30,2	2,5	17,1
	09-510		07-398	113,1	121,6	117,3	14,6	9,2	5,7	29,7	2,6	17,0
	09-509		07-398	119,7	90,4	105,0	14,3	8,6	5,3	28,6	2,6	16,9
	08-504		04-991	120,1	88,7	104,4	14,0	8,6	5,4	28,7	2,7	16,9
	07-397		05-969	107,0	93,5	100,2	14,9	8,9	5,6	28,6	2,4	16,8
	07-395		05-969	91,8	105,3	98,6	14,8	8,9	6,0	29,2	2,8	17,3
	09-508		05-803	74,9	111,0	93,0	14,4	8,8	6,4	29,7	3,1	16,9
Holti	05-334		03-988	67,7	77,6	72,6	15,3	9,5	6,7	28,0	2,7	17,0
	09-507		05-803	67,2	79,4	73,3	14,9	9,6	6,9	28,3	3,0	17,3

Hér skýtur skyndilega upp kollinum á toppinum hrútur 03-266 sem á þeim árum sem hann var ungur skipaði toppsæti í rannsóknum á búinu en hann er sterkættaður vegna þess að faðir hans Háfur 00-149 var firnasterkur kynbótahrútur sem mikið var til skoðunar fyrir stöðvarnar og Moli 93-986 er móðurfaðir 03-266. Lambahópur mjög áþekkur að gæðum er þarna undan 09-510 en sá hrútur er undan 07-398 sem verið hafði toppurinn hér síðustu árin og móðurfaðir hans Hjalli 04-300 var undan Lóða 00-871 og Háfur 00-149 kemur síðan hér sem móðurmóðurfaðir.

Kálfafell

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Mergur	05-635	Frosti	02-913	128,6	77,6	103,1	17,0	9,4	6,3	24,2	3,1	16,9
Kuti	08-102	Andi	03-572	99,2	92,1	95,7	17,0	8,5	7,1	25,0	3,1	16,8
Meitill	09-107	Mjöður	07-811	81,2	113,8	97,5	17,1	7,5	7,1	25,5	2,5	16,7
Mosi	09-110	Freyðir	07-810	117,9	66,5	92,2	16,7	8,2	6,1	23,6	2,6	16,5
Már	09-111	Raftur	05-966	106,1	100,5	103,3	16,6	7,2	6,0	24,9	2,4	16,9
Neró	09-113	Dollar	08-141	98,0	88,7	93,4	17,0	9,0	7,5	24,7	2,7	16,6
Minn	09-114	Skari	05-654	111,3	111,1	111,2	17,5	8,8	6,8	25,5	2,7	16,9

Minn 09-114 er hér með hæsta heildareinkunn en hann á góðan hóp þar sem yfirburðirnir eru sótt hnífjafnt til beggja meginþátta rannsóknarinnar. Þessi hrútur kemur frá Gerði og er faðir hans Skari 05-654 en móðurfaðir hans Eir 00-881.

Gerði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Andi	03-572	Sómi	01-476	83,0	73,7	78,4	17,5	9,0	6,2	25,5	2,6	17,0
Skari	05-654	Seðill	01-902	121,6	124,5	123,1	16,9	10,0	6,3	27,8	3,0	17,5
Túli	07-123	Raftur	05-966	102,6	98,7	100,7	17,0	9,2	5,8	26,2	2,5	17,3
Háski	08-122	Raftur	05-966	97,7	117,3	107,5	17,0	9,2	6,0	26,8	2,2	17,0
Hnútur	08-125	Kveikur	05-965	97,4	111,3	104,4	16,3	8,9	5,7	27,1	2,5	17,2
Arður	09-127	Raftur	05-966	104,8	110,3	107,6	16,1	9,1	5,7	26,9	2,7	17,1
Akur	09-129	Skari	05-654	107,5	102,6	105,1	14,8	8,9	5,5	26,8	2,9	16,8
Auður	09-133	Raftur	05-966	95,7	130,9	113,3	16,5	9,2	6,2	27,7	2,6	17,2

Afkvæmi Skara 05-654 bera greinilega af með vöðvafyllingu og gerð hér enda mjög kostamikil að því leyti. Þessi hrútur er sonur Seðils 01-902 en móðurfaðir hans Vífill 99-426 var sonur Mola 93-986. Skari gaf einnig mjög góðar niðurstöður í rannsókn haustið 2009.

Svínafell 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Skumur	07-462	Lundi	03-945	90,8	68,3	79,6	16,5	8,6	5,7	26,8	2,2	17,2
Steinn	07-463	Grímur	01-928	93,5	91,1	92,3	15,3	8,7	5,9	27,5	2,7	17,3
Kverkur	08-465	Kveikur	05-965	134,6	173,5	154,1	16,2	9,9	5,6	30,1	2,4	17,7
Randver	08-468	Dregill	03-947	69,5	67,1	68,3	15,7	7,9	5,8	26,7	2,5	17,3
Sprækur	09-475	Raftur	05-966	109,9	77,7	93,8	16,8	9,8	6,1	26,8	2,6	17,4

Hér koma fram yfirburðir eins og þeir örsjaldan verða og þá hvað mestir í þessum rannsóknum. Hér fellur það í hlut lambahópnum undan Kverki 08-465 en yfirburðir eru með ólíkindum og vöðvafylling þessara lamba feikilega góð. Þessi jöfur er sonur Kveiks 05-965 og Abel 00-890 er móðurfaðir og að lokum bætist Víðir 98-887 síðan við sem móðurmóðurfaðir.

Smyrlabjörg

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kuti	06-665	Busi	03-946	110,8	128,1	119,5	15,2	8,9	5,7	26,8	2,4	17,2
Flóki	07-729	Spakur	03-976	80,1	102,1	91,1	15,4	8,0	6,1	25,3	2,2	16,9
Lagður	08-002	Kveikur	05-965	108,1	111,0	109,6	14,4	8,4	5,4	25,7	2,0	16,8
Olli	08-004	Mún	06-668	71,2	77,8	74,5	15,3	8,4	6,6	24,6	2,4	16,8
Sníkir	08-005	Smyrill	04-800	101,8	136,3	119,1	14,8	9,6	6,4	26,9	2,4	17,0
Steini	08-008	Smyrill	04-800	111,1	71,7	91,4	15,1	9,2	5,9	24,5	2,4	16,6
	09-009	Papi	04-964	101,2	115,0	108,1	15,5	8,8	5,9	25,9	2,3	16,8
Arion	09-010	Raftur	05-966	76,9	128,2	102,6	16,2	9,1	6,9	26,6	2,3	16,8
Byr	09-012	Gotti	05-804	91,4	68,9	80,2	15,4	8,5	6,0	24,2	2,4	16,7
Baukur	09-013	Freyðir	07-810	116,9	99,5	108,2	14,7	9,8	6,0	25,7	2,7	16,6

Kuti 06-665 mætir hér einum sinn enn með topphóp og vísast til fyrri umfjöllunar um hann. Sníkir 08-005 á þarna lambahóp sem sækir yfirburði sína í mikla og góða vöðvafyllingu en þetta er sonur Smyrils 04-800 og dóttursonur Kúða 99-888. Lagður 08-002 er með lambahóp sem er jafn að kostum, frekast að þungasamanburður sé honum talsvert í óhag. Þetta er einn óramargra sona Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans Kuldi 03-924 og móðurmóðurfaðir Spónn 98-849. Baukur 09-013 á lambahóp sem sýnir yfirburði úr kjötmatinu bæði um gerð og litla fitu en hér fer sonur Freyðis 07-810 en móðurfaðir hans var Mún 06-668 undan Mími 04-951 og móðurmóðurfaðir Bauks var Seðill 01-902 sem á sínum tíma koma á stöð frá þessu búi.

Fornustekkar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ýmir	05-145	Fjári	03-213	81,3	104,8	93,1	15,9	8,6	6,5	26,7	2,8	17,2
Toppur	06-156	Opal	03-113	113,6	154,6	134,1	15,4	8,7	5,7	27,9	2,6	17,3
Glæsir	06-186	Bjartur	02-353	103,0	101,7	102,4	15,1	8,8	6,0	26,3	2,5	17,1
Gráni	07-117	Gráni	03-957	103,6	84,7	94,2	15,3	8,5	5,8	25,7	2,4	17,0
Maðkur	07-177	Ormur	02-933	90,4	75,8	83,1	14,8	7,9	5,7	26,0	3,2	16,8
Kraftur	07-197	Raftur	05-966	95,5	104,2	99,9	15,3	8,8	6,2	26,5	2,6	17,1
Broti	07-217	Greipur	04-304	91,7	83,6	87,7	14,8	8,7	6,2	25,9	2,7	17,1
Ruggur	07-227	Greipur	04-304	81,5	51,3	66,4	14,8	8,6	6,4	24,6	3,0	16,9
Pó	08-178	Hnikill	07-187	90,4	119,4	104,9	14,4	8,4	6,0	27,4	2,9	17,2
Svipur	08-218	Þurs 39	06-385	81,1	80,7	80,9	15,6	8,9	6,7	25,5	2,6	17,3
Gulur	09-129	Toppur	06-156	103,2	101,8	102,5	14,7	8,9	6,0	26,4	2,5	17,1
Grímur	09-139	Krókur	05-803	99,7	71,5	85,6	14,9	8,7	6,0	25,1	2,3	16,9
Vinur	09-149	Toppur	06-156	74,2	54,2	64,2	14,7	8,1	6,4	24,8	3,1	17,0
Hlynur	09-159	Toppur	06-156	82,2	94,1	88,2	14,7	8,6	6,6	26,2	2,6	17,0
Maki	09-179	Prjónn	07-812	122,7	128,2	125,5	14,8	9,0	5,5	27,0	2,1	17,0
Mári	09-199	Kraftur	07-197	106,7	50,6	78,7	14,8	9,2	6,1	24,3	2,8	17,0
Bæringur	09-209	Freyðir	07-810	109,3	126,7	118,0	14,5	8,6	5,6	27,4	2,4	17,1
Kári	09-219	Freyðir	07-810	145,4	161,0	153,2	15,7	10,7	5,8	29,3	2,2	17,3
Seðill	09-239	Skári	05-654	106,3	79,4	92,9	14,5	8,8	5,8	25,1	2,2	17,0

Eins og oft áður er hér ein með stærstu rannsóknunum á landinu. Feikilega mikill munur kemur hér fram á afkvæmahópunum. Yfirburðir hjá Kára 09-219 er einir þeir allra mestu sem sjást í þessum rannsóknum en lömbin eru frábær að gerð og fitulítil með gríðarlega þykka vöðva. Þessi hrútur er sonur Freyðis 07-810 en móðurfaðir hans Skáli 02-203 og Kristall 02-102 er móðurfóðurfaðir en hann var mikill tímamótagriður í ræktunarstarfinu hér á búinu. Toppur 06-156 hefur lengi staðið undi nafni og gerir enn, að þessu sinni er meginhluti yfirburðanna sóttur í ómsjarmælingahlut rannsókna. Opal 03-113 einn af sonum Kristals 02-102 er faðir Topps en Vinur 99-867 er móðurfaðir hans. Mári 09-179 á hóp lamba sem sýna mikil kjötgæði mikla vöðva og litla fitu en þessi hrútur er sonur Prjóns 07-812 en Kristall 02-102 er móðurfaðir hans. Að lokum skal bent á góðan lambahóp hjá Bæringi 09-209 en hann er albróðir Kára.

Akurnes

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þokki	06-451	Kaldi	04-453	78,1	108,1	93,1	13,7	7,4	6,0	27,6	2,8	16,8
Akur	07-450	Andvari	04-452	103,9	122,9	113,4	13,9	7,7	5,5	28,3	2,6	16,9
Eitill	08-450	Geitir	06-450	87,1	68,5	77,8	13,4	7,1	5,5	25,8	2,5	16,8
Ljómi	08-452	Þjasi	05-205	96,9	104,5	100,7	13,7	7,6	5,6	26,9	2,1	17,0
Kuggur	09-450	Þorri	07-561	119,4	162,0	140,7	15,3	8,6	5,6	29,9	2,5	17,2
Teitur	09-451	Krókur	05-803	114,0	111,7	112,9	13,8	8,2	5,5	27,5	2,4	17,0
Þrymur	09-454	Gráni	03-957	95,8	69,1	82,5	13,5	7,4	5,5	25,1	2,2	16,6
Spakur	09-456	Toppur	06-156	93,8	76,6	85,2	14,7	8,4	6,3	26,2	2,9	17,2

Yfirburðirnir fyrir Kugg 09-450 eru ótrúlegir og verða lömbin undan honum að teljast hér alveg í sérflokk. Faðir hans Þorri 07-561 var sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans var Busi 03-946.

Litla-Hof

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hólkur	06-559	Mímir	04-951	116,6	148,0	132,3	16,3	9,5	6,0	30,1	2,5	17,7
Skellur	07-334	Hvellur	05-969	114,2	144,3	129,3	15,7	9,4	5,9	30,6	3,0	17,9
Trausti	08-336	Fróði	04-963	104,0	84,2	94,1	16,0	8,7	5,8	27,8	3,1	17,3
Höfðdal	08-338	Bramli	04-952	110,9	119,6	115,3	15,7	8,9	5,7	28,5	2,3	17,4
Depill	08-339	Sokkur	07-172	68,4	49,9	59,2	15,8	8,0	6,4	25,4	2,9	17,0
Týr	08-403	Kveikur	05-965	111,7	160,1	135,9	16,6	8,7	5,6	30,0	2,4	17,7
Úlfur	09-343	Kjói	08-380	93,3	64,1	78,7	16,6	8,0	5,8	26,8	2,5	17,0

Gríðarlega mikill munur er hér á ferðinni á milli lambahópanna undan mismunandi hrútum. Týr 08-403 sýnir einstaka yfirburði í bakvöðvamælingum en lömbin eru einnig fitulítill og með mjög góð lærahold. Þessi hrútur er frá Svínafelli 1 og sjálfur mældur með þykkastan bakvöðva hjá veturgömlum hrút hér á landi. Hann er undan Kveik 05-965 en móðurfaðir hans Platti 05-320 var sonur Eirs 00-881. Hólkur 06-559 er frá Hofi og sýndi þar mikla yfirburði í rannsókn haustið 2009 og hann kemur ekki síður með glæsilegan hóp hér með feikilega þykkun bakvöðva og góð lærahold hjá lömbunum en þessi hrútur er sonur Mímis 04-951 og dóttursonur Víðis 98-887. Skellur 07-334 sýndi glæsiniðurstöður haustið 2009 í rannsókn þá og gerir það aftur núna en verulegur hluti yfirburðanna kemur frá ómsjarmælingunum. Þessi hrútur er sonur Hvels 05-969 en móðurfaðir hans er Frosti 02-913.

Svínafell 3

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Stígur	07-510	Böðull	02-540	100,8	81,1	91,0	17,9	8,2	6,1	29,2	3,2	17,2
Feldur	07-511	Bobbi	04-962	110,9	113,2	112,1	17,2	8,8	6,1	29,9	2,8	17,4
Ögri	08-515	Feldur	07-511	109,6	115,7	112,7	17,2	8,8	6,1	30,0	2,7	17,5
Vígri	08-516	Vorm	03-988	94,3	118,2	106,3	16,9	9,1	6,7	30,5	3,4	17,4
Krókur	09-518	Krókur	05-803	82,7	92,7	87,7	17,5	8,9	7,1	29,3	3,0	17,4
Vörður	09-519	Undri	05-818	120,8	84,0	102,4	17,8	8,3	5,5	29,0	3,0	17,2
Skjanni	09-520	Ás	04-813	110,4	113,2	111,8	17,8	8,4	5,9	30,1	3,1	17,5
Gári	09-521	Raftur	05-966	101,5	110,6	106,1	17,3	8,4	6,1	29,8	2,7	17,4

Feldur 07-511 var á toppinum í rannsókn haustið 2009 og heldur nánast þeirri stöðu en hann gefur verulega góða vöðvafyllingu hjá afkvæmum sínum eins og hann á kyn til vegna þess að hann er sonur Bobba 04-962 og Prúður 94-834 var móðurföðurfaðir. Sonur Felds, Ögri 08-515, er með ákaflega keimlíkan lambahóp og kostamikinn en móðurfaðir hans var Baugur 01-536. Þá er mjög athyglisverður hópur sem fylgir Skjanna 09-520 lömbin mjög fitulítill en vöðvþykki en þetta er kollóttur hrútur undan Ás 04-813 og móðurfaðir hans er Kútur 03-937.

Lækjarhús

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Krókur	06-683	Litur	05-611	79,1	70,4	74,8	14,1	7,8	6,1	24,3	2,6	16,3
Lurkur	07-731	Raftur	05-966	103,1	136,1	119,6	14,4	8,4	5,6	26,9	2,2	17,3
Spakur	07-733	Dregill	03-947	88,9	107,4	98,2	14,6	9,1	6,5	25,8	2,4	17,0
Ylur	08-046	Ljúfur	05-968	105,4	102,0	103,7	14,7	8,9	5,9	25,4	2,1	16,9
Bylur	08-048	Toppur	06-680	98,0	92,1	95,1	14,1	8,7	5,9	25,6	2,7	16,4

Hér er toppsætið hjá Lurki 07-731 en kostir lambanna eru umfram annað fólgnir í þykkum vöðva og lítilli fitu en þetta er einn margra sona Rafts 05-966 og móðurfaðir hans Eldur 00-420 var sonur Massa 95-841 og Lækur 97-843 er móðurmóðurfaðir Lurks.

Vík 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kubbur	08-756	Bjálki	06-995	105,5	95,6	100,6	15,5	7,9	6,0	26,3	2,7	16,6
Nói	08-759	Kveikur	05-965	79,6	48,5	64,1	15,4	7,2	6,4	24,4	2,8	16,5
Farsæll	09-752	Raftur	05-966	88,2	85,2	86,7	15,0	7,6	6,2	25,7	2,7	16,9
Ljómi	09-754	Kubbur	08-756	115,0	125,2	120,1	15,0	7,9	5,6	27,4	2,4	16,9
Fengsæll	09-757	Raftur	05-966	116,3	129,8	123,1	15,6	8,6	6,1	27,9	2,8	17,1

Lömbin undan Fengsæl 09-757 sýna greinilega yfirburði í gerð úr kjötmatinu og eru bakþykk en þetta er fjölmargra sona Rafts 05-966 en dóttursonur Stólpa 04-770. Hjá Ljóma 09-754 koma yfirburðir frá þykku baki og lítilli fitu en hann er undan Kubb 08-756 en dóttursonur Glæsis 04-771.

Hvammur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kóngur	08-498	Kveikur	05-965	103,2	104,1	103,7	15,9	9,1	6,5	26,0	2,3	16,8
Dalur	09-401	Dropi	06-998	108,4	121,6	115,0	15,0	9,1	6,1	27,1	2,6	17,0
Fróði	09-402	Mjóður	07-811	84,7	75,4	80,1	15,3	8,1	6,4	25,2	3,2	16,7
Freyr	09-403	Gotti	05-804	105,1	119,1	112,1	15,3	8,2	5,7	26,7	2,6	17,0
Glanni	09-405	Jón Páll	04-990	103,2	112,5	107,9	15,3	8,4	5,9	26,5	2,5	16,7

Dalur 09-401 er hér með sterkasta lambahópinn en talsvert meira af yfirburðum hans koma frá ómsjarmælingunum. Dalur er sonur Dropa 06-998.

Hnappavellir 7

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Stáli	06-164	Toppur	00-926	110,7	92,4	101,6	16,1	8,9	5,6	28,8	2,5	17,5
Sjóður	06-165	Toppur	00-926	97,6	57,8	77,7	16,4	8,5	5,8	27,1	2,6	17,4
Loki	06-168	Lómur	02-923	121,2	128,1	124,7	16,1	9,2	5,4	30,7	2,2	17,4
Torfi	07-171	Dregill	03-947	86,6	124,3	105,5	16,4	8,6	6,2	30,2	2,3	17,6
Kjarni	08-173	Kveikur	05-965	102,4	133,4	117,9	16,1	8,8	5,8	30,2	2,1	17,3
Sprettur	08-174	Hylur	01-883	107,8	95,0	101,4	16,6	8,8	5,7	28,6	2,2	17,4
Runni	08-176	Þróttur	04-991	93,2	78,6	85,9	15,7	8,6	5,9	28,2	3,1	17,6
Laufi	08-177	Vorm	03-988	103,3	114,6	109,0	15,5	8,7	5,6	29,7	2,3	17,5
Blámi	09-178	Gráni	03-957	78,3	52,7	65,5	15,9	8,2	6,1	27,6	3,0	17,2
Hringur	09-179	Raftur	05-966	101,9	133,1	117,5	15,7	8,3	5,4	30,1	1,7	17,6
Kraftur	09-180	Raftur	05-966	100,6	102,5	101,6	16,2	8,4	5,6	29,0	2,3	17,7
Stefnir	09-181	Krókur	05-803	100,6	105,5	103,1	16,6	9,5	6,4	29,6	3,1	17,8

Loki 06-168 á hér gríðarlega kostamikinn lambahóp og sækir mikla yfirburði nokkuð jafnt á báða meginþætti rannsóknarinnar en lömbin eru mjög vöðvþykk og bera af um gerð og eru mjög fitulítill.

Loki er sonur Lóms 02-923 og dóttursonur Vísis 01-892 og Lækur 07-843 er móðurmóðurfaðir hans. Hjá Kjarna 08-173 koma yfirburðir öðru fremur frá þykkum bakvöðva og fita er lítil en þetta er sonur Kveiks 05-965 en dóttursonur Leifs 00-182 sem var sonur Lækjar 97-843. Hringur 09-179 kemur með mest af sínum yfirburðum frá lítilli fitu en vöðvar eru um leið þykkir en þetta er sonur Rafts 05-966.

Hof Örafum

Hrútlömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Grettir	07-332	Raftur	05-966	105	89,1	97,1	16	8	5,6	27,8	1,7	17,3
Geysir	07-447	Raftur	05-966	120,9	137,8	129,4	15,6	9,6	5,8	30,2	2	17,8
Þorri	07-561	Raftur	05-966	121,2	106,2	113,7	15,4	9,3	5,6	28,9	1,5	17,1
Breki	07-563	Raftur	05-966	112,9	97,3	105,1	15,9	9,1	6	28,6	1,9	17,3
Glaður	08-565	Bjálki	06-995	95,8	94,8	95,3	16,3	9,2	6,8	28,3	2,1	17,4
Hnappur	08-568	Stáli	06-164	91,1	82	86,6	15,8	8,6	6,5	27,9	2,1	17,1
Bútur	08-569	Sjóður	06-165	68,1	98,4	83,3	16,3	8,6	7,3	29,2	2,5	17,4

Gimbralömb

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Grettir	07-332	Raftur	05-966	105	72,5	88,8	16	8	5,6	28,3	2,4	17,2
Geysir	07-447	Raftur	05-966	120,9	150	135,9	15,6	9,6	5,8	30,4	2,3	17,7
Þorri	07-561	Raftur	05-966	121,2	118,6	119,9	15,4	9,3	5,6	29,2	1,6	17,4
Breki	07-563	Raftur	05-966	112,9	99,1	106	15,9	9,1	6	28,7	1,9	17,5
Glaður	08-565	Bjálki	06-995	95,8	101,5	98,7	16,3	9,2	6,8	29	2,3	17,4
Hnappur	08-568	Stáli	06-164	91,1	64,3	77,7	15,8	8,6	6,5	27,4	2,1	17,3
Bútur	08-569	Sjóður	06-165	68,1	81,5	74,8	16,3	8,6	7,3	28,6	2,4	17,4

Í Örafunum kom fram haustið 2008 stór hópur af feikilega sterkum hrútum, veturgömlum, undan Rafti 05-966 og þegar svo virtist sem þeir væru að skila þessum yfirburðum til afkvæma sinna var ákveðið að fá þá borna saman í sameiginlegri rannsókn ásamt fleiri sterkum hrútum á Hofi.

Lambahóparnir í rannsókninni hér voru mjög föngulegir og vel gerðir en umtalsverður munur kom samt fram á milli hópanna eins og taflan sýnir. Um gæðabætti rannsóknarinnar voru yfirburðir lamba undan Geysi 07-447 gríðarlega miklir. Lömbin undan honum eru feikilega vöðvaþykk og vel gerð og áberandi kynfesta í gerð. Nánast öll hrútlömbin í skoðuninni voru að gerð mjög álitleg hrútsefni. Lömbin undan Geysi eru að vísu ekki jafn bollöng og undan hinum Raftssonunum í rannsókninni, en samt áberandi kviðléttari. Rétt er hins vegar að taka fram að undangengin tvö ár hefur Geysir sýnt heima á Svínafelli I mikla yfirburði í vænleika sláturlamba. Þegar niðurstöður um sláturlömb eru skoðaðar þarf að hafa í huga að frá Hofi fór fram feikilega mikil fjársala og því mikill fjöldi lamba, ekki síst afkvæmi Geysis, sem voru sett á. Þrátt fyrir það eru yfirburðir hjá sláturlömbunum samt verulegir, þó að ekki séu þeir jafn gríðarmiklir og hjá lifandi lömbunum. Afkvæmahóparnir bæði hjá Þorra 07-561 og Breka 07-563 eru einnig feikilega góðir, sem sýna að báðir eru þeir miklir kynbótagripir líkt og fyrri reynsla þeirra gaf vísbendingar um.

Á grundvelli rannsóknarinnar var Geysir falaður til notkunar á stöð. Hann er fæddur á Hofi en var fenginn lambið að Svínafelli I þar sem hann hafði verið notaður til þessa tíma.

Vestur-Skaftafellssýsla

Kirkjubæjarklaustur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Móri	05-413	Kleifi	03-401	85,2	62,2	73,7	15,5	7,9	5,6	26,5	2,4	16,8
Silli KBK	06-510	Mímir	04-951	102,7	87,2	95,0	15,2	9,2	5,9	27,7	2,6	17,4
Randver	07-520	Raftur	05-966	102,6	106,5	104,6	15,6	8,0	5,1	28,3	2,2	17,2
Víðir	08-503	Vorm	03-988	111,4	114,5	113,0	15,9	9,4	5,8	28,9	2,6	17,2
Þráður	08-504	Kveikur	05-965	102,1	111,3	106,7	14,9	8,0	5,1	28,5	2,3	17,1
Neisti	08-507	Kveikur	05-965	85,9	118,1	102,0	15,2	8,2	5,7	28,9	2,5	17,3
Dynur	09-508	Þinur	08-502	101,1	120,9	111,0	15,9	8,5	5,5	29,2	2,2	16,9
Gnýr	09-509	At	06-806	88,3	65,0	76,7	15,3	8,3	5,8	26,9	3,0	17,0

Víðir 08-503 mætir hér til leiks með jafnabesta lambahópinn. Lömbin bera af um gerð enda ákaflega vel vöðvafyllt. Faðir hans er Vorm 03-988 en Brútus 98-574 var móðurfaðir hans en það var sonur Búts 93-982. Dynur 09-508 sýnir einnig góða yfirburði en þeir koma nánast allir frá ómmælingaþætti rannsóknarinnar. Dynur er skyldleikaræktaður afkomandi Hyls 01-883 þar sem hann er bæði föður- og móðurfaðir en Stubbur 95-815 er síðan móðurmóðurfaðir hans.

Mörk

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Valdi	05-502	Frosti	02-913	120,2	92,3	106,3	15,6	9,3	5,9	28,3	3,0	17,3
Tangó	06-614	Mangó	03-948	120,8	89,3	105,1	16,5	9,6	6,2	27,8	2,8	17,3
Köggull	06-616	Moli	00-882	73,3	98,8	86,1	15,5	8,9	6,9	27,7	2,7	17,2
Haukur	07-605	Gaukur	04-619	88,7	107,1	97,9	16,4	10,2	7,5	27,7	3,0	17,3
Vírus	08-623	Vorm	03-988	116,6	95,2	105,9	16,7	9,5	6,3	27,4	2,6	17,1

Talsvert ósamræmi er á milli aðalþáttanna tveggja í þessari rannsókn sem er ekki mikil að umfangi og tæplega hægt að segja að neinn hópur beri áberandi af öðrum. Tangó 06-614 sem stóð langsefstur á síðasta ári mætir aftur með góðan hóp.

Efri-Ey 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Trölli	05-111	Týr	02-929	105,7	85,4	95,6	13,8	8,4	5,8	26,9	2,3	16,8
Eldur	06-117	Eldar	01-922	87,5	95,2	91,4	15,0	8,6	7,0	27,5	2,5	17,2
Barði	06-118	Busi	03-946	85,5	88,4	87,0	14,7	8,0	6,4	27,6	2,9	16,8
Börkur	07-125	Blettur	05-967	96,7	101,9	99,3	15,1	8,8	6,7	28,0	2,6	16,9
Þór	08-128	Þróttur	04-991	93,0	100,4	96,7	14,4	8,3	6,3	27,5	2,1	17,1
Ef	08-129	Efri	05-114	99,3	110,6	105,0	14,4	8,3	6,1	27,9	1,8	16,9
Áspór	09-133	Ás	04-813	91,9	90,7	91,3	12,9	8,1	5,8	27,4	2,5	17,0
Rósi	09-134	Raftur	05-966	98,4	73,5	86,0	14,9	8,2	6,2	26,7	2,7	17,0
Karl	09-135	Krókur	05-803	100,2	90,9	95,6	15,1	8,2	6,2	27,0	2,0	17,0
Klettur	09-136	Krókur	05-803	108,4	157,9	133,2	15,1	8,7	6,3	29,5	2,1	17,3
Bósi	09-137	Bifur	06-994	101,9	90,3	96,1	14,1	7,8	5,6	27,2	2,2	16,8

Máni	09-138	Mjóður	07-811	132,0	127,2	129,6	15,0	9,2	5,6	29,1	1,9	17,1
Berg	09-139	Börkur	07-125	78,9	67,6	73,3	15,0	8,2	6,9	25,7	2,1	16,9

Hér er allumfangsmikil rannsókn og tveir veturgömlu hrútanna eiga lamahópa sem bera mikið af öðrum. Hjá Kletti 09-136 kemur meginhluti yfirburðanna úr ómsjarmælingahlutanunum enda lömbin bakþykk með góð lærahold en þetta er sonur Króks 05-803 en móðurfaðir hans Hrókur 04-104 var sonur Hyls 01-883. Lömbin undan Mána 09-138 koma aftur á móti með stærri hluta yfirburðanna úr kjötmatinu sem ber mikið af fyrir þessi lömb bæði um gerð og litla fitu. Þessi hrútur er undan Miði 07-811 en dóttursonur Topps 00-926 og annar Toppur 02-301 er móðurmóðurfaðir en það var sonur Teigs 96-862.

Hörgsland 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Brynjar	08-320	Hylur	01-883	114,7	123,5	119,1	15,2	8,6	5,2	28,6	2,7	17,5
Lax	08-318	Hylur	01-883	111,2	136,2	123,7	15,8	9,7	6,1	29,6	2,9	17,7
Glæsir	09-333	Börkur	07-001	94,5	100,7	97,6	15,4	9,7	6,8	27,8	3,0	17,6
Barði	07-310	Tindur	05-347	94,4	81,0	87,7	16,6	8,4	5,6	27,0	2,8	17,1
Frami	09-334	Fursti	05-676	59,1	78,5	68,8	17,1	8,0	6,9	26,4	2,7	17,1

Hér koma á sviðið tveir athyglisverðir hrútar úr yngsta árgangi sona Hyls 01-883. Lax 08-318 er að skila mjög vel vöðvafylltum lömbum sem haf mjög gott gerðamat en hann er dóttursonur Laxa 01-308 sem var undan Hæng 98-848. Hjá Brynjari 09-320 koma lömbin aftur á móti með sína yfirburði í gegnum þykk bakvöðva og gríðarlega mikið fituleysi en hann er dóttursonur Hæls 04-342 sem var undan Hækli 02-906.

Hörgsdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
SV.Höfði	05-376	Langidal	01-931	99,7	93,3	96,5	14,4	8,0	5,3	24,4	2,5	16,4
Bylur	06-380	Kútur	03-937	99,8	78,5	89,2	14,5	7,7	5,1	24,0	2,8	16,6
Hreinn	06-381	Kútur	03-937	99,1	103,3	101,2	14,1	7,4	4,9	25,2	3,2	17,0
Biggi	06-385	Kútur	03-937	96,5	114,2	105,4	14,8	8,0	5,4	25,3	2,8	17,1
Boði	06-387	Kútur	03-937	100,8	97,9	99,4	15,1	8,0	5,3	24,8	2,9	16,8
Dabbi	08-355	Frakksso	03-974	89,6	90,0	89,8	14,5	8,0	5,6	24,3	2,8	17,0
Leiknir	08-356	Ás	07-397	95,8	94,1	95,0	14,6	8,1	5,5	24,3	2,6	16,7
Birkir	08-358	Biggi	06-385	82,5	85,7	84,1	15,1	8,1	5,9	24,1	2,8	16,8
Freyr	08-360	Hreinn	06-381	97,6	101,8	99,7	14,5	7,6	5,1	24,6	2,3	16,6
Hamar	09-362	Fengur	08-052	97,7	101,3	99,5	14,4	7,9	5,3	24,7	2,4	16,6
Smári	09-363	Kappi	06-608	96,9	117,9	107,4	14,5	8,3	5,6	25,5	2,7	16,7
Melur	09-365	Fengur	06-407	118,5	111,3	114,9	15,6	8,6	5,1	25,3	2,6	16,9

Hér eru afkvæmahópar undan tveim langt aðkomnum veturgömlum hrútum sem bera af. Afkvæmahópurinn undan Mel 09-365 er skýrt í toppsæti, lömbin bera af um gerð og eru um leið ákaflega fitulítill. Þessi hrútur kemur frá Melum í Árneshreppi og er undan Feng 06-407 en móðurfaðir hans Erpur 01-919 og móðurmóðurfaðir Prjónn 02-203. Hjá Smára 09-363 eru yfirburðirnir allir komnir úr ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar en þetta er hrútur frá Smáhömrum undan Kappa 06-608 frá Árbæ en móðurfaðir er Sómi 02-972 og Áll 02-774 er móðurmóðurfaðir hans.

Brekkur 3

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Núpur	08-305	Skellur	07-732	117,0	80,3	98,7	14,9	9,7	5,9	26,3	2,9	17,3
Snjór	09-310	Fannar	07-808	125,4	170,5	148,0	15,6	9,3	5,6	30,7	2,4	17,8
Krapi	09-312	At	06-806	88,9	128,7	108,8	15,0	8,0	5,9	28,4	2,5	17,3
Prins	09-313	Lundi	03-945	80,8	36,4	58,6	15,6	8,9	6,9	24,4	2,8	17,3
Þræll	09-314	Púki	06-807	98,8	93,7	96,3	15,0	8,5	5,9	27,2	2,8	17,1
Árrisull	09-315	Bátur	06-293	85,5	90,8	88,2	14,4	7,8	5,7	27,1	2,7	17,1

Hér er líklega ein allra mesta eins hrúts rannsóknin haustið 2010 og er það lambahópurinn undan Snjó 09-310 sem þannig sópar til sín yfirburðunum. Í kjötmatinu er sterkari þátturinn hér lítil fita en yfirburðirnir eru gífurlegir í ómsjarmælingunum og er það bæði feikilega þykkur bakvöðvi og gríðarlega mikil lærahold sem þar telja. Þessi snillingur er sonur Fannars 07-808 en móðurfaðir hans Vöðvi 03-373 var áreiðanlega mesti kynbótahrútur sem fram kom eftir notkun Víðis 98-887 á stöð.

Ytri-Sólheimar 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Smári	09-269	Dropi	06-998	85,3	107,0	96,2	15,4	8,3	5,8	26,7	2,7	17,1
Fífill	09-270	Freyðir	07-810	98,9	105,1	102,0	14,0	8,4	5,5	26,3	2,2	17,2
Prasi	09-272	Lundi	03-945	125,9	79,8	102,9	14,7	9,0	5,3	25,1	2,1	17,3
	09-273	Krókur	05-803	81,9	106,4	94,2	14,4	8,4	6,1	26,6	2,7	17,3
Biskup	09-307	Krókur	05-803	83,9	95,4	89,7	15,2	8,6	6,4	26,4	2,8	16,9

Fremur mikið ósamræmi er í meginþáttunum tveim í þessari frekar litlu rannsókn. Prasi 09-272 er samt með ótvíræða yfirburði úr kjötmatinu en þetta er sonur Lunda 03-945 sem er fenginn frá Ytri-Skógum og er Lóði 00-871 móðurfaðir hans og Skarfur 99-148 móðurmóðurfaðir.

Ytri-Lyngar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hylur	03-322	Áll	00-868	85,8	74,7	80,3	15,4	8,0	6,3	24,6	2,7	16,3
Sýkill	05-002	Seðill	01-902	112,0	142,9	127,5	14,8	8,8	6,0	28,2	2,9	17,0
Peningaseðill	05-354	Seðill	01-902	86,7	72,7	79,7	15,0	8,0	6,2	24,4	3,2	16,7
Ási	08-357	Máni	03-975	114,4	96,5	105,5	15,8	8,5	5,9	25,2	2,7	16,7
Fannar	09-359	Stórolfu	06-102	95,0	92,3	93,7	15,4	8,1	6,1	24,9	2,6	16,8
Skjöldur	09-360	Smár	08-122	99,9	134,9	117,4	16,2	8,3	6,2	26,6	2,4	16,7
Bobbi	09-361	Raftur	05-966	109,2	91,2	100,2	15,8	8,5	6,0	25,3	3,0	16,8

Sýkill 05-002 skipaði efsta sætið haustið 2009 og gerir það enn skýrar núna en lömbin sýna glögga yfirburði fyrir þá eiginleika sem rannsóknin nær til nema að þungasamanburðir er honum heldur í óhag. Þessi hrútur kemur frá Syðri-Fljótum og er sonur Seðils 01-902 en móðurfaðir hans var Óli fagri 00-242 frá Fagurhlíð.

Bakkakot

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sjóður	06-068	Fengur	02-973	102,4	88,7	95,6	14,2	6,8	5,4	22,6	2,8	16,8
Garpur	09-081	Kobbi	08-290	100,1	65,1	82,6	12,2	5,4	4,1	21,2	2,5	16,5
Bassi	09-082	Spakur	08-289	102,3	128,3	115,3	12,4	5,8	4,3	24,3	2,4	16,9
Móri	09-083	Bangsi II	08-132	83,8	108,1	96,0	13,7	5,4	5,1	23,3	2,3	16,3
Skjöldur	09-084	Roði	05-507	97,6	116,6	107,1	12,8	6,1	4,8	23,6	2,3	16,9

Rannsóknin er takmörkuð að umfangi en Bassi 09-003 stendur efstur og eru það öðru fremur ómsjarmælingarnar sem gera það en lömbin eru frekar létt. Þessi hrútur er fenginn norðan frá Bassastöðum og faðir hans Spakur 08-289 sonur Spaks 03-976 en Blævur 00-283 sem er margfrægur kynbótahrútur þar norðurfrá er móðurfaðir Bassa.

Rangárvallasýsla

Herríðarhóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	08-602	Styggur	07-348	90,3	89,1	89,7	18,3	8,3	7,8	26,5	4,2	17,0
	08-605	Villi	05-728	100,5	98,4	99,5	17,1	8,0	7,0	25,9	2,5	16,7
Doppi	08-606	Garpur	04-815	100,7	84,1	92,4	18,6	8,3	7,5	25,8	3,4	17,1
	08-607	Kappi	06-608	111,9	95,4	103,7	18,5	8,8	7,4	26,5	3,7	17,3
	08-608	Broddi	07-824	116,2	180,2	148,2	18,1	9,1	7,5	29,3	2,8	17,7
	08-609	Segull	02-352	82,7	72,8	77,8	18,4	8,8	8,3	26,0	3,8	17,2
	09-606		08-605	100,6	78,0	89,3	16,8	8,1	7,0	25,7	3,6	17,0

Hér er ein af eins hrúts rannsóknum haustsins og er það hrútur 08-608 sem hér hreinsar til sín yfirburðina sem er ótrúlegir fyrir bakvöðvapykkt og læraholdum sem síðan kemur einnig fram í mati sláturlambanna fyrir gerð en þetta eru mjög þroskamikil lömb. Niðurstöður koma ekki að óvart í ljósi ætternis en þessi hrútur er frá Broddanesi 1 og er sonur Brodda 07-824 og Svanur 05-556 er móðurfaðir og Segull 02-352 bætist við listann sem móðurmóðurfaðir hans.

Efsta-Grund

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Snigill	05-249	Ormur	02-933	95,1	87,6	91,4	16,2	8,8	6,3	28,3	3,0	17,6
Massi	06-241	Lómur	02-923	122,6	90,3	106,5	15,1	9,6	5,9	28,7	3,2	17,8
Lampi	08-241	Frakkso	03-974	77,2	102,0	89,6	16,1	8,5	6,6	29,1	3,0	17,3
Maðkur	08-243	Snigill	05-249	83,3	87,9	85,6	15,9	9,4	7,1	28,2	2,9	17,9

Umfang rannsóknarinnar er lítið en Massi 06-241 er með mjög skýra yfirburði úr kjötmatinu en hann er að gefa mjög vel gerð og vöðvafyllt lömb með sáralitla fitu. Hrútur þessi sem er frá Ytri-Skógum er sonur Lóms 02-923 en Spónn 98-849 er móðurfaðir hans og Bútur 93-982 er móðurmóðurfaðir.

Ytri-Skógar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Snjólfur	09-378	At	06-806	93,6	109,8	101,7	16,9	10,3	6,3	29,0	2,3	17,2
Kostur	09-379	Steri	08-349	105,8	151,0	128,4	17,2	10,6	6,1	30,2	2,0	17,5
Krapi	09-380	At	06-806	101,4	77,8	89,6	16,6	9,9	5,7	27,8	2,1	17,2
Stapi	09-381	Gráni	03-957	91,0	68,0	79,5	17,0	10,6	6,6	27,9	2,4	17,2
Runni	09-382	Lundi	03-945	102,2	93,2	97,7	17,4	10,1	5,9	28,6	2,1	17,2
Jarl	09-384	Krókur	05-803	91,2	63,7	77,5	16,7	11,2	7,0	27,2	2,0	17,5
Gosi	09-385	Lundi	03-945	115,0	170,6	142,8	18,0	11,4	6,3	31,2	1,8	17,7
Rammi	03-386	Raftur	05-966	100,2	69,8	85,0	15,7	10,0	5,7	27,0	1,7	17,4

Eins og áður er afkvæmarannsóknin hér eingöngu byggð á skoðun og sláturupplýsingum fyrir tvílembingshrúta. Lömbin í rannsókninni í ár voru með fádæmum glæsileg og hafa aldrei áður verið í

Þessum rannsóknum þarna jafn góð, en slíkar rannsóknir hafa verið unnar þarna um mjög langt árábil. Mjög mikill munur kom samt fram á milli afkvæmahópanna.

Gosi 09-385 átti frábæran lambahóp eins og tölurnar í töflunni sýna. Þetta eru feikilega þroskamikil lömb með frábæra vöðvafyllingu en mjög litla fitu. Kostur 09-379 virðist einnig á grunni niðurstaðna fyrir afkvæmi sín fyllilega standa undir nafni. Lömbin undan honum hafa mjög þykkan bakvöðva og mjög góð lærahold og eru þroskamikil.

Á grundvelli niðurstöðu rannsóknarinnar var ákveðið að fala áður nefnda tvo hrúta til notkunar á sæðingastöð. Kostur er sonur Stera 08-349, sem er sonur Kveiks 05-965. Sá hrútur veitti hálfbróður sínum Kjarki 08-840 mikla keppni í rannsókninni á síðasta ári eins og lesa má um í yfirliti þar um.

Árnessýsla

Björk Grímsnesi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Loki	05-457	Týr	02-929	128,9	124,0	126,5	17,8	10,8	7,5	29,9	2,0	17,9
Bjálki	07-426	Raftur	05-966	112,8	124,9	118,9	17,6	10,1	7,6	30,1	2,5	17,5
Krókur	07-428	Papi	04-964	78,1	70,7	74,4	17,8	9,4	8,2	28,2	2,9	17,6
Prúður	07-429	Svenni	05-753	98,8	105,1	102,0	17,6	9,5	7,6	29,7	3,0	17,6
Mundi	09-441	Lundi	03-945	87,2	72,1	79,7	18,6	9,7	8,3	27,5	2,5	17,4

Rannsóknin er ekki mikil að umfangi en niðurstöðurnar skýrar. Loki 05-547 er þarna með glæsilegan lambahóp með afbragðsgóða vöðvafyllingu og gerð en þetta er sonur Týs 02-929. Hjá Bjálka 07-426 er heldur meira af yfirburðunum sóttir í ómmælingaþátt rannsóknarinnar en lömbin undan honum eru ákaflega vel gerð. Þetta er sonur Rafts 05-966.

Háholt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Tvistur	05-770	Ás	04-753	91,1	105,9	98,5	17,5	10,3	7,5	29,8	2,3	17,4
Pinni	08-045	Klaki	07-024	110,0	107,9	109,0	17,2	10,1	6,7	29,7	2,2	17,6
Fálki	08-046	Örn	06-791	117,7	147,1	132,4	17,5	10,3	6,7	32,1	1,9	17,6
Kostur	08-048	Smellur	07-023	78,9	54,9	66,9	16,7	9,0	6,9	27,7	2,0	17,0
Spotti	08-049	Kveikur	05-965	90,2	113,5	101,9	17,6	10,2	7,4	29,7	1,9	17,4

Fálki 08-046 á hér lambahóp sem sýnir feikilega mikla yfirburði einkum er það bakvöðvaþykktin sem er afgerandi en vöðvafylling öll mjög góð Faðir hans er Örn 06-791 en Fálki er dóttursonur Kjalvars 02-943.

Stíflisdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dropi	07-002	Cat	04-992	134,1	150,6	142,4	14,5	9,7	5,2	28,0	2,5	17,1
	08-010	Cat	04-992	91,2	125,1	108,1	15,6	9,9	5,9	27,7	3,0	17,3
	08-009	Kveikur	05-965	87,6	124,6	106,1	15,2	9,6	6,0	27,6	2,6	17,1
	09-016	Gráni	03-957	93,8	117,6	105,7	14,9	9,6	6,0	27,1	2,5	16,6
	07-006	Mókollur	03-978	126,2	76,2	101,2	13,5	8,6	5,0	25,2	2,8	16,6
	09-014	Krókur	05-803	105,3	94,7	100,0	13,9	8,7	5,4	25,9	2,4	16,9
	09-012	Raftur	05-966	92,6	97,0	94,8	14,4	9,0	5,7	26,4	2,9	16,8
	09-013	Raftur	05-966	99,0	73,5	86,3	14,2	8,4	5,2	25,3	2,6	16,4
	09-015	Lundi	03-945	82,3	50,4	66,3	14,2	8,0	5,4	24,6	2,8	16,6

Dropi 07-002 hefur verið á toppi í þessum rannsóknum haustin 2008 og 2009 og heldur því sæti enn á mjög afgerandi hátt. Yfirburðir lambanna undan honum með vöðvafyllingu og litla fitu eru gríðarlega miklir. Þessi hrútur er fenginn frá Efri-Hólum í Núpasveit undan Cat 04-992 árið sem hann var í notkun þar (Presthólum) vegna stóra rannsóknarinnar fyrir sæðingastöðvarnar.

Brúsastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	06-316	Oddur	02-942	83,3	83,9	83,6	13,7	7,6	5,9	23,5	2,5	16,2
	07-321	Gaddur	04-950	95,1	110,7	102,9	13,9	8,1	5,9	24,8	2,6	16,9
Tígull	08-323	Gunn	07-135	134,2	127,0	130,6	14,8	9,5	5,7	25,0	2,2	16,8
Freki	08-325	Kveikur	05-965	102,7	64,0	83,4	14,7	7,5	5,3	23,0	2,4	16,2
Grand	09-328		06-316	99,8	119,5	109,7	13,7	7,7	5,5	25,2	2,6	16,6

Yfirburðir hér fyrri lömbin undan Tígli 08-323 eru ákaflega afgerandi, þau sýna gríðarlega yfirburði í mati fyrir gerð í kjötmatinu. Þessi hrútur er frá Heiðarbæ 1 og mikið af Hestsfé en faðir hans Robbi Gunn 07-135 og móðurfaðir Týr 02-132.

Austurey

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hr. Gráni	05-015	Grímur	01-928	90,1	63,6	76,9	15,3	6,5	4,2	24,1	2,4	16,4
Api	07-011	Papi	04-964	99,0	81,5	90,3	13,3	8,1	5,2	25,0	2,3	16,8
Guðni	07-020	Raftur	05-966	97,4	98,2	97,8	14,1	8,4	5,6	25,9	2,0	16,6
Trausti	08-013	Cat	04-992	121,8	148,7	135,3	11,5	10,0	5,8	28,4	2,4	17,1

Rannsókn þessi er mjög takmörkuð að umfangi en yfirburðir í kjötgæðum gríðarlega afgerandi hjá lömbunum undan Trausta 08-013 en þungasamanburður þeim hins vegar verulega í óhag. Trausti er sonur Cat 04-992 en dóttursonur Krafts 01-043 sem var sonur Lækjar 97-843 og að lokum birtist Kúnni 94-997 sem móðurmóðurfaðir Trausta.

Haukholt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hafur	07-007	Spotti	05-751	85,2	101,9	93,6	17,0	9,9	7,4	26,4	2,5	17,1
Kaðall	08-001	Þráður	06-996	101,5	100,0	100,8	15,5	8,4	5,9	26,1	2,3	17,1
Hálmur	08-005	Fróði	04-963	93,0	103,4	98,2	16,0	8,9	6,5	26,4	2,7	17,2
Toppur	09-008	At	06-806	110,5	94,0	102,3	16,9	9,6	6,4	26,2	2,7	16,9
Hnappur	09-009	Krókur	05-803	100,7	82,8	91,8	15,9	8,5	6,0	25,4	2,2	16,8

Í þessari rannsókn sem er fremur takmörkuð að umfangi er vart hægt að greina nokkra skýra yfirburði hjá neinum af lambahópunum.

Hamrar 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	05-153	Grímur	01-928	84,9	101,9	93,4	16,9	8,6	7,3	27,0	2,5	17,1
	05-154	Grímur	01-928	85,1	103,9	94,5	15,9	8,9	7,3	27,2	2,5	17,0
Stubbur	06-112	Mímir	04-951	82,1	89,0	85,6	16,0	8,1	6,9	26,7	2,7	17,0
Þór	06-165	Toppur	00-926	99,8	58,5	79,2	16,1	8,7	6,8	25,9	3,0	16,8
Sveinn	07-055	Séra	06-208	136,9	104,8	120,9	15,8	9,7	6,3	27,2	2,5	17,1
Garpur	08-151	Bjálki	06-995	113,2	106,3	109,8	17,4	9,0	6,8	27,1	2,4	17,3
Dugur	08-153	Bjálki	06-995	104,4	126,3	115,4	16,5	8,4	6,5	28,5	2,8	17,2

Sveinn 07-055 sýndi mikla yfirburði haustið 2009 og gerir það áfram núna. Einkanlega eru yfirburðir hjá honum í kjötmatinu feikilega miklir en þungasamanburður lambanna er eins og á síðasta frekar óhagstæður. Þessi hrútur er fenginn norðan úr Sveinungsvík og er Séra 06-208 faðir hans en Áki 04-533 á Snartarstöðum er móðurfaðir hans. Dugur 08-153 sýnir góða yfirburði en að langmestu leyti eru þeir tilkomnir vegna góðar bakvöðvamælinga en þessi hrútur er sonur Bjálka 06-995.

Heiðarbær 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Robbi Gunn	07-135	Gunnar	04-106	114,6	106,8	110,7	15,5	8,6	5,6	27,1	2,3	17,2
Hemmi Gunn	07-136	Gunnar	04-106	94,9	113,2	104,1	16,3	8,6	6,3	27,6	2,3	17,1
Lási	07-145	Lykill	03-977	65,2	78,2	71,7	17,6	9,4	8,4	25,9	3,1	16,8
Íri	08-164	Papi	04-964	150,3	120,9	135,6	15,6	10,1	5,9	28,1	2,4	17,4
Ármann	08-169	Þorleiku	05-134	126,9	111,6	119,3	15,3	9,4	5,9	27,9	3,1	17,7
Snorri	08-170	Kveikur	05-965	90,9	122,6	106,8	16,4	8,7	6,5	27,3	2,1	17,1
Cesar	08-173		07-143	124,2	112,8	118,5	15,6	9,4	6,0	27,4	2,4	17,5
Seifur	08-174	Kveldúlfur	06-142	72,7	21,3	47,0	17,0	8,3	7,6	22,9	3,0	16,5
Jóni	09-132	Kveikur	05-965	87,7	124,2	106,0	17,2	9,0	6,9	27,4	2,2	17,4
Friðrik krónprins	09-133	Púki	06-807	90,5	79,5	85,0	14,8	8,1	6,0	26,0	2,6	17,1
Grettir	09-134	Púki	06-807	68,4	66,6	67,5	16,0	8,2	6,7	25,9	2,5	17,0
Kraftur	09-135	Raftur	05-966	105,0	109,3	107,2	16,2	9,4	6,7	27,3	2,4	17,2
Kjaftur	09-136	Raftur	05-966	121,9	112,5	117,2	16,6	10,0	6,6	27,6	2,6	17,3
Gottlieb	09-137	Gotti	05-804	124,1	113,8	119,0	16,7	9,9	6,4	27,4	2,6	17,2
Skarfur	09-138	Lundi	03-945	90,1	106,7	98,4	16,5	9,4	7,3	27,3	2,7	17,4
Feigur	09-139	Lómsson	07-141	80,9	86,9	83,9	16,2	8,1	6,4	26,3	2,5	17,2

Hér er eins og oft áður stór rannsókn og verulegur munur kemur fram á milli afkvæmahópanna. Íri 08-164 gaf mjög góða niðurstöður í rannsókninni haustið 2009 en nú bætir hann um enn betur og sérstaklega eru kjötmatniðurstöðurnar glæsilegar og fitumatið enn jákvæðara en þá. Þessi hrútur er sonur Papa 04-964 en móðurfaðir hans er Tímon 00-901. Ármann 08-169 er með hóp sem bæði sýnir gott kjötmat og góð lærahold hjá lömbunum en þungasamanburður er þeim heldur í óhag. Hann er sonur Þorleiks 05-134 en móðurfaðir hans Jónatan 01-108 og Ljóri 95-828 birtist hér sem móðurmóðurfaðir. Cesar 08-173 er með lambahóp mjög jafnan að kostum en faðir hans 07-143 var sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir Þorvaldur 04-111. Hjá veturgömlu hrútunum bera af lambahópar undan Kjafti 09-136 og Gottlieb 09-137. Lömbin undan Kjafi sýna mjög gott kjötmat enda vel gerð en hann er undan Rafti 05-966 en dóttursonur Kjartans 05-135 og Stapi 98-866 kemur hér sem móðurmóðurfaðir. Gottlieb gefur einnig prýðisgóðar kjötmatniðurstöður en hann er sonur Gotta 05-804 en dóttursonur Týs 02-132.

Gýgjarhólskot

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kollur	07-231	Lundi	03-945	115,5	111,2	113,4	21,1	10,9	8,2	30,4	3,0	17,4
Björgólfur	08-237	Kveikur	05-965	113,5	134,6	124,1	21,6	10,7	8,1	31,8	2,7	17,3
Amlóði	09-240	Raftur	05-966	92,5	102,2	97,4	23,6	11,1	9,0	29,9	2,8	17,5
Hornljótur	09-242	Gotti	05-804	113,6	78,7	96,2	21,9	11,0	8,3	29,2	3,4	17,5
Rósinkrans	09-243	Kollur	07-231	86,9	89,7	88,3	22,3	9,5	8,1	29,5	3,0	17,2
Lappaskakkur	09-244	Horni	07-233	86,2	80,1	83,2	21,5	10,1	8,5	28,8	3,0	17,5

Proski og vænleiki lambanna í þessari rannsókn er með eindæmum eins og sjá má á töflunni. Tveir afkvæmahópar bera verulega af hinum. Björgólfur 08-237 gefur öðru fremur gríðarlega mikla yfirburði í bakvöðvamælingu lambanna en þetta er sonur Kveiks 05-965 en móðir hans fjárskiptaær frá Smáhömrum undan Bjarti 05-536 sem var þar þekktur fyrir nokkrum árum sem einstök kjötgæðakind og Mjaldur 93-985 er móðurmóðurfaðir Björgólfs. Kollur 07-231 sýndi mikla yfirburði veturgamall haustið 2008 í rannsókninni þá og staðfestir þá aftur núna en þetta er greinilega rakin kjötgæðakind. Hann er undan Lunda 03-945 en móðir hans fjárskiptaær frá Húsavík undan Káti 05-580 og Kollur þannig blanda af hyrndu og kollóttu fé.

Eyvík

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sopi	04-219	Dreitill	00-891	106,0	111,0	108,5	13,3	7,4	5,0	25,5	1,9	16,4
Leiri	07-214	Skari	03-525	114,0	131,7	122,9	13,7	8,0	5,1	26,0	1,7	17,0
Jökull	07-216			90,0	95,2	92,6	14,1	6,7	5,0	24,4	1,6	16,3
Nóri	07-217	Lykill	03-977	88,6	104,6	96,6	13,0	6,9	5,2	25,1	1,9	16,5
Vandráður	07-220	Bobbi	04-962	112,1	81,9	97,0	13,5	7,3	4,7	23,8	1,7	16,3
Fjalar	08-192	Olli	06-985	98,9	78,8	88,9	13,7	7,1	5,0	24,0	2,0	16,5

Haustið 2009 gaf Leiri 07-214 einhverjar mest afgerandi niðurstöður í rannsóknunum það árið og segja má að rannsóknin núna sé einnig eins hrúts rannsókn vegna lambanna undan honum en áfram eru yfirburðir afgerandi um báða þætti rannsóknarinnar. Þessi snillingur kom norðan frá Leirhöfn og er faðir hans Skari 03-525 en Barki 00-365 er móðurfaðir hans en það var einn af sonum Túla 98-858 frá því hann var á sínu heimabúi.